




Steindi
gerir „gay“
vampírumynd



Sjálfsfróun
Íslendinga
notuð í
svikamyllu



HÆTTULEGT BANDALAG
KYNSVELTRA KARLA

Upphefja barnanið og
vilja lögleiða nauðgun

13. SEPTEMBER 2019 / 37. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV



ÍSLAM ER ÞAÐ
RÉTTA FYRIR MIG

■ Ástrún er múslimi ■ Ber ekki slæðu vegna fordóma
■ „Venjulegir múslimar styðja ekki ISIS“



Viktor
áreittur
HOMMAR ERU „HATERS“

ALLT FYRIR
BÍLINN

kynningarblað fylgir DV í dag

DV



Barnabílstólar í úrvali
RECARO

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is





Á þessum degi, 13. september



Bandaríkjamaðurinn Henry H. Bliss fæddist 13. júní, 1830, og dó þann 14. september, 1899. Bliss höndlaði með lóðir og byggingar í New York-borg, en í sjálfu sér segir fátt af viðskiptum hans á því sviði. Bliss nýtur aftur á móti þess vafasama heiðurs að hafa verið fyrsti einstaklingurinn í Bandaríkjunum sem missti lífið vegna bílslyss, sem átti sér stað daginn áður.

Þann 13. september, 1999, var settur upp skjöldur til minningar um þennan atburð, á þeim stað sem slysið varð. Á skildinum segir: „Hér á mótum West 74. Street og Central Park West steig Henry H. Bliss af sporvagni og beint í veg fyrir leigubifreið, að kvöldi 13. september, 1899, og lá meðvitundarlaus eftir. Þegar hr. Bliss, sem var fasteignahöndlari, lést af áverkum sínum næsta morgun, varð hann fyrsta fórnarlamb bílslyss á vesturhveli jarðar.“

Viðstödd athöfnina var barnabarnabarn Henry H. Bliss. Hún lagði rósir á staðinn þar sem ekið var á langalangafa hennar. Þess má geta að bílstjóri leigubílsins, Arthur Smith, var handtekinn og kærður fyrir manndráp en síðan sýknaður enda deginum ljósara að ekki var um viljaverk að ræða. Farþeginn í bílnum var dr. David Edison, sonur fyrrverandi borgarstjóra New York, Franklins Edison. Í öðrum fréttum af Bliss má minnast á að réttað var yfir stjúpdóttur hans, Mary Alice Livingston, en hún var ákærð fyrir að hafa myrt móður sína, fyrrverandi eiginkonu Bliss. Mary Alice var sýknuð.



HATURSFULLIR HOMMAR

■ Viktor fær ljót skilaboð um útlit sitt nær daglega
■ Flest þeirra koma frá samkynhneigðum karlmönnum

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Viktor Andersen er kunnugur mörgum Íslendingum en hann hefur verið mjög opinskár varðandi þær fegrunaraðgerðir sem hann hefur gengist undir. Hann ræddi um fegrunaraðgerðir ásamt Öldu Coco í Föstudagsþættinum Fókus í mars á þessu ári. Viktor opnaði sig í Instagram Story í vikunni um ljót skilaboð sem hann fær varðandi útlit sitt. Hann sagði skilaboðin koma frá öðrum samkynhneigðum karlmönnum. „Hommar ... mestu ‚haters ever‘“ skrifaði hann.

„Ég fæ svona skilaboð nær einungis frá öðrum homnum. Ég fæ eiginlega aldrei svona athugasemdir frá öðrum hópum. Það sem ég póstaði í Instagram Story í gær er eitthvað sem ég er að upplifa nær daglega inni á Grindr, sem er stefnumótasíða homma,“ segir Viktor í samtali við DV.

„Þá er ég að fá skilaboð, nær oftast frá nafnlausum fólki með myndalæsa prófíla, sem eru að setja út á útlit mitt því ég er búinn að gangast undir nokkrar fegrunaraðgerðir,“ segir Viktor.

Það er ekki einungis á Grindr sem Viktor segist upplifa neikvætt viðmót frá öðrum samkynhneigðum karlmönnum.

„Eins og ég sagði í gær, þá finnst mér hommar algjörir ‚haters‘ en ég er auðvitað ekki að alhæfa. Ég hef líka fengið jákvæð skilaboð frá mörgum. En það hafa aðrir samkynhneigðir karlmenn sagt við mig að þeir séu að upplifa það sama og ég og eiga ekki marga vini innan þessa samfélags. Það er stór ástæða fyrir því að ég get talið samkynhneigða vini mína á fingrum mér,“ segir Viktor.

„Ég hef aldrei einhvern veginn upplifað mig sem hluta af þessu samfélagi, ef svo að orði má kom-

ast, ég veit svo sem ekki af hvaða ástæðu það er. En þetta ‚hate‘ sem ég er að fá er aðallega út af útliti mínu. Ég er auðvitað ekki að segja að ég sé fullkominn, en ég gef öllum séns og reyni eftir fremsta megni að koma fram við aðra eins og ég vil láta koma fram við mig.“

Hvað viltu segja við þá sem hafa álit á því hvernig þú lítur út?

„Ég ætla bara að halda áfram að vera samkvæmur sjálfum mér og ber höfuðið hátt á þeirri leið sem mig langar að fara og geri það sem ég vil. Skítt með alla aðra,“ segir Viktor.

„Ég veit bara ekki af hverju sumir gefa sér þetta skotlefyfi og eru að koma með einhver óþarfa komment. Maður gerir þetta fyrir sig. Mér finnst ótrúlega fyndið að fólki finnst það vera knúsið til að segja eitthvað. Það er ekki eins og þetta sé að hafa bein áhrif á þau eða einhverja aðra. Myndu þeir segja eitthvað ef þeir mættu mér úti á götu í stað þess að vera á bak við nafnlausan prófíl á Grindr?“

Viktor fær mestmegnis skilaboð á Grindr, en hann segir fólk finna aðrar leiðir til að tjá sig um útlit hans.

„Vínir mínir hafa fengið skilaboð, frá samkynhneigðum aðallega, á Instagram um af hverju ég er að þessu og ef þeir séu vínir mínir þá ættu þeir að segja mér að hætta þessu. Sem betur fer á ég bestu vini í heimi sem taka mér eins og ég er og leyfa mér að vera eins og ég er og svara þeim fyrir mig.“

Þrátt fyrir að fá neikvæð skilaboð nánast daglega lætur Viktor það ekki á sig fá.

„Ég hef þurft að þola ýmisleg komment í gegnum tíðina og það þarf meira en þetta til að koma mér úr jafnvægi,“ segir hann.

„Maður þarf bara að svara fyrir sig fullum hálsi og þá oftast þaggar maður niður í öðrum. Það þýðir ekkert annað. Maður verður að berjast.“ ■



5 mikilvægar stundir þar sem Katrín Jakobsdóttir valdi blátt

Já, forseti

Katrín mætti í bláu pílsí þegar hún sótti Bessastaði heim í nóvember árið 2011 og freistaði þess að fá stjórnarmyndunarumboð frá herra Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands. Það gekk svona líka vel og spurning hvort blái liturinn hafi spilað þar inn í.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefur verið á ferð og flugi síðan hún tók við embætti, enda mæðir mikið á forsætisráðherra. Blátt virðist vera hennar helsti litur á mikilvægum stundum, en sá litur táknar trygglýndi og er talinn vera sá besti til að ná sínu fram á erfiðum fundum. Þá er blár einnig talinn róandi litur.



Umdeildur gestur

Þótt tíminn væri naumur og örlogin drægju þau ekki beint saman þá náði Katrín að funda með Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna, þegar hann stoppaði stutt, en eftirminnilega, við, á Íslandi fyrir stuttu. Katrín klæddist klassískum og klæðilegum bláum kjól við tilefnið.

Kósi með kanstaranum

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sótti Ísland heim fyrir stuttu. Katrín lósaði hana um eins og henni einni er lagið, en þegar komið var að því að ræða málin í ráðherra-bústaðnum var Katrín í fallega bláum kjól. Ræddu stjórnmalastöllum meðal annars um loftslagsmál, stöðu stjórnmalanna í Evrópu, þróun efnahagsmála og jafnréttismál.



Sami kjóll

Blái kjóllinn sló greinilega í gegn hjá Angelu Merkel því Katrín klæddist honum aftur í síðustu viku þegar Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir tók formlega við embætti dómsmálaráðherra á Bessastöðum.

Aftur sami kjóll

Á miðvikudagskvöldið var síðan komið að stefnuræðu forsætisráðherra og víti menn – Katrín valdi aftur sama fagurbláa kjólinn og hún klæddist þegar hún hitti Angelu Merkel og þegar Áslaug Arna tók við embætti. Lukkukjóll?



LAKRO 1000

Er gegndreypiefnið hefur verið notað á Íslandi frá því um aldamótin síðustu og það má með sannri segja að LAKRO 1000 hafi slegið rækilega í gegn á þeim árum sem það hefur verið á íslenskum markaði.


Rykbindir, þéttir og styrkir gólf á iðnaðarhúsum og bílastæðum með því að bindast steypunni

LAKRO helst í gólfinu og endist líftíma steypunnar

NAGLADEKKIN

EKKERT VANDAMÁL - GÓLFIÐ VERÐUR HART SEM STÁL

Lakro fimmfaldar slitþolið og gólfið verður hart sem stál



[harka\(hja\)harka.is](mailto:harka(hja)harka.is), S: 898-4880,

HARKA

Hver er hún



Hún er fædd 8. febrúar árið 1977.

Hún er tónlistarkona og á ekki langt að sækja hæfileikana.

Hún gaf út sína fyrstu plötu árið 2001 og hefur vakið mikla lukku með hljómveitunum Steed Lord og Blissfull.

Hún hefur verið búsett í Los Angeles í tæpan áratug.

Hún gerði samning í fyrra við útgáfurisann Sony um dreifingu á nýrri plötu.

SVAR: SYVALA BJÖRGVINSDÓTTIR

Það er staðreynd að...



Á undanföllum árum hafa fleiri látist við að taka sjálfsmyndir en af völdum hákarlaárása.



Forn-egyptískir prestar plokkuðu öll hárf af líkamanum, líka augnbrúnirnar og augnhárin.



Hóll er algengasta bæjarnafn á Íslandi, 31 bær ber það. Á eftir koma Hvammur og Bakki.



Stærsti heili í dýrarákinu er heili búrhvalisins en hann vegur hátt í 8 kíló.

Netþrjótar kúga Íslendinga með klámi

Netglæpir mismunandi eftir árstíðum ■ Hótað að birta myndbönd af einstaklingum að fróa sér ■ „Rómantísk-svik“ algeng

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Netglæpir hafa aukist mjög á heimsvísu og hér á landi fær lögregla talsvert af slíkum málum inn á sitt borð. Þórir Ingvarsson, lögreglufultrúi hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir glæpina viðvarandi og birtingarmyndir þeirra fjölbreyttar. „Við sjáum töluvert af netglæpum, en leiðirnar sem eru notaðar eru mismunandi eftir árstíðum. Í sumar er mikið um glæpi tengda leiguíbúðum en ég reikna með að þeim fari fækkandi á næstu vikum. Talsvert er um að fólk fái tölvupóst eða skilaboð á Facebook þar sem viðkomandi einstaklingi er sendur póstur. Hann er settur þannig upp að sendandi segist hafa undir höndum myndband, tekið úr tölvu eða snjallsíma og viðkomandi hafi þá verið inni á klámsíðu og hafi verið að fróa sér. Manneskjunni eru þá settir afarkostir; að leggja inn tiltekna upphæð því annars fari myndbandið í almenna dreifingu. Þetta er ákveðin tegund af svindli sem hefur gengið í áratugi, en mikilvægt er að fólk átti sig á að svikarappur hafa ekki aðgang að myndavélum fólks nema það hafi sjálft samþykkt það.“

Þórir segir einnig að netglæpamenn svífst einskis og hiki ekki við að spila inn á tilfinningar fólks.

„Eflaust verða margir hræddir um slíkar myndbirtingar en það sanna er að þessir óþrúttu einstaklingar hafa ekkert undir höndum. Við vitum hins vegar ekki hversu margir falla fyrir slíku, en kannski leita þeir sem verst fara aldrei til lögreglunnar. Við sjáum töluvert um þessa glæpi en

Aldrei er góð vísa of oft kveðin Lögreglan biður fólk að vera á varðbergi gagnvart tölvubrjótum.



Markmiðið er alltaf það sama: að kúga fé út úr fólki.

þeir birtast í líka í alls konar öðrum formum. Svikatilraunir hafa alltaf fylgt okkur og eru í grunninn alltaf mjög svipaðar. Svokölluð „rómantísk-svik“ eru líka töluvert algeng þar sem óþrúttir einstaklingar stofna til gerviaðganga og senda vinabeidnir á ókunnugt fólk í gegnum Facebook. Markmiðið er alltaf það sama: að kúga fé út úr fólki. Annars er hægt að sjá svona svikatilraunir með ótrúlega mörgum leiðum og ólíku yfirbragði.“

Mikilvægt að vera gagnrýnin á þau gögn sem berast

Þórir segir engan einn þjóðfélagsþóp líklegri en annan til að verða fyrir barðinu á netglæpastarfsemi. „Svik sem þessi fylgja netinu og því er enginn sérstakur hópur sem herjað er á heldur allir sem hafa ýmist tölvupóst eða aðgang á Facebook. Með öðrum orðum, um það bil allir. Og þetta á auðvitað líka við þegar kemur að alls konar fyrirtækjum sem mörg hver hafa lent illa í því.“

Spurður hvort hann telji ákveðinn hóp líklegri til að glepjust en annan vefst Þóri tunga um tönn enda sé erfitt að áætla slíkt út frá tilfinningu. „Við þyrftum í raun að gera línulega rannsókn um það en auðvitað óttast maður mest um þá sem hafa ekki mikla þekkingu á internetinu. Ég held þó að það geti verið hver sem er og á hvaða aldri sem er. Mín ráð eru fyrst og fremst þau að brýna fyrir fólki mikilvægi þess að vera vakandi fyrir öllu svona og gæta þess að vera gagnrýnið á þau gögn sem berast. Leggja alls ekki inn peninga á einhvern reikning nema að vel ígrunduðu máli og ef það á að greiða fjármuni að greiða þá með viðurkenndum leiðum. Mikil af svikum tengdum leiguíbúðum ganga einmitt út á þetta og þá er lyklatríði að greiða aldrei utan hefðbundinna greiðsluleiða heldur nota viðurkenndar aðgerðir til þess. Í fæstum tilfellum er verið að finna upp hjólið heldur halda þessir þrjótar sig við þær leiðir sem hafa virkað nú þegar.“

Alltaf einhverjir sem láta blekkjast og borga

Spurður hvernig gangi að hafa hendur í hári svikahrappa segir Þórir að í langflestum tilfellum sé um erlenda einstaklinga að ræða, einkum og sér í lagi frá löndum sem erfitt sé að nálgast upplýsingar frá. „Fólk leitar talsvert til okkar, bæði til þess að fá upplýsingar eða leita ráða varðandi áhyggjur sínar. Svo eru alltaf einhverjir sem hafa látið blekkjast og borgað, þeir koma þá til okkar og vilja kæra, það er allur gangur á þessu.“

En hvað er fólk að greiða háar upphæðir? „Það getur líka verið mjög misjafnt, alveg frá því að vera tiltölulega lágar fjárhæðir yfir í gríðarlega háar og allt þar á milli. Það er auðvitað ekki okkar að meta hversu varanleg áhrif svona lagað getur haft á líðan fólks, en eins og með öll brot sem fólk verður fyrir hafa þau alltaf einhver áhrif.“ ■

Lilja „nagli“ Alfredsdóttir



Svarthöfði

Lilja Alfredsdóttir varpaði sprengju á dögnum, sprengju sem Svarthöfði var búinn að bíða óþrejufullur eftir. RÚV af auglýsingamarkaði. Var þetta í alvörunni satt? Svarthöfði þurfti að margsmella á fréttir af þessum tíðindum og flakkaði á milli virtustu vefmiðla landsins til að athuga hvort þetta væri ekki örugglega satt.

Eins og óður maður hrópaði Svarthöfði upp svo skalf í trébitunum í loftinu þegar hann komst að raun um að þetta væri satt. Lilja „nagli“ Alfredsdóttir ætlaði að gera það sem hefur verið karpað um svo lengi sem elstu menn muna. Svarthöfði hélt að það næðist almenn og breið sátt um þessar pælingar sem hafa verið svo lengi í farvatninu. Annad kom hins vegar á daginn.

Allt í einu poppuðu upp gelleiddir auglýsingagerðarmenn

í flauelsjökkum og kveinkuðu sér mjög yfir fregnumum. Þessi aðgerð Lilju myndi þýða fall íslenskrar kvikmyndagerðar, þar sem svo margir kvikmyndagerðarmenn drýgja tekjurnar með auglýsingagerð. Það væri auðvitað ekki hægt að birta dýrar og fínar auglýsingar nema á RÚV. Nú spyr Svarthöfði eins og algjört flón: Hvar voru þessar gagnrýnisráddir í öll þessi ár sem talað hefur verið um að taka RÚV af auglýsingamarkaði. Það eru ekki eins og þetta séu nýjar fréttir. Getur verið að þessi bomba Lilju hafi verið gullið tækifæri fyrir auglýsingastofumógúla til að halda sér í umræðunni í skugga uppsagna og taprekstrar íslenskra auglýsingastofa? Svarthöfði spyr sig.

Aðrar raddir sem Svarthöfði finnst svolítið kostulegar eru þær sem halda því fram að RÚV tapi sjálfstæði sínu ef stofnunin er tekin af auglýsingamarkaði. Sama fólk kvartar yfir einkareknum fjölmiðlum og þeirra

meinta ósjálfstæði sem sé ofurselt fjármagnsöflum. Hvaða endemis bull er þetta? Þeir sem þekkja fjölmiðlaumhverfi vita hve heftandi það getur verið, ef eigendur eru þöngulhausar, að vera á auglýsingamarkaði. Og þeir sem þekkja fyrrneft umhverfi vita að ríkissjónvörp í löndunum í kringum okkur eru einmitt ekki á auglýsingamarkaði til að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Svarthöfði horfir reyndar lítið á RÚV þar sem hann er lítið fyrir símfóniútonleika, heilalausa spurningaleiki um mál- og far og

fréttir af tveimur frænkum á Súgandafirði sem fundu sjaldgæfa skel í fjörunni. Svarthöfði telur að dagskrá RÚV geti ekki orðið mikið verri og telur það frábæra hugmynd að taka stofnunina af auglýsingamarkaði. Þá myndu stjórnendur kannski hugsa sig tvisvar um áður en þeir eyða almannafé í vitleysu og búa til alvöru gæðafni. ■



Haustvörurnar eru komnar



gæludýr.is

Góðærisballið er búíð

■ Ofurbjartsýni ríkir í fjárlögum ■ Kirkjan græðir á dularfullu samkomulagi
■ Sultarólin hert í velferðarkerfinu

Erla Dóra
erladora@dv.is



Helsta fréttæfni vikunnar sem leið er án efa frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga 2020. Eins og tíðkast með slík frumvörp eru ekki allir á eitt sáttir með áform ríkisvaldsins til ráðstöfunar almannaþingar á komandi ári. Blaðamaður tók saman helstu þætti frumvarpsins sem til umræðu hafa verið.

Skattalækkun

Skattar á tekjur undir 325 þúsundum á mánuði verða lækkaðir. Komið verður á nýju lágtækjuskattþrepi sem verður 35,04 prósent launa á næsta ári en lækkar svo enn frekar árið 2021 og verður 31,44 prósent. Á móti mun næsta skattþrep fyrir ofan hækka upp í 37,19 prósent og verður 37,94 prósent árið 2012. Persónuafslátturinn verður lækkaður lítillega en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu mun hann nú taka breytingum í samræmi við verðbólgu og framleiðni aukningu vinnuafsl.

Velferðarkerfið

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 0,5 prósentu aðhalds-kröfu á rekstur sjúkrahúsa á Íslandi. Þetta finnst mörgum skjóta skökku við í ljósi þess að Landspítali hefur verið rekinn með miklum halla. Hallinn á þessu ári er áætlaður um

4,5 milljarðar. Aukin framlög til sjúkrahússþjónustu skrifast næstum alfarið á launahækkunir og framlög til byggingu nýs Landspítala. Landspítalinn þarf því að herða sultarólinu töluvert til að halda sig innan ramma árið 2020. Í fjárlagafrumvarpi er einnig víkið að undirbúningi aðgerða sem miði að því að bæta mönnun í hjúkrun, en ekki er gert ráð fyrir eiginlegum aðgerðum í þeim málum. Framlag ríkisstjórnarinnar vegna verkefna í tengslum við stefnu- og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum er áætlað 100 milljónir fyrir 2020. Til sam-
anburðar var sama framlag 650 milljónir króna í fjárlögum 2019.

Um 88 milljónum króna verður veitt til Sjúkratrygginga fyrir samninga um heilbrigðisþjónustu við fanga, en jafnframt er gert ráð fyrir að geðheilbrigðismál fanga verði tekin til skoðunar. Þetta er áhugavert í ljósi þess að framlagðar þingsályktunartillögur um aðgerðir varðandi geðheilbrigðismál fanga hafa ítrekað dagað uppi á þingi eða í nefnd. Samkvæmt upplýsingum frá Helgu Völu Helgadóttur, þingmanni Samfylkingarinnar, hyggst hún leggja fram tillöguna að nýju á nýju þingi.

Samgöngumál

Samgöngumál eru í forgangi fjárlagafrumvarpsins. Þar er talað um stórauknar fjárfestingar í málaflokknum og



nema framlög til fjárfestinga 28 milljörðum króna. Boðuð hefur verið stórsókn í vegamálum með aukinni uppbyggingu og viðhaldi vega. Einnig stendur til að jafna aðgengi að þjónustu fyrir íbúa landsbyggðarinnar með kostnaðarþáttöku hins opinbera í innanlandsflugi. Áætluð framlög til samgangna eru tæpum 5 milljörðum hærri fyrir árið 2020 en 2019.

Löggæsla

Fjárlögin gera ráð fyrir fjölgun um einn starfsmann hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæð-

inu. Ekki verður séð nein lausn á því vandamáli sem lögreglan hefur glímt við undanfarin ár vegna fjárskorts og manneklu í þessu frumvarpi.

Trúmál

Framlag til Þjóðkirkjunnar er aukið um 856,9 milljónir til að uppfylla kirkjujarðasamkomulagið svokallaða. Þingmaður Pírata, Björn Leví Gunnarsson, segir engan í raun vita hvaða fasteignir ríkið fékk við gerð samkomulagsins. Formlegum fyrirspurnum hans á Alþingi um málið, hefur ekki verið svarað. Björn segir samkomulag þetta vera skuldbindingu um aldur og ævi og slíkt gangi ekki. Heildarfjármögnun ríkissjóðs í trúmálum nemur rétt tæpum milljarði.

Bjartsýnisspá þrátt fyrir óvissu

„Gæti hagvöxtur ársins 2019, og sér í lagi 2020, reynst lægri en samkvæmt þeirri spá sem liggur til grundvallar frumvarpinu. Meiri líkur eru á því að efnahagshorfur ársins 2020 breytist til verri vegar en að þær batni að ráði,“ segir í frumvarpinu. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að hagvöxtur geti aðeins lækkad, þá er viðmiðunar hagvöxturinn bjartsýnisspá. Hins vegar rekur frumvarpið ýmsa óvissuþætti sem gætu haft neikvæð áhrif á efnahaginn. Óvissuþættir á borð við viðskiptastríð Kína og Bandaríkjanna, Brexit, óvissa um loðnuveiðar, óvissa í ferðaþjónustu á Íslandi eftir áföll 2019, óvissa um þróun atvinnuleysis og gengi krónunnar. Síðan er í frumvarpinu taldar vaxandi líkur á því að eftirspurn helstu viðskiptalanda Íslands fari minnkandi, eða hætti aukast. Þetta muni hafa neikvæð áhrif á efnahag.

Atvinnuleysi

„Aðflutningur erlendra ríkisborgara hefur minnkað frá því

árið 2017, en hann er enn mikill þrátt fyrir að atvinnuleysi þeirra hafi aukist mikið. Erlendir ríkisborgarar eru nú um þriðjungur allra atvinnulausra en um 20% einstaklinga á vinnumarkaði,“ segir í frumvarpinu þar sem bent er á að samhliða auknu atvinnuleysi sé fjöldi fólks á vinnumarkaði samt að aukast. Gert er ráð fyrir 3,8 prósentu atvinnuleysi á næsta ári. Atvinnuleysið er sagt ein ástæða þess að áætluð útgjöld ríkissjóðs verði ríflega 15 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2019. „Þetta skýrist að mestu af auknu af útgjöldum Atvinnuleysis-tryggingasjóðs og Ábyrgðarsjóðs launa í kjölfar áfalla í ferðaþjónustu og kólnunar hagkerfisins.“

Enn sveltur lögreglan og spítalinn

Aðstæður í íslensku þjóðfélagi hafa breyst undanfarid ár. Góðærið er senn á enda. Ríkisstjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir að nýta ekki tímann í uppsveiflunni til að styrkja velferðarmál og nú er svo komið að sjúklingar liggja inni á salernum og göngum Landspítalans eða hírast heima hjá sér mánuðum saman á meðan nöfn þeirra færast hægt upp langan biðlista. Engu að síður er Landspítalinn látinn undirgangast aðhalds-kröfu. Þrátt fyrir að illa gangi að manna Landspítalann, einkum af hjúkrunarfræðingum, virðist helsta áhersla fjárlagafrumvarpsins enn vera bygging nýja Landspítalans. Lögreglan sem lengi hefur verið fjársvelt sér ekki fram á neinar breytingar á næsta ári. Hins vegar þarf Þjóðkirkjan ekki að örvænta og veikir einstaklingar sem ekki geta fengið þjónustu á landssjúkrahúsi sínu geta huggað sig við það að þeir geta líklega ekið um á holulausum legum eftir stóraták ríkisstjórnar í samgöngumálum. ■

Haustvörurnar eru komnar

gæludýr.is
Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun
www.gaeludyr.is



**M
EAT**

REYKJAVÍK

5 RÉTTA VEISLA Á 6.990 KR.-
Komdu og fagnaðu með okkur á
REYKJAVÍK MEAT
1 árs afmælinu okkar
Dagana 5. til 14. september

Sandkorn

Hættulegur biðtími

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, fór mikinn í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra. Meðal þess sem Inga vakti máls á var léleg heilbrigðisþjónusta, en hún lenti í því að dögnum að bíða í 32 mínútur eftir sjúkrabíl uppi í Grafarholti. „Ef hann hefði verið tæpur hefði hann verið löngu dauður,“ sagði Inga um þann sem reiddi sig á svifaseina sjúkrabílinn. Inga lét til sín taka þegar sjúkrabíla-mál á landsbyggðinni voru í ólestri og nú er komið að höfuðborginni. Það er spurning hvort hún nái með rökfestu að ná sínu fram eða hvort þurfi að skrúfa frá tákirtlunum.



Barnalegur Haraldur

Landssamband lögreglumanna (LL) hefur lýst yfir mikilli óánægju með embætti Ríkislögreglustjóra og fagnað ákvörðun dómsmálaráðuneytis um alhliða stjórnsluúttekt á embættið. Embætti Ríkislögreglustjóra hefur ítrekað verið gagnrýnt fyrir hin ýmsu mál. Bílamiðstöðina, fatamál, sérsveitina sem og ráðningar. Má finna fjölda álita umboðsmanns Alþingis um stöðuveitingar innan embættisins þar sem umboðsmaður kemst ítrekað að því að ekki hafi verið farið eftir lögum. Ríkislögreglustjóri er samt gáttaður á yfirlýsingu LL. Enginn í LL hafi haft samband við ríkislögreglustjóra með kvartanir. Þetta svar ríkislögreglustjóra verður að teljast grátbroslegt í ljósi sögunnar. Jafnframt bætti hann við að réttast væri að stjórnsluúttektin yrði framkvæmd um lögreglumál landsins eins og þau leggja sig. Þetta er ákaflega fullorðin leið til að mæta gagnrýni; að þykjast ekkert vita og benda bara á aðra.



Gaman saman Gleðin skín hér úr hverju andliti og allir eru með.

MYND: EYPÓR ÁRNASON

„Við“ og „þau“

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Þegar ég var að alast upp í Breiðholti þá var það kallað gettó. Þar voru villingarnir. Nú held ég reyndar að Breiðholtið hafi ekki verið verri staður en nokkur annar, en það var staðreynd í mínu uppeldi að þá skiptust krakkahópar í „við“ og „þau“. „Við“ stóðum okkur ágætlega í skóla, virtum útivistartímann (svona næstum því alltaf) og komum frá góðum heimilum. „Þau“ byrjuðu ung að drekka, jafnvel áður en aldurinn náði tveggja stafa tölu, reyktu í öllum frímínútum, mættu ekki í skóm í skólann og komu frá brotnum heimilum.

„Þau“ voru krakkarnir sem leiddust út í harðari neyslu, flosn-

uðu upp úr skóla og leituðu í slæman félagsskap. „Við“ fetuðum áfram skólabrautina, fengum okkur vinnu, djömmuðum bara um helgar og eyddum peningunum okkar í vitleysu sem hafði ekki lífshættuleg áhrif á heilsuna. „Við“ vildum ekki vera eins og „þau“.

Í dag eru hins vegar engin „við“ og „þau“. Í dag eru „næstum því allir“ og „nokkrir hinir“. Það er kjarninn í vandanum sem steðjar nú að ungmennum er varðar neyslu á vímuefnum. Það virðast nánast allir prófa, aðgengi að vímuefnum hefur aldrei verið betra og alltof mörg ungmenni hafa týnt lífinu í klær fíkniefnadjöfulsins. Sá djöfull spyr ekki um stöðu. „Næstum því allir“ koma frá alls konar heimilum, úr alls konar aðstæðum, eiga alls konar fjölskyldu, stunda íþróttir, eða ekki, eru í vinnu, eða ekki.

Eitthvað hafa verið skiptar

skaðanir í vikunni um hvernig best sé að haga forvarnarstarfi. Hvernig sé best að tala við unglunga um þessi alvarlegu mál. Sumir segja að unglingar þurfi alls ekki að heyra reynslusögur fíkla. Aðrir segja að það megi alls ekki segja þeim hvernig skaðlegustu efnin líta út. Svo eru það þeir sem segja að forvarnir eigi að snúast um að láta börnum líða vel og styrkja þau. Ekki koma þeim úr jafnvægi. Ekki sjokkera.

Ég man þegar ég var að alast upp að þá var svaka spennandi að redda sér símanúmeri hjá landasala, smella einum glænýjum hálsbrjóstsykri í hann til að hressa drykkinn við og hanga úti í sjoppu á hálfgerðu ímyndunarfylleri. Hins vegar hætti ég snarlega við að panta landann eftir sóknarverða þegar að ég heyrði flökkusögu af fólki í Vestmannaeyjum sem hafði drukkið tréspíra,

sem það hélt að væri landi, og orðið blind. Mig langaði alls ekki að vera blind. Því sagði ég nei takk við landanum. Þessi saga hafði samt auðvitað ekki sömu áhrif á alla og það var alltaf brjálað að gera hjá Nonna landasala. Sagan virkaði á mig, en ekki aðra.

Það veldur mér áhyggjum að við séum ekki enn búin að læra það, sérstaklega þegar kemur að skólakerfinu, að það virkar ekki það sama fyrir alla. Má forvarnarstarf ekki bara vera fjölbreytt? Stendur eitthvað í vegi fyrir því að við prófum gjörsamlega allt áður en annað ungmenni týnir lífinu? Það er nokkuð ljóst að við erum að renna út á tíma. Ef við grípum ekki allhressilega í taumana, hvort sem það er sjokkerandi eða krúttlegt pepp, þá breytast þessir „næstum því allir“ einfaldlega í „allir“. ■

Spurning vikunnar

Hvað finnst þér vanta á Íslandi?



„Þetra veður, betri stefnu stjórnvalda í urðunarmálum og fleiri íslenska YouTube-ara.“

Stefán Atli Rúnarsson háskólanemi



„Póstþjónustu.“

Anna Kristín Magnúsdóttir kaupsyslukona



„Háhraða lestakerfi kringum landið með stoppum á helstu stöðum. Myndi stórbæta túrismann og minnka álag á vegakerfið.“

Garðar Gunnlaugsson knattspyrnukappi



„Mér finnst sárvanta Uber eða svipaða þjónustu á Íslandi. Það er ekkert á milli 500 króna strætós og 5.000 króna leigubíls, sem er glatað.“

Atli Óskar Fjaljarsson leikari

glasa 5.-15. september dagar

20-60% afsláttur af öllum glösum




ROSENDAHL
COPENHAGEN


Villeroy & Boch
1748


erik bagger

FREDERIK
BAGGER
COPENHAGEN


HOLME
GAARD
1835

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is

Getur grín haft áh

■ Fannís Birna rannsakaði pólitískt grín á Íslandi ■ „Má gera grín að öllu?“ ■

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Við fengum miklu meiri viðbrögð í denn. En svo þegar samfélagsgerðin einhvern veginn breytist, kannski með farsímum og interneti og öllu slíku, og það einhvern veginn opnast fleiri rásir þá höfðum við minni slagkraft. Samfélagið verður ágengara, það verður harðara og óvægnara. Það verður einhvern veginn bara allt leyfilegt og þá er kannski aðeins minna gaman að lifa.“ Þetta segir Örn Árnason leikari og vísar þar í tíð Spaugstofuþáttanna á RÚV. Örn er einn af viðmælendum Fannísar Birnu Logudóttur í tengslum við BA-ritgerð hennar í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Leitar Fannís Birna þar svara við því hvernig pólitískt grín er gert fyrir heila þjóð og hvort það séu einhverjar reglur í gríni. Þá kannar hún áhrif grínsins á bæði einstaklinga og samfélagið sem heild. Spurningin er: Getur grín haft áhrif á samfélagið?

Í tengslum við rannsóknina tók Fannís Birna viðtöl við fimm landsþekkta grínista; Ara Eldjárn, Önnu Svövu Knútsdóttur og Eddu Björgvinsdóttur, sem öll hafa komið að gerð áramótaskupsins, ásamt Karli Ágústi Úlfssyni og Erni Árnasyni sem voru meðlimir Spaugstofunnar á sínum tíma. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur meðal annars fram að grín þróast samhliða samfélaginu og að það sem er fyndið í dag var kannski engan veginn fyndið hér áður fyrr. Línan er sífellt að verða óljósari og grín að verða beittara.

Allir þeir grínistar sem rætt var við telja að Spaugstofan og áramótaskaupin veiti losun fyrir samfélagið. Hlutverk Spaugstofunnar og áramótaskupsins var, og er enn, að taka fyrir málefni

Spaugstofan.



líðandi stundar og fjalla um þau á skoplegan hátt. Þar sem Spaugstofan hefur aftur á móti lokið göngu sinni hefur samfélagið nú aðeins áramótaskaupið einu sinni á ári til þess að takast á við hin ýmsu málefni. Örn lýsir því að fólk hafi sagt við hann, og aðra meðlimi Spaugstofunnar, eftir að þættirnir runnu sitt skeið, að það sakni þess að Spaugstofan taki mál fyrir.

Grínið breyttist í kreppunni

Í niðurstöðum segir einnig að í kjölfar efnahagshrunsins hafi orðið breyting á því hvernig grín-

inu var beitt. Ari Eldjárn, sem var einn af handritshöfundunum skupsins 2009, lýsir því að árið 2009 hafi verið mikil óvissa og hræðsla í samfélaginu. Margt átti sér stað það ár og það reyndist erfitt að koma öllu inn í áramótaskaupið, enda þurftu þau í raun að taka fyrir hrúnið í heild sinni. Handritshópurinn fór þá leið að gera ekki lítið úr þjóðinni og hegðun hennar, eins og hafði verið í skaupunum árin áður. Í staðinn gerðu þau grín að þeim sem hrundu þessari atburðarás af stað.

Næstum ekkert er heilagt

En má gera grín að öllu? Flestir grínistanna eru sammála um að það væri í raun ekkert sem mætti ekki gera grín að heldur snerist það um að finna rétta leið til þess að gera grín að því. Þá telja þau nauðsynlegt að taka fyrir það sem á sér stað á líðandi stundu. Þá eru þau öll mjög sammála um að það megi og ætti jafnvel að gera grín að stjórnmálamönnum, enda mikið um það í bæði áramótaskaupum og Spaugstofunni.

Til að mynda lýsir Karl Ágúst því að Spaugstofuhópurinn hafi alltaf talið að þeir sem höfðu

verið áberandi í fjölmiðlum „ættu það inni að það yrði gert grín að þeim, sama hvort þeir væru sammála þeim eða ekki.“ Þeir væru búnir að koma sér í þetta hlutverk og þar með væri komið ákveðið skotleyfi á þá. Þrátt fyrir að það geti virkað fjandsamlegt þá lýstu nokkrir viðmælendurnir því að þeir vildu líka að það væri gert grín að þeim, að með því að gert væri grín að þeim væru þeir komnir á einhvern ákveðinn stall.

Skaupið er orðið rammpólitískt

Fram kemur að þegar viðmæl-

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

Áhrif á samfélagið?

Spaugstofan var stjórnarandstaða og Skaupið er rammpólítið



Ari Eldjárn.



Anna Svava Knútsdóttir.

endur voru spurðir hvort að þeir teldu að áramótaskaupið og Spaugstofan væru pólítið og hvort það hefði haft áhrif á samfélagið hafi svörin verið frekar misjöfn.

Þannig lýsir Örn því að Spaugstofan hafi þó alltaf verið ákveðin stjórnarandstaða og tekur Karl Ágúst undir það. Þá segir Karl Ágúst að þátturinn hafi þróaðist þó mjög mikið með samfélaginu og Karl minnst þess að þegar þeir fóru af stað hafi verið mun minna gagnsæi í samfélaginu og því lítið til að gagnrýna, menn vissu einfaldlega ekki betur.

Í niðurstöðunum kemur einnig fram að þegar áramótaskaupið hóf göngu sína árið 1966 hafi það

ekki verið sérstaklega pólítið. Í dag er óhætt að fullyrða að skaupið sé rammpólítið.

„Ég held að allt sé pólítið og ég held að það sé kannski frekar reynt að gæta að því að það sé ekki slagsíða á því. En ég held að það sé bara vitleysa að segja að það sé ópólítið og þegar einhver segir: „Skaupið á ekki að vera pólítið!“ Nú bíddu, á það þá bara, á það þá sem sagt ekki að taka fyrir neitt sem hefur haft einhverja pólítiska umræðu í kringum sig? ... Ég held að fólk sé oft að rugla líka þegar það segir að það á ekki að vera pólítið, ég held að það sé að rugla því saman við að þetta á ekki að

vera flokkapólítið,“ segir Ari Eldjárn.

Anna Svava tekur undir með Ara og telur að áramótaskaupið þurfi að vera pólítið. Edda Björgvinsdóttir, sem hefur tekið þátt í fjölmörgum skaupum segist alltaf talið sitt grín vera pólítið, en að það hafi vissulega tekið breytingum samhliða þróun samfélagsins.

Þá kemur fram að svör grínistanna hafi verið misjöfn þegar spurt var um áhrif grínsins á samfélagið. Aðeins Edda mundi eftir slíku dæmi, en það var eftir áramótaskaupið 1994 þegar þáverandi menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, var tekinn

fyrir. Óvinsældir hans jukust margfalt í kjölfarið og seinna meir sagði hann af sér.

Karl Ágúst hefur vissar efasemdir en ítrekar þó að á líðandi stund geti grín haft einhver áhrif á samfélagið með því að koma ákveðnum málum á dagskrá og vekja athygli á hegðun fólks sem mætti bæta. Grínið hefur einnig áhrif samfélagið með því að hjálpa einstaklingum að takast á við hlutina, en allir viðmælendurnir voru sammála um það.

„Sko, ég held að það hafi kannski haft einhver skammtímaáhrif. Það hefur kannski haft áhrif á hugsanlega álit fólks í einhvern tíma en ég held að, nei ekki þannig í þeim

skilningi að það hafi breytt einhverju, breytt samfélaginu á einhvern hátt. Það held ég alls ekki. Og þótt við ættum þetta 30 ára tímabil og hefðum þá kannski, má kannski segja, ef einhver hefði átt að geta, ef að svona efni getur einhvern tímann breytt einhverju þá hefði það átt að vera okkar efni og þessi hópur. En það kannski bara sýnir okkur það að það er alveg sama hvað listamenn hamast og deila á samfélagið þá til lengri tíma lítið þá sækir allt í sama horfið, það er að segja það endar alltaf með því að það er eins og við höfum aldrei verið hér.“ ■



Skrímsli í Sundhöllinni

Hið árlega og vinsæla sundlaugarbíó RIFF sem alltaf hefur verið uppselt á fer fram í Sundhöllinni í Reykjavík þann 28. september klukkan 19.30.

Á boðstólum verður The Host (Skrímslið, frá 2006), hin fræga skrímslamynd suðurkóreska leikstjórans Bong Joon-ho. Kvikmyndinni verður varpað á tjald í gömlu innilauginni, sem verður hituð upp. Heilmikið havarí verður í öllum krókum og kimum Sundhallarinnar þar sem andrúmsloftið verður tileinkað þessari sérstöku mynd. Fólk getur alveg búist við því að skrímsli troði sér inn í sturtuklefann hjá því, þó aðeins í karlaklefann. En fólk verður að muna eftir sundfötum og handklæði.

Hinn stórkostlegi suðurkóreski leikstjóri Bong Joon-ho, sem stýrir myndinni, vann aðalverðlaun Cannes-hátíðarinnar í vor með myndinni Parasite og verður sú mynd lokamynd RIFF-hátíðarinnar.



www.riff.is

GÓÐ ÞJÓNUM



ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI



INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

**KÍKTU Á KEMI.IS OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**

STA Í 25 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR


Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

SVO ALLT GANGI SMURT



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Íslenskur hugbúnaður notaður á Indlandi í baráttu gegn augnsjúkdómum

■ Stefnt að því að ná til að minnsta kosti einnar milljónar sykursjúkra með nýju íslensku smáforriti á næstu árum ■ Gífurlegur sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið

Karl Garðarsson
Karl@dv.is



Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Risk ehf. er í viðræðum við fimm stór indversk sjúkrahús, með um hálf milljón sykursjúkra einstaklinga á skrá, um notkun á nýju smáforriti sem reiknar út einstaklingsbundna áhættu á því að viðkomandi þrói með sér augnsjúkdóma vegna sykursýki, sem getur leitt til sjónskerðingar eða blindu. Hugbúnaðurinn reiknar út hvenær sé skynsamlegt fyrir einstaklinginn að koma til augneftirlits í samræmi við einstaklingsbundna áhættu hvers og eins.

Þessi byltingarkennda tækninýjung, sem er hönnuð fyrir síma, er hugarústur þremmenninganna Einars Stefánsónar augnlæknis, Örnú Guðmundsdóttur innkirtlalæknis og Thors Aspelund, prófessors í stærðfræði. Þau eru fólk í bak við algórítma, eða reiknirit, sem gerir einstaklingum með sykursýki kleift að grípa í taumana og leita sér lækninga vegna augnsjúkdóma áður en það er of seint.

78 milljónir með sykursýki á Indlandi

Til að nota smáforritið setur fólk inn sín persónulegu gildi, kyn, hversu lengi það hefur verið með sykursýki og hvers konar sykursýki. Einnig hvort þegar hafi orðið vart við augnbotnaskemmdir, auk



breytilegra gilda, til dæmis blóðsykursgildi og blóðþrýsting. Þegar þessi einstaklingsbundnu gildi eru komin inn getur algórítminn reiknað út hversu mikil hætta er á að einstaklingurinn þrói með sér augnsjúkdóma á árinu.

Indversku sjúkrahúsinn eru þegar farin að deila smáforritinu, sem nefnist Retina Risk, til sjúklinga sinna og Sigurbjörg Ásta

Jónsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins, segir að bara á Indlandi séu um 78 milljónir manna með sykursýki. Sjúkrahúsin sem um ræðir séu risastór og í fararbroddi í sínu landi. Það sé nánast ómögulegt að skima þann mikla fjölda sjúklinga sem er með sykursýki á Indlandi og því geti smáforritið reynst einstaklingum afar vel. Þeir geti þannig áttað



Sykursýki er alheimsfaraldur en tíðni sjúkdómsins hefur þrefaldast frá aldamótum

sig á því sjálfir hvenær þeir þurfi að leita til læknis.

„Við höfum líka verið í sambandi við önnur lönd, eins og Pakistan, Nepal og Kína. Líka lönd í Afríku, þar sem búist er við mikilli aukningu á sykursýki á næstu árum. Það gildir líka um Ameríku. Flestir notendur eru þaðan og sykursýki á eftir að aukast þar, en líka í Evrópu og Suður-Ameríku. Það er til dæmis mikið um sykursýki í Brasilíu og Mexíkó.“

Aðspurð hvort íslenskir sykursjúklingar séu farnir að nýta sér smáforritið segir hún að fjögur til fimm prósent þeirra séu þegar komin með það. „Við erum mjög spennst með að á næstu vikum verður boðið upp á smáforritið á íslensku, sem á eftir að auka nota-gildi þess og vinsældir.“

Sparnaður í heilbrigðiskerfinu

Ljóst er að smáforritið Retina Risk getur sparað umtalsverðar fjárhæðir í heilbrigðiskerfinu, enda var það upphaflega hugsunin á bak við þróun þess, auk þess að hjálpa sykursjúkum sem eru í áhættuhópi hvað varðar augnsjúkdóma. Þessir sjúklingar eru hvattir til að leita árlega til læknis

til að kanna hvort þeir séu komnir með augnsjúkdóma, þannig að þessum heimsóknnum ætti að fækka með þessum nýja búnaði.

Miklar rannsóknir liggja að baki Retina Risk, sem um tuttugu þúsund einstaklingar, bæði á Íslandi og erlendis, tóku þátt í. Niðurstöðurnar hafa verið birtar í virtum læknatímaritum um heim allan.

Sykursýki er alheimsfaraldur en tíðni sjúkdómsins hefur þrefaldast frá aldamótum. Í dag er talið að um 430 milljónir manna um heim allan þjáist af sykursýki og er gert ráð fyrir að fjöldinn fari yfir 600 milljónir árið 2045. Augnsjúkdómar af völdum sykursýki eru í mörgum löndum algengasta orsök sjóntaps fólks á vinnualdri og næstalgengasta orsök blindu. Tveir þriðju hlutar fólks með sykursýki þróa með sér augnsjúkdóma og mikil hætta á að þriðjungur þessa hóps verði sjónskerðing eða jafnvel blindu að bráð ef greining og meðhöndlun á sér ekki stað tímanlega.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að benda á að smáforritið Retina Risk er ókeypis bæði í Apple Store og Google Play. ■

Erfidrykkja

KAFFIHLAÐBORÐ ÝMSAR ÚTFÆRSLUR, PINNAMATUR,
SMURT BRAUÐ, TERTUR, O.FL. FYRIR ERFIDRYKKJUNA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Afgreitt á einnota fötum
tilbúið á borðið

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum

• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að pantast í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringja í síma 775 6080



„Í íslam fann ég öll.“

Ástrún Anna er múslimi - „Hef verið spurð hvort ég styðji hryðjuverkastarfsemi“ - Misjafnar undirtektir fjölskyldu og vina

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Ástrún Anna Bogadóttir gerðist múslimi 21 árs gömul. Hún hefur þurft að takast á við fordóma samfélagsins og segir algennt að fólk setji alla múslima undir sama hatt. Staðreyndin sé hins vegar sú að múslimar séu fjölbreyttur hópur.

Ástrún er alin upp í Árbænum, yngst í hópi þriggja systkina. Foreldrar hennar skildu. Móðir Ástrúnar er vottur Jehóva en Ástrún segist ekki hafa alist upp við trú á heimilinu. Systkini hennar eru bæði trúlaus og sjálf var hún trúlaus fram undir tvítugt.

Fann svörin í íslam

Ástrún er alin upp í Árbænum,

Ástrún gekk í Árbæjarskóla og fór þaðan í Fjölbrotaskólann í Breiðholti. Unglingsárin voru ekki alltaf auðveld, ekki frekar en hjá svo mörgum. Hún var leitandi, og upplifði sig oft utangátta. „Ég var mikið ein á tímabili. Mér

fannst erfitt að passa inn í hópinn.“ Ástrún hafði lokið stúdentsprófi frá FB þegar hún komst í kynni við pilt frá Pakistan. Það var fyrir hans tilstilli að hún kynntist íslamstrú.

fannst erfitt að passa inn í hópinn.“

Ástrún hafði lokið stúdentsprófi frá FB þegar hún komst í kynni við pilt frá Pakistan. Það var fyrir hans tilstilli að hún kynntist íslamstrú.



LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI •

SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS



svörin

„Við hittumst í strætó og byrjuðum að tala saman þar og síðan héldum við áfram að vera í samskiptum og kynntumst hvort öðru. Hann sagði mér að hann væri múslimi. Við erum góðir vinir núna í dag. Með tímanum fórum við að ræða saman um íslamstrú. Ég hef alltaf haft opinn huga fyrir öllum trúbrögðum en ég vissi svo sem ekki mikið um íslam, annað en að múslimar borða ekki svínakjöt og halda ekki jól og þess háttar.

Sumir halda að þessi vinur minn hafi þvingað trúnni upp á mig en það var aldrei þannig. Í íslam er bannað að þvinga trú upp á fólk. Hann spurði mig einfaldlega af hverju ég væri trúlaus, og ég sagði honum mínar skoðanir. Hann spurði mig hvort ég vildi læra meira um íslam. Ég hugsaði með mér að ég myndi ekki tapa neinu á því að kynna mér þetta betur.

Ástrún lagðist í mikla rannsóknarvinnu, upp á eigin spýtur og sökk sér ofan í fræðin. „Ég las heilmikið, fann efni á netinu og horfði á vídeó. Ég ræddi við múslíma á Íslandi. Eftir því sem ég fór að kynna mér þetta betur,

þá fann ég að þetta var það rétta fyrir mig. Ég fór að hugsa af hverju ég er hér, í þessum heimi? Hver væri eiginlega tilgangurinn með þessu öllu? Í íslam fann ég öll svörin. Ég hafði aldrei fengið þessi svör áður.“

Aðspurð hvað hafi heillað hana mest við íslamstrú segist Ástrún eiga erfitt með að benda á eitt ákveðið atriði frekar en annað. Í grunninn sé trúin falleg. Það var þó eitt atvik sem átti eftir að hafa mikil áhrif á hana. Á aðfangadag 2016 hitti hún pilt sem var múslimi.

„Þá var ég stöðd heima hjá vini mínum og hann var með nokkra gesti hjá sér, sem eru líka múslimar. Ég sat og hlustaði á samræðurnar þeirra og heyrði einn þeirra tala um að þegar maður sé með trúna þá þurfi maður ekki að eiga mikið annað, þá þurfi maður ekki að vera ríkur og eiga allt það nýjasta og flottasta. Ef maður sé með sterka trú þá þurfi maður ekki alla þessa hluti, þurfi ekki að fylla upp í tómarúm með hinu og þessu dóti. Ef ég hef guð í lífi mínu þá er það nóg.“

Þann 3. janúar 2017 fór Ástrún með trúarjátninguna (Shahada).

Eftir örستutta athöfn, í viðurvist fyrrnefnds vinar hennar var hún orðin múslimi. „Ég hélt áfram að læra og fræðast eftir þetta.“

Misjafnar undirtektir

Aðspurð um viðbrögð fjölskyldu og vina segir Ástrún að vissulega hafi þau verið mismunandi, en það sé eðlilegt. „Auðvitað getur þetta verið erfitt fyrir þína nánustu, og kannski ekki allir sem eru tilbúnir til að samþykka þetta. Þau þekkja mig auðvitað sem trúleysingja.“ Ástrún bætir við að hún skilji þessi viðbrögð mjög vel. „En þrátt fyrir þessa breytingu, þá er ég ennþá sama manneskjan og verð það alltaf. Ég hef alltaf verið góð manneskja.“ Ástrún bendir einnig á að hún hafi alls ekki þurft að breyta miklu í sínu fari til að gerast múslimi. „Ég hef til dæmis aldrei drukkið áfengi og borðaði ekki svínakjöt.“

Slæðan er siðprýði

Ástrún klæðist ekki slæðu (hi-ja) og segir það útbreiddan misskilning að slæða tákni kúgun múslimakvenna. Slæðan tákni siðprýði. „Það eru margir sem halda að konur séu neyddar til að ganga með slæðu, en það er misskilningur. Það er algjörlega þeirra ákvörðun. Ég hef oft hugsað um að nota slæðu. En mér finnst það erfitt tilhugsun að ganga með slæðu hérna á Íslandi,“ segir Ástrún og bætir við að hér á landi sé mun auðveldara að skera sig úr en erlendis. Þar sé auðveldara að hverfa inn í fjöldann.

„Hér eru miklu meiri líkur á að verða fyrir fordómum og ég óttast að fólk muni dæma mig. Ef það væru fleiri múslimakonur með slæðu úti á götu, þá væri þetta auðveldara. En ég er ekki tilbúin í það, ekki ennþá. Ef ég mun einhvern tímann ganga með slæðu, þá verður það alfarið mín ákvörðun.“

Upplifði hreinsun

Samkvæmt trúnni fer Ástrún með bænir fimm sinnum á dag en hún segir bænahaldið hafa lítil sem engin áhrif á daglegt líf, enda taki hver bæn aðeins nokkrar mínútur. Talið berst að ramadanmánuði þegar múslimar þurfa að fasta. Fyrir Ástrúnu er ramadan fastur liður í tilverunni, en fyrsta skiptið tók á. „Í fyrsta skiptið fastaði ég bara í 10 daga. Fyrstu tveir dagarnir voru erfiðastir en það er ótrúlegt hvað líkaminn venst þessu. Ég upplifði þetta eins og hreinsun.“

Aðspurð um jólahátíðina segir Ástrún að það hafi ekki verið mikið mál að sniðganga jólin, enda sé móðir hennar vottur Jehóva og haldi ekki upp á fæðingu Jesú Krists.

„Fyrir mér er aðfangadagur bara eins og hver annar dagur. Ég er oft á vinna þennan dag, þannig að ég finn ekki fyrir því að halda ekki upp á jólin.“ Hún segist lítið kippa sér upp við tilheyrandi jólaskreytingar og viðburði í desember. „Það angrar mig ekkert að hafa það í kringum mig. Ef einhver kemur og býður mér gleðileg jól þá segi ég „gleðileg jól“ til baka.“

Múslimakonur hafa alltaf val

Eins og gefur að skilja hefur Ástrún fengið að heyra ýmiss konar athugasemdir eftir að hún gerðist múslimi.

„Ég hef til dæmis verið spurð hvort ég styðji hryðjuverkastarfsemi. Fólk notar ISIS-hryðjuverkasamtökin til þess að láta alla múslíma líta illa út. En venjulegir múslimar styðja ekki ISIS, enda er rangt að drepa samkvæmt íslam.“

Svo hef ég verið spurð hvort ég hafi verið að gerast múslimi fyrir þennan vin minn, til að þóknast honum,“ segir Ástrún og bætir við að hún hafi tekið íslamstrú alfarið á sínum eigin forsendum.

Talið berst að öðrum siðum

og gildum sem fólk tengir við múslíma og skarast á við vestræn ríki. Til að mynda kynlíf samkynhneigðra, sem er forboðið í íslam. „Ég er persónulega ekki á móti samkynhneigðum, þeir geta gert það sem þeir vilja. Ég myndi aldrei fara að banna neinum neitt bara af því að ég er múslimi.“

Aðspurð um birtingarmyndir múslimakvenna bendir Ástrún á að þar leiki menningarmismunur milli landa stórt hlutverk.

„Samkvæmt Kóraninum á að sýna konum virðingu. Þegar talað e um kúgun á konum þá á það frekar við önnur lönd þar sem það er rótgróið í menningunni. Kúgun á konum er líka í löndum þar sem fólk er ekki íslamstrúar. Konur sem eru íslamstrúar eiga fullan rétt til að fara í nám og vera úti á vinnu markaðnum. Eins og með allt hitt, þá er það þeirra val. Þetta er alltaf þeirra ákvörðun.“

Vill giftast múslíma

Ástrún er einhleyp í dag. „Ég er ekki á móti því að vera með einhverjum sem er ekki múslimi. Það eru ekki allir múslimar sem giftast öðrum múslimum, það er mjög mismunandi. En persónulega myndi ég vilja eiga mann sem væri líka múslimi, eða þá að minnsta kosti opinn fyrir því að læra um íslamstrú. Hann þyrfti að sýna skilning á því þegar ég þarf til dæmis að vakna eldsnemma og biðja, eða þá þegar ég þarf að fasta. Það er auðvitað gott að hafa einhvern sem er með manni í þessu öllu saman.“

Það er mín ósk að fólk sé opnara fyrir íslamstrú og beri virðingu fyrir henni. Ef þú sérð múslíma gera eitthvað rangt, ekki segja þá að allir múslimar séu slæmir. Horfðu frekar á það hvernig manneskjan er. Við erum eins mismunandi og við erum mörg.“ ■

JOS Watch co.
REYKJAVÍK



1000 METRA VATNSHELT
Sif N.A.R.T
TÍMALAUS GÆÐI

GILBERT
ÚRSMIDUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Hættulegt samfélag

■ Hættulegt samfélag eittraðrar karlmennsku ■ Yfir fjórtíu látnir í hatursárásu


Erla Dóra
erladora@dv.is



Internetinu þrífst samfélag eittraðrar karlmennsku, gegnsýrt af kvenfyrirlitningu og ofbeldisfullum öfgaskoðunum. Þeir sem tilheyra samfélaginu kalla sig „incels“, sem er samsetning á ensku orðunum „involuntary“ og „celibate“, eða þeir sem eru skírlífir þvert gegn sínum vilja, hinir kynsveltu. Upphaflega var incels-samfélagið nokkurs konar stuðningshópur á vefsíðunni Reddit, þar sem einmana einstaklingar deildu sorgum sínum og leituðu stuðnings og þjáningasystkina, en í dag er um að ræða samfélag karlmanna sem telja sig hlunnfarna af konum, að samneyti fallelgra kvenna séu mannréttindi og finnst mörgum þeir þurfa að hefna sín á konum fyrir stöðuga höfnun. Undanfarin ár hefur incel-samfélagið orðið meira áberandi í umfjölluninni eftir að meðlimir þess tóku upp á því að fremja voðaverk í nafni kynsveltis, einmanaleika og kvenhaturs.

Hlutgerving kvenna

Innan incel-samfélagsins er hlutgerving kvenna nánast algjör. Þeir vilja að konur séu undirgefnar og auðmjúkar gagnvart yfirburðum karlmannsins, tilbúnar að þjóna honum í einu og öllu og alltaf tilbúnar í kynlíf. Þeir vilja konur sem eru óspjallaðar og tala um að verðgildi kvenna rýrni hlutfalls-



Elliot Rodger varð eins konar guð meðal incel-manna

lega í samræmi við þann fjölda karlmanna sem þær hafa sofið hjá. Incel-menn telja sig upp til hópa óaðlaðandi, óframfærna og jafnvel ófríða. Þeir hafna því þó að þeir eigi, sökum þessa, að slá af kröfum sínum um útlit þeirra kvenna sem þeir eltast við. Þeir vilja ekki konur sem þeir segja venjulegar eða Beckys, heldur fallelgar, ljóshærðar fyrirsætur sem þeir kalla Staceys. Þeir gefa konum gjarnan einkunn á bilinu 0–10 og vilja flestir ekkert koma nálægt konu sem fær undir sjö í einkunn. Þeir vísa einnig frekar til kvenna sem kvenkynsins (e. females) en slík orðanotkun ópersónu- og hlutgerir konur enn frekar.


Á fimmta tug látnir

Undanfarin fimm ár hafa meðlimir samfélagsins í auknum mæli snúið sér að ofbeldisbrotum til að hefna sín á konum. Frægastar eru árásir sem með réttu mætti kalla hryðjuverk, en einnig hefur hluti samfélagsins dásamað nauðganir og kynferðisbrot, það sé toppurinn á valdi karlmannsins yfir konunni.

Frægasta árásin átti sér stað þann 23. maí, 2014, þegar maður að nafni Elliot Rodger banaði sex og slasaði fjórtán í skotárás á háskólasvæði Kaliforníu-háskóla í Santa Barbara. Elliot var þungvopnaður og hafði ætlað sér að ráðast inn á heimavist stúlkna og skjóta allar konur sem hann



Catfishman notar grímu þegar hann kemur til fundar við konur



sæi. Honum tókst þó ekki að komast inn í bygginguna og hóf þá skothríð á gangandi vegfarendur. Rodger skilgreindi sig sig sem incel og skildi eftir sig 137 blaðsíðna stefnuýfirlýsingu og nokkurn fjölda YouTube-myndbanda þar sem hann talar um kynsveltið sem konur hafa neytt hann í með stöðugum höfnunum, og að tími hefndarinnar sé runninni upp. Eftir skotárásina framdi Elliot sjálfsvíg og varð í kjölfarið tekinn í dýrlingatölu í incel-samfélaginu og veitti öðrum incel-hryðjuverkamönnum innblástur með sínum voðaverkum.

Þann 7. desember, 2017, hóf William Atchison skotárás í menntaskóla í Nýju-Mexíkó. Tveir féllu auk Williams sem fyrirfor sér í kjölfarið. William hafði gengið undir dulnefninu Elliot Rodger á samfélagsmiðlum, þar sem hann lofsöng hinn æðsta herramann (e. supreme gentleman) Elliot Rodger.

Þann 14. febrúar, 2018, féllu sautján og jafn margir særðust í skotárás í menntaskóla í Flórída. Gerandinn, Nikolas Cruz, hafði skrifað á samfélagsmiðla „Elliot Rodger mun ekki gleymast.“

Hinn 23. apríl, 2018, ók Alek Minassian sendiferðabíl á gangandi vegfarendur í Toronto í Kanada. Þar létu 10 manns lífið og 16 slösuðust. Alek var 25 ára gamall háskólanemi. Hann var með hreinan sakaferil og þeir sem þekktu til hans lýstu honum sem hlédrægum og meinlausum. Hann var á einhverfurófinu sem olli honum félagslegum erfiðleikum. Fyrir árásina hafði hann birt færslu á Facebook þar sem hann hyllti áðurnefndan Elliot Rodger og tilkynnti að bylting kynsveltra karmanna væri hafin. Rétt að verður yfir Alek á næsta ári.

Árið 2018, þann 2. nóvember, myrta Scott Beierle tvær konur og særði fimm, áður en hann fyrirfor sér í jókastúdíói í Flórída. Hann hafði áður verið handtekinn fyrir að áreita konur kynferðislega og hafði birt myndbönd á sér á YouTube þar sem hann viðhafði hatursfulla orðræðu um konur. Hann var reiður yfir að eiga ekki kærustu og vísaði í myndböndum til Elliot Rodger.

Í janúar á þessu ári var Christopher Clearing handtekinn eftir að hann hafði lýst yfir áformum sínum um skotárás. Vildi hann verða næsti incelfjöldamorðinginn og bana eins mörgum konum og hann mögulega gæti. Christopher sagðist aldrei hafa átt kærustu og aldrei stundað kynlíf og þótt hann hafi ekki sagt það beint þá er almennt talið að hann hafi skilgreint sig sem hluta af incel-samfélaginu.

Síðastliðinn þjóðhátíðardag Íslendinga, 17. júní, hóf Bryan Isaac Clyde skothríð í Texas. Enginn lét þó lífið því lögreglumenn skutu Bryan til bana áður en hann náði að valda manntjóni. Bryan hafði deilt myndum á samfélagsmiðlum sem greindu frá incel-hugmyndafræðinni. Hann var einnig öfgasinnaður hægri-maður. Eftir árásina þótti rétt að hermenn á herstöð í nágrenninu fengju fræðslu um incel-samfélagið þar sem um „raunverulega ógn við almenning og herinn væri að ræða.“

Athvarf nauðgunar- og barnaníðshugmyndafræði fær athvarf á Íslandi

Í nóvember á síðasta ári var spjallsíðu incel-manna úthýst af léni sínu í Svartfjallalandi fyrir að hvetja til ofbeldis og hatursorðræðu. Vefsvæðið fékk þá nýtt heimili á Íslandi og vefslóð með

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll


Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Kynsveltra karlmannanna

Um kynsveltra ■ Vilja lögleiða nauðgun og upphefja barnaníð



tíðina. Catfishman, eða Michael Rabadan, hefur komist ítrekað í kast við lögin fyrir brot gegn nálgunarbanni, heimilisofbeldi, og fyrir að hrella konur á netinu. „Ég er ekki að drepa þær,“ segir hann í myndinni. „Ég er bara að svipta hulinni af því hverjar þær í raun og veru eru.“ Hann greinir jafnframt frá því að hann frófi sér stundum yfir myndböndunum sem hann tekur og að ef konur hefðu ekki lagt Elliot Rodger í einelti þá hefði hann aldrei framið þessi morð. „Ef þetta kvenkyn kemur ekki fram við karlmenn af virðingu, þá munu þeir drepa þær. Þannig er það bara.“

Í myndinni er einnig rætt við sérfræðing í stafrænni menningu, dr. Kaitlyn Regehr. Hún segir að önnur incel-hryðjuverkaárás sé óumflýjanleg og verði líklega gerð innan skamms tíma. „Við lifum núna á tímum hatursglæpa.“ Hún segir að lögreglan ætti að líta þessa glæpi sömu augum og aðra hatursglæpi sem framdir eru í nafni trúarofstækis.

Ný mynd um Jókerinn slær í gegn meðal kynsveltra

Áhyggjur hafa vaknað um að ný kvikmynd um erkióvin Leðurblökumannsins, Jókerinn, muni hvetja incel-menn til ofbeldisverka. Leikarinn Joaquin Pheonix gerir Jókernum skil í myndinni og hefur persónan hlotið samúð áhorfenda. Myndin fjallar um leit Jókera að hamingjunni, sem snýst svo upp í andhverfu sína og fyllir hann hatri og hefnigirni. Incel-menn tengja við þessa vegferð og hafa því margir talið að Jókerinn sjálfur sé incel-maður, og því hefur vaknað sá ótti að incel-menn leiti í auknum mæli í sömu aðferðir og Jókerinn til að fá útrás fyrir gremju sína og hatur.


Ógn sem eykst

Heiminum virðist stafa sífellt meiri ógn af incel-samfélaginu. Samkvæmt óvísindalegri rannsókn sem miðillinn vox.com gerði er mikill meirihluti incel-manna frá Evrópu eða Norður-Ameríku og flestir þeirra eru hvítir karlmenn á þrítugsaldri eða yngri. Samfélagið byrjaði sem meinlaus vettvangur fyrir einmana, sorgmædda karlmenn en hefur þróað sig upp í bergmálshelli kvenhaturs og reiði. Meðlimir samfélagsins grípa æftar til ofbeldis. Ísland er talið mikið jafnréttisland þegar lítið er til stöðu karla og kvenna, þótt vissulega eigi enn eftir að stíga þónokkur mikilvæg skref til algjörs jafnréttis. Incel-menn fyrirliða þessa þróun. Inni á spjallsvæði sínu hafa incel-menn í umræðum um Ísland bæði lýst yfir velþóknun á útliti íslenskra kvenna og vanþóknun á hve samfélagið er femínskt. Ekki er vitad um þekkt dæmi um íslenska incel-menn en þó má aldrei útiloka að slíkir menn finnist hér á landi. ■

endinguna .is þó svo að síðan sjálf hafi í raun verið vistuð í Þýskalandi. Sú síða var almennt spjallsvæði incel-samfélagsins, sem óx út frá upphaflega spjallsvæðinu á Reddit. Aðrar sérhæfðari incel-síður voru í kjölfarið færðar til Íslands. Þær síður eru öllu meira ógnvekjandi en almenna svæðið, en þar er um að ræða incel-samfélag þar sem finna má karlmenn sem girnast stúlkur undir lögaldri, á annarri síðu koma saman incel-menn sem trúna því að konur þrái fátt heitar en að vera nauðgð. Á þessum sérhæfðu síðum má sjá ógnvekjandi hugmyndafræði þar sem beinlínis er hvatt til kynferðisofbeldis og barnaníðs. Til dæmis er nefnd ein af skilgreiningunum á barnaníðs-incels: „Ef þú girnast vinkonur dóttur þínar, eða dóttur þína sjálfa.“ Þessar sérhæfðu síður eru enn opnar og enn með .is-endinguna, en almenna spjallsvæðið færði sig í vor yfir til Kólumbíu og fékk endinguna .co. Það sem Kólumbía og Ísland virðast eiga sameiginlegt í þessum efnunum er hversu auðvelt það er að kaupa og skrá lén.

Heimildamynd BBC dregur upp ógnvekjandi mynd

Nýlega gaf sjónvarpsstöðin BBC út heimildamyndina Inni í leyndu samfélagi incelsins, sem vakið hefur mikla athygli. Í myndinni er rætt við þrjá einstaklinga sem skilgreina sig eða hafa skilgreint sig sem incel. Einn þeirra, Catfishman, leggur stund á það að sigla undir fólksku flaggi á stefnumótasíðum þar sem hann platar konur til að mæta á stefnumót. Þegar þær svo mæta, og halda að þær séu að fara að hitta myndarlegan karlmann stekkur Catfishman fram, vopnaður myndbandsupptökuvél, og hefur þær að háði og spotti. Spyr hann þær: „Hélu virkilega að karlkyns fyrirsæta myndi falla fyrir þér? Þú ert feit og ljót, af hverju komstu hingað að hitta fyrirsætu.“ Síðan deilir hann myndböndunum á netinu. Í heimildamyndinni segir hann að með þessu móti sé hann að hefna sín á konum fyrir að hafa hafnað honum í gegnum



ncel-samfélagið hefur þróað með sér sinn eigin orðaforða. Orðin eru of mörg til að gera grein fyrir í einni blaðagrein en hér má finna nokkur þekkt dæmi af incel-orðum ásamt skýringum sem gefa vissa innsýn í brenglaða heimssýn þessara manna.

Chad og Stacey – Chad vísar til myndarlegra og framþærilegra karlmannanna og Stacey vísar til myndarlegra kvenna. Incels vilja allir sænga hjá konum sem teljast vera Stacey, en geta það ekki því Chad-menn sitja einir að þeim.

Becky – Venjuleg kona. Incels hafa ekki áhuga á Becky-týpum þar sem þær eru ekki nægilega aðlaðandi.

Landhvalur (e. landwhale) – Kona í yfirþyngd.

Forstumenn (e. alphas) – Karlmenn sem eru myndarlegir, sjálföruggir og fá að sofa hjá myndarlegum konum.

Rísa (e. ascend) – Þeir incel-menn sem eignast kær-

ustu eða sofa hjá eru taldir hafa risið upp á annað plan og eru ekki lengur incel.

Reipa (e. rope) – Þeir incel-menn sem hafa fallið fyrir eigin hendi eru sagðir hafa reipað sig.

Eins og ER (e. going ER) – Incel-menn sem eru yfirkomnir af reiði tala um að gera eins og ER; þ.e. að fylgja í spor Elliot Rodger.

Svartapillan (e. blackpill) – Þegar menn opna augun fyrir incel-hugmyndafræðinni er talað um að þeir hafi þegið svörtu pilluna.

Kvenkyn (e. foid) – Incel-menn vísa til kvenna sem kvenkyns en með þessari orðræðu er trú þeirra á algjörum yfirráðum karlmannsins yfir konunni, og hlutgerving kvenna undirstrikuð.

Fangelsisbeita (e. jail bait) – Barnungar stúlkur. Incel-menn girnast margir unglingsstúlkur sem ekki eru lögráða, því þeir trúa því að þær séu hreinni og óspilltari. Auk þess séu þær í blóma lífsins en ekki orðnar gamlar og útriðnar.

Roastbeef-sköp (e. rostie) – Þetta vísar til kvenna sem hafa verið virkar kynferðislega um eitthvert skeið. Incel-menn trúa því að við aukna notkun verði ytri skapbarmar kvenna lengri og svipi því til roastbeef.

Bestun (e. maxxng) – Incel-menn geta lagt stund á bestun til að reyna að höfða frekar til kvenna. Útlitsbestun felst í því að reyna að bæta útlitið, svo sem með því að auka hreyfingu eða fara í lýtaaðgerð. Stöðubestun felst í því að vinna sér inn meiri peninga eða auka völd/áhrif sín. Þetta byggir á þeirri hugmyndafræði að konur laðist að útliti, peningum og völdum.

Viðskertið -cel er einnig notað í fleiri orðum en bara incels. Feitir meðlimir samfélagsins eru til að mynda fitucels, þeir sem vilja lögleiða nauðgun eru nauðgunarcel, þeir sem koma frá Indlandi eru karrícel og svona mætti áfram telja. Algenget er að incel-menn velji eitt atriði sem þeir trúna að valdi vandræðum þeirra í ástamálum og bæti viðskertinu þar fyrir aftan.

REYKJAVIK
RAINCOATS

LAUGAVEGI

62

REYKJAVIK RAINCOATS

LAUGAVEGUR 62, 101 RVK

WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTADIR

EPAL - LAUGAVEGI 70

EPAL - HARPA

AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ

Hin mörgu andlit matarsóunar

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Mikið hefur verið rætt um núvitund þegar mat ber á góma og það predikað að fólk hugsi betur um hvað það lætur ofan í sig, ekki bara út frá heilsufarslegum sjónarmiðum heldur einnig til að njóta matarins betur. Þá gleymist hins vegar að spá í allan matinn sem við borðum ekki, endar í ruslinu eða skemmist innst í ísskápnum. Samkvæmt nýrri skýrslu frá World Resources Institute, óhagnaðardrífins rannsóknarfyrirtækis, kemur fram að matarsóun sé einn stærsti þáttur í loftslagsbreytingum sem okkur mannfólkinu yfirsést. Á meðan ofuráhersla er lögð á að sporna við plastnotkun, bílaumferð og olíubruna þá gleymist matarsóunin.


Þriðjungji sóað

Samkvæmt skýrslunni mælist matarsóun sem átta prósent af árlegri losun gróðurhúsalofttegunda. Nærri þriðjungji alls matar sem framleiddur er í heiminum á ári hverju er sóað, fjórðungur alls vatns í heiminum er notaður til að framleiða matinn sem er sóað á hverju ári og til að rækta allan þennan mat sem endar í ruslinu þarf ræktunarsvæði á stærð við Kína. Skýrsluhöfundar vara enn fremur við því að ef ekkert sé gert til að sporna við matarsóun á næstu þremur áratugum þurfi að breyta landi á stærð við Argentínu í eitt, stórt ræktunarsvæði til að mæta matarþörfum jarðarbúa. Ef við minnkum hins vegar matarsóun okkar um helming fyrir árið 2030 getum við enn fætt jarðarbúa án þess að eyðileggja jörðina. Skýrslan fer ítarlega yfir hvernig yfirvöld, fyrirtæki, endursöluaðilar, bændur og neytendur þurfa allir að leggja á eitt til að ná þessum markmiðum.

Matarsóun orðin að vana

Fyrir okkur Evrópubúa er auðveld lausn á þessu vandamáli – einfaldlega að henda minna af afgangunum okkar eða mat sem við viljum ekki borða. Sama má segja um íbúa Norður-Ameríku. Lausnin er hins vegar flóknari

Figure 3.3 | Leading Underlying Drivers and Supply Chain Stage of



Note: The map highlights by geographic region the leading underlying driver of food loss and waste for the supply chain stage that is estimated to account for the largest share of food loss and waste in that region. Countries are grouped in the same regions as given in FAO (2011). Which food supply chain stage accounts for the highest share of food loss and waste per region is based on FAO (2011). The leading driver of food loss and waste draws upon a review of HLPPE (2014). Source: WRI analysis based on FAO (2011) and HLPPE (2014).

í þróunarlöndum og á öðrum stöðum í heiminum. Samtals er 1,3 milljörðum tonna af mat sóað á ári hverju, en þriðjungur þess magns fer til spillis í þróunarlöndunum. Það orsakast af því að bændur ná ekki að koma vörum sínum nógu fljótt á markað áður en þær skemmast vegna skorts á kælitækjum og slæms vegakerfis. Öðrum þriðjungji af þessum 1,3 milljörðum tonna er sóað í ríkum löndum þar sem neytendur klára einfaldlega ekki af diskunum. Restin er síðan vegna vandamála með vinnslu, pökkun og dreifingu á matvælu-

gangar eru síðan ekki hitaðir aftur upp og borðaðir. Svo virðist sem matarsóun í Norður-Ameríku og Evrópu sé orðin daglegt brauð, eins konar vani. Meira endar í ruslinu en sýnist Matarsóun er mikið stærra vandamál en fólk heldur og oft hendum við miklu meira í ruslið en sýnist. Ef dæmi er tekið um eitt hamborgarabuff þá þarf 53 lítra af vatni, tæp sex kíló af nautafóðri og tæplega sex fermetra af




Hræðileg þróun Matarsóun leikur stórt hlutverk þegar kemur að kolefnisfótsporinu. Mynd: Getty Images

landi til að framleiða eitt buff, svo ekki sé minnst á kolefnafótsporinu við að ala, slátra, pakka, geyma og selja buffið. Ef þetta buff dagur uppi í frystinum og endar í ruslinu er allri þessari vinnu og hráefnum hent líka. Hins vegar er öll matarsóun ekki eins. Framleiðsla á nautakjöti og mjólkurvörum ber stærsta kolefnafótsporið en ávextir og grænmeti minnst. Hins vegar er engin lausn fölgín í því að henda miklu magni af ávöxtum en klára alltaf af diskunum þegar

kjöt er í boði. Nú eða gerast grænkeri. Nærtækt dæmi er eplahýði. Ef þú tekur hýðið af hverju epli og hendir því í ruslið jafngildir það því að henda tíunda hverju epli á heimilinu. Í stærra samhengi væri það hrein hörmung ef tíu prósent allra epla í heiminum enduðu í ruslinu. Þannig að litlir hlutir og breyttar venjur geta haft stór áhrif. Nú þegar sjáum við á Íslandi að hægt er að kaupa útrunnar vörur, og vörur sem líta ekki vel út, á afslætti. Af þessu má gera meira, ef marka má skýrsluhöfundar. Einnig þarf þróun í betri pakkningum á matvæluum að vera hraðari svo vörur endist lengur í verslunum. Það hvílir á fyrirtækjum og yfirvöldum að spýta í lófana þar. Veitingastaðaeigendur þurfa líka að hugsa sinn gang og minnka skammtastærðir og vera skynsamari í innkaupum. Það er allt í lagi þótt einhverjir réttir á matseðlinum klárast eða snúðarnir í bakaríinu. Skýrsluhöfundar í raun impra á því að matarsóun sé ekki einkavandamál fárra heldur alheimsátak sem þarf að ráðast í, helst strax í gær. ■

Figure 1.6 | Per Capita Food Loss and Waste by Region (2007)



Mest sóun í Norður-Ameríku Hér má sjá matarsóun eftir heimsálfum.

HÖFÐAHÖLLIN

Funahöfði 1 | 110 Reykjavík | Sími 567 4840 | www.bilo.is | bilo@bilo.is

Komdu í BÍLÓ!

Óskum eftir bílum á söluskrá, höfum laus sölustæði, kíktu við!

Þú finnur bílinn á bilo.is

Auglýstir bílar eru á staðnum

Skráðu bílinn á bilo.is

Allt fyrir bílinn

19. september 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

et VERSLUN

Mikið úrval af kösturum og aukaljósum
fyrir allar gerðir bíla

Pollux9
LEDSON





Myndir: Eyþór Árnason

Bílasmiðurinn: Hágæðavörur á sanngjörnu verði

Fyrtækið Bílasmiðurinn var stofnað árið 1980 af Leifi Þorleifssyni bifreiðasmiðameistara og verður 40 ára á næsta ári. Fyrstu árin var fyrirtækið í Lágmúla 7 en fluttist í eigið húsnæði á Bildshöfða 16 nokkrum árum síðar þegar Ártúnshöfðinn var að byggjast upp sem nýtt iðnaðarhverfi. „Verslunarrekstur í íslensku landslagi í kringum 1980, í óðaverðbólgu og höftum, var enginn hæggðarleikur og má með sanni segja að vel hafi þurft að halda utan um reksturinn á þeim tíma,” segir Páll Þór Leifsson einn af eigendum Bílasmiðsins hf.

Í dag er reksturinn í öruggum höndum barna Leifs. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er verslun og þjónusta með vörur tengdar atvinnubifreiðum og tækjum, ásamt iðnvörum fyrir alls kyns smíði til lands og sjávar. Afar fjölbreytt vöruúrval er að finna í versluninni og þar sem aðalstarfsemi þess fer fram. Fyrirtækið leggur mikinn metnað og áherslu á hágæðavöru og að veita fyrirtaks þjónustu og ráðgjöf. Eitt af meginmarkmiðum er að geta boðið vörur sem ekki fást víða annars staðar á sanngjörnu verði sem er oft lægra en á sömu eða sambærilegri vöru erlendis. Mikil áhersla er að versla við evrópsk framleiðslufyrirtæki og birgja til að tryggja góð og hagstæð kjör fyrir viðskiptavinum. Þá hefur Bílasmiðurinn hf. söluumboð fyrir allmörg heimsþekkt vörumerki í greininni.

Engin þörf á að skafa bílrúðurnar
Fyrirtækið rekur einnig þjónustuverkstæði fyrir þýsku WEBASTO miðstöðvarnar sem eru alþekktar hér á landi fyrir áreiðanleika. Miðstöðvarnar frá WEBASTO hafa sparað bílsköfurnar og hlýjað mörgum landanum á köldum vetrarmorgnum þegar hrímið leggst á bílrúðurnar.

RECARO bílstólar fyrir öryggið
Annað heimsþekkt vörumerki er RECARO sem er einn stærsti framleiðandi í heimi á stólum fyrir farartæki, allt frá keppnisstólum upp í sérútbúin sæti fyrir atvinnubílstjóra, ásamt barnabílastólum sem hafa verið afar vinsælir og hlotið fjölda verðlauna fyrir hönnun og öryggi.

Gífurlegt úrval

Bílasmiðurinn er einnig með landsins mesta úrval af ýmiss konar þéttlistum ásamt einangrunarvörum fyrir bifreiðar og báta. Einnig er úrval af bílaperum, og gaspumpum. Að auki fæst úrval varúðar- og vinnuljósa fyrir atvinnu- og vinnuvélar ásamt fylgihlutum svo og brettum fyrir kerrur og vörubíla. Ekki má gleyma úrvali af vörum fyrir báta og húsvagna t.d. ísskápna og miðstöðvar o.s.frv.

Nýtt í Bílasmiðnum

Nýjasta varan í versluninni er heimahleðslustöðvar frá WEBASTO: WEBASTO Pure. Um er að ræða glæsi-



lega hönnun sem er framleidd í Þýskalandi samkvæmt stöðlum bílaframleiðanda. Gæða vara á góðu verði.

Bílasmiðurinn hf. er staðsett að Bildshöfða 16, Reykjavík. Nánari upplýsingar má finna á bilasmiðurinn.is Sími: 567-2330 Vefpóstur: bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is Fylgstu með á Facebook: Bílasmiður Yfirstígdú óttann og komdu á námskeið hjá Stílvopninu inn hf. og Recaro Ísland Twitter: Bílasmiðurinn hf



Sonax á bílinn fyrir veturinn

Sonax er framsækið fyrirtæki í framleiðslu og sölu á bílhreinsivörum fyrir almenna notendur, fyrirtæki, bónstöðvar sem og fyrir tæknivæddar bílþvottastöðvar. Sonax hefur verið á íslenskum markaði í yfir 40 ár og er bæði mest selda og best þekkt bílhreinsivörumerkið á markaðinum. Sonax er margverðlaunað vörumerki og þá ekki síst í heimalandi sínu, Þýskalandi.

Hard Wax hreinsibón og lakkvari í einu

Þekktasta varan frá Sonax á íslenskum markaði er án efa Hard Wax sem hefur verið mest selda bílabónið á Íslandi í áraraðir, enda sérblandað fyrir íslenskar aðstæður. Hard Wax er frábært hreinsibón inn í t.d. öll föls, sem og á allan bílinn til þess að verja hann fyrir umhverfisáhrifum, tjöru og vegryki sem er sérlega mikilvægt áður en veturinn gengur í garð. Hard Wax hreinsar einnig vel tjöru af lakkinu og kemur þannig í stað tjöruhreinsis ásamt því að verja lakkid í leiðinni.

Úði+Vörn á alla fleti

Eftir að bíllinn hefur verið bónaður með Hard Wax er góð hugmynd að úða bílinn með vöru sem kallast Úði+Vörn. Sú vara er sérlega einföld í notkun og mjög notadrjúg. Hana má nota á alla fleti bílsins; lakk, gler og plast. Efnið veitir yfirborðsflötum fallegan gljáa, vatnsfráhrindandi yfirborð og endingargóða vörn gegn óhreinindum. Það kemur þannig í veg

fyrir að þurfa að nota mikið af tjöruhreinsi yfir veturinn sem oft á tíðum fer illa með lakkid. Úði+Vörn er einnig frábært á felgurnar, sérstaklega á felgur.

Felguhreinsir losar drullu úr bremsunum

Felguhreinsirinn frá Sonax er ein mest selda varan frá Sonax og þá ekki síst fyrir dekkjaskiptin. Fyrir veturinn er mikilvægt að vera ekki með bremsurnar fullar af ryki eða drullu. Felguhreinsirinn hreinsar það ásamt því að hreinsa felgurnar að sjálf-sögðu. Hann er sýrufrír og hentar því vel á allar tegundir felga.

Sonax Frostvörn

Síðastliðinn vetur bættist svo við í úrvalið frá Sonax Frostvörn+Rúðuvökvi, sem hreinsar auðveldlega burt tjöru, sót, salt og önnur óhreinindi. Einnig hreinsar efnið rúðuna á skilvirkan hátt án þess að skilja eftir sig þurrkuför og skemmir ekki lakk, gúmmí eða plast. Hann inniheldur ethanól, en einnig glýserín sem lengir líftíma þurrku-bláðanna. Þá hentar hann vel á jafnvel viðkvæmustu tegundir framljósá. Frostvörn+Rúðuvökvi þolir frost allt að -20°C.

Vöruúrvalið frá Sonax er misjafnt milli verslana, en vörurnar frá Sonax fást í öllum helstu bensinstöðvum og matvöruverslunum, BYKO, Mótormax, Bilanaust, E.T., Toyota og Verkfæralagernum svo einhverjar séu nefndar.

SONAX®





BÍLARÉTTINGAR SÆVARIS:

Gamalgróið fyrirtæki sem býr að áratuga reynslu

Bílaréttingar Sævars er gamalgróið bifreiðaverkstæði sem sér meðal annars um bílasprautun, bílaréttingar og tjónamat á vegum tryggingafélaganna. „Við höfum verið starfandi frá árinu 1985 og má segja að það sé hálfgerður fjölskyldubragur yfir starfseminni. Hann Gestur, eiginmaður minn, keypti fyrirtækið af honum Sævari árið 2014 og sonur hans Sævars starfar svo hjá okkur á verkstæðinu,” segir Eyrún Gísladóttir.

„Flestir viðskiptavinir okkar eru bílaeigendur sem hafa lent í tjóni og fengið það bætt hjá sínu tryggingafélagi. Fyrst er byrjað á tjónamati og svo er gefinn tími fyrir viðgerðir á

bílum. Oft þarf að panta inn varahluti, sem getur tekið sinn tíma. Við sjáum um alla þá vinnu sem þarf til þess koma bílnum í gott form. Hér starfa tíu reyndir og menntaðir starfsmenn og getum við því boðið viðskiptavinum okkar upp á snögga þjónustu þar sem gæði og skilvirkni er í fyrirrúmi. Einnig reynum við eftir fremsta megni að vera eins umhverfissvæn og hægt er.“

Þjónusta líka einstaklinga

„Auðvitað fáum við einnig til okkar viðskiptavini sem koma til okkar á eigin vegum. Margir hverjir eru að láta laga rispur eða láta rétta. Aðrir eru með stærri verkefni

eins og vörubílavíðgerðir, eða eigendur fólksbifreiða sem vilja láta endursprauta bílana og fleira. Hingað hafa líka í gegnum tíðina komið fjölmargir eigendur fornbíla til þess að setja bílinn í allsherjar yfirhalningu. Þá hlakkar í okkar mönnum við að fá glæsilegar drossiur að handleika. Við tökum glöð á móti öllum gerðum verkefna, stórum sem smáum.“

Hágæðaefni fyrir hámarksárangur

„Við notum ætíð hágæða efni í alla okkar vinnu. Þá notum við t.d. Spies Hecker málningu í alla okkar bílasprautun, en málningin er talin ein sú allra besta á markaðnum. Auk þess erum við með tvo

öfluga sprautuklefa sem ganga fyrir vatni, en fyrir okkur skiptir máli að vera eins umhverfissinnuð og hægt er. Við erum einnig með tvo fullkomna tölvustýrða réttingarbecki. Til að bæta við þjónustuna þá þrífum við einnig alla bíla vel og vandlega sem koma í gegn hjá okkur og því fá viðskiptavinir okkar bílana sína í toppstandi til baka.“

Nánari upplýsingar á bilarettingar.is

Skútuvogi 12h, Reykjavík
Sími 568-9620

bilarettingar@bilarettingar.is

Fylgstu með á Facebook:

Bílaréttingar Sævars



Notum einungis hágæða efni í okkar viðgerðum

Allar viðgerðir unnar af fagmönnum með bestu mögulegu efnin

Allar almennar tjónaviðgerðir



Tjónamat

Við metum tjón fyrir öll tryggingarfélag, við það notum við Cabas tjónamatskerfi sem er tengt miðlægum gagnagrunni allra tryggingarfélaga.



Bílaréttingar

Bílasmiðirnir okkar eru með margra ára reynslu og vinna fljótt og gott verk.



Bílsprautun

Bílsprautararnir okkar notast einungis við hágæða Spies Hecker málningu og státa af margra ára reynslu.

Vinum fyrir öll tryggingarfélag



Bílalökkun Kópsson ehf:

Gott orðspor er besta auglýsing sem völ er á

Réttingaverkstæðið og bílamálunarpjónustan Bílalökkun Kópsson þjónustar flestöllum tryggingafélögum landsins með bíla sem hafa lent í tjóni eða óhöppum. „Auðvitað bjóðum við líka upp á þjónustu okkar fyrir almenna viðskiptavinum og fyrirtæki. Þá bjóðum við upp á réttingar, bílamálun, rúðuskipti, rúðuvíðgerðir og sérsmiði. Þar fyrir utan þjónustum við mikið til bílaleigur og bílaumboðin, þar með taldar umboðsbifreiðar Brimborgar. Einnig höfum við þjónustað TESLA bifreiðar í tjónavíðgerðum og almennum CLAIM víðgerðum með leyfi TESLA framleiðandans síðan 2013.“ segir Brynjar Smári Þorgeirsson.

Gott orðspor og afspurn

„Það hefur alltaf verið mjög mikið að gera hjá okkur nánast frá upphafi og engin lognmolla. Fyrirtækið var stofnað í ársbyrjun 1973 og hefur ætíð verið í Kópavogi. Það segir líka sitt að fyrirtækið er enn rekið á sömu kennitölu og í upphafi. Fastakúnnahópurinn er orðinn gríðarlega stór og tryggur enda leggjum við ávallt upp með að gera viðskiptavininn ánægðan, sama hversu smátt eða stórt verkið er. Gott orðspor og afspurn er jú besta auglýsingin sem völ er á,“ segir Brynjar.

Allt sem þér gæti dottið í hug!

„Við bjóðum upp á sérsmiði eða „custom“ vinnu fyrir fólk hvað varðar breytingar á bifreiðum og tækjum. Þá bjóðum við upp á lökkun til að breyta lit, almennar breytingar á útliti bíla, erum með spoiler kit, dekk og felgur. Þá erum við með gott úrval af hvers kyns bílatengdum vörum sem og varahlutum. Allt sem þér gæti dottið í hug, það framkvæmum við!“ Bílalökkun Kópsson er með bílaleigu fyrir viðskiptavinum á staðnum ef þörf er á slíku meðan á víðgerð og breytingum stendur. Einnig er fyrirtækið með fritt tjónamat fyrir viðskiptavinum.

Einn nýjasti réttingarþekkur landsins

„Fyrir réttingar þá höfum við yfir að búa einum nýjasta tölvustýrða Car-O-Liner réttingarþekku landsins, sem gerir alla vinnu öruggari og þægilegri. Þá leggjum við mikla áherslu á gæði varahluta sem eru nánast undantekningarlaust keyptir upprunalegir frá framleiðanda hverrar bifreiðar fyrir sig. Við vinnum þá eftir skilvirku gæðakerfi og fyrir-mælum framleiðanda hverju sinni.“



„Við bjóðum upp á mössun og lakkhreinsun bifreiða, ásamt hinum ýmsu lakkvörnum og höfum gert slíkt í áratugi. Gott almennt viðhald er auðvitað besta verðmætavarslan fyrir fólk sem annat er um bifreið sína. En stundum þarf bíllinn smá aukaást og þá er tilvalið að koma t.d. með hann í mössun til okkar. Það skerpir á litnum og gefur flottan glans. Einnig bjóðum við upp á mótörþvott og erum við sérstaklega útbúnir til slíks gufupvotts,“ segir Brynjar.

Bílalökkun Kópsson er staðsett að Smiðjuvegi 68, Gul gata, 200 Kópavogi.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook: Bílalökkun Kópsson ehf

Sími: 586-8484

Netpóstur: bilalokkun@bilalokkun.is





Sámur sápugeterð: Hreinlega ómissandi í bílaprifin

Brynjólfr Grétarsson hefur verið í sápuíðnaðinum í 30 ár og hefur reynt ýmislegt. „Við hjá Sámi höfum alltaf haft það að leiðarljósi að hafa vöruna og sömuleiðis þjónustuna fyrsta flokks. Í mínum huga er viðskiptavinurinn alltaf númer eitt!“ segir Brynjólfr.

Sámur sápugeterð er gamalgróid fyrirtæki á sápuarkaðinum og framleiðir gæða hreinsiefni sem henta fyrirtækjum, heimilum, bílum, matvælaíðnaði og öðrum iðnaði. Nú er tími til kominn að yfirfara bílana og gera þá tilbúna fyrir haustið og komandi vetur. Sámur er með réttu efnin fyrir þig og bílinn þinn.

Túrbó Sámur 2296

Túrbó Sámur 2296 hefur verið á markaðinum hér á landi í yfir 30 ár og allan þann tíma notið gífurlegra vinsælda. Túrbó Sámur hreinsar bæði tjöru og sápuþvæer ásamt því að skilja eftir sig smá bónhúð. Við rétta notkun gefur efnið hámarks árangur. Best er að hafa bílinn blautan þegar efnið er borið/úðað á. Svo skal bursta með þvottakústi/ svampi til að ná af föstum óhreinindum. Mjög mikilvægt er að er að byrja neðst þegar efnið er þvegið af bílnum þar sem mestu óhreinindin eru alla jafna neðst á bílnum. Ef byrjað er efst þá skolarðu burt öllu hreinsiefninu áður en það fær að virka. Notið alltaf kalt vatn því heitt vatn getur skemmt lakkið.

Resol

Resol er mjög öflugur tjöruheinsir

án sápu sem hentar mjög vel á erfiðustu tjörublettina. Oft myndast mikil og erfið tjara á t.d. flutningabilum sem erfitt er að ná af og þá kemur Resol sterkur inn. Flest sambærileg efni má ekki setja á blautan bílinn þar sem efnið verður hvítt og hættir að virka vel. Einnig eru þessi efni þekkt fyrir mikla og sterka lykt. En með notkun Resol frá Sámi eru þessi vandamál úr sögunni. Resol má fara á blautan bíl og af honum er mjög lítil lykt.

Extra hreinsiúði

Extra Hreinsiúði er mjög gott og öflugt alhliða hreinsiefni á fleti sem þola vatn. Úðinn leysir auðveldlega bletti á flestum gerðum áklæða og teppa. Hann vinnur einnig vel á ýmsum gerðum af tússi. Hann virkar enn fremur vel á fitu á t.d. eldavélum, bakarofnum, brenndri fitu í pottum og fleira. Svo virkar hann vel á flísar og fúgur. Gott er að úða á baðkar/sturtubotn og fara síðan með svamprispu yfir. Einnig nýtist hann við þrif á salernum. Extra Hreinsiúði fæst í N1 og Verkfæralagernum Smáratorgi.

Sámur Sterki 1303 er nýtt og mjög öflugt alkalískt hreinsiefni til að þrifa erfið óhreinindi á gólfum og veggjum. Einnig er efnið mjög gott til þrifa í bátum og skipum.

Nánari upplýsingar má nálgast á samur.is
Sími: 517-9303 og 892-9303
Vefpóstur: binni@samur.is
Fylgstu með á Facebook: Sámur Sápugeterð





GÆÐASPRAUTUN OG GÆÐARÉTTINGAR –

Faglegar og umhverfisvænar endurbætur á tjónabílum

Fyrirtækið Gæðasprautun og Gæðaréttingar sérhæfir sig í þjónustu við eigendur tjónabíla og sér til að eigendurnir fái bílana jafn góða til baka eftir viðgerð. Gæðasprautun og Gæðaréttingar er með samstarfssamninga við tryggingafélögin og er traustur áfangastaður fyrir þá ökumenn sem lenda í tjóni og vilja fá bílinn sinn til baka úr tjónaviðgerð á stuttum tíma.

„Ég er með marga ánægða viðskiptavinum sem koma aftur og aftur en við þjónustum bílaleigurnar mikið. Stærstu bílaleigurnar leita mikið til okkar,“ segir Ricardas Navickas, eigandi fyrirtækisins, en hann er frá Litháen. Ricardas hefur búið hér á landi síðan árið 2006 og vegnað afar vel enda fagmaður fram í fingurgóma.

Gæðasprautun og Gæðaréttingar flutti nýlega í stærra húsnæði á sama stað og segir Ricardas að það dugi samt ekki til, enda eftirspurnin eftir þjónustunni mikil. Fimm manns starfa hjá Gæðasprautun og Gæðaréttingum við tjónaskoðun, réttingar og bílasprautun.

Gæðasprautun og Gæðaréttingar býður upp á mjög umhverfisvænar réttingar því ef lakk er ekki skemmt í beyglunni þá geta þeir lagfært skemmdina án þess að nota lakk með því að beita svokölluðum smárettungum. Þar með á engin litabjögun sér stað því það er sami liturinn áfram á tjónaða svæðinu og bíllinn jafn góður og áður. Þessu er náð fram með sérstakri tækni og góðum tækjabúnaði.

„Þetta geta ekki allir gert en við erum með mörg sérhæfð verkfæri til að fást við þessar beyglur og ná þessu fram,“ segir Ricardas sem viðurkennir að tjóna-

vinnan sé mjög erfið og krefjist mikils af þeim sem við hana fást. „Við vinnum okkar vinnu af metnaði og ástríðu,“ segir Ricardas.

Biðtími eftir bíl sem þarf að sprauta eða lakka er oft 2–3 dagar. Gæðasprautun og Gæðaréttingar skilar hins vegar bíl úr viðgerð samdægurs. Þannig sparast bæði mikill tími og kostnaður fyrir bileiganda.

Gæðasprautun og Gæðaréttingar er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem lagar beyglur á þaki bílsins með litlum tilkostnaði. Ricardas segir það mjög algengt að komið sé með bíla til viðgerðar þar sem staðið hefur verið á bílpakinu þannig að sér á bílnum á eftir. Slík viðgerð hefur falið í sér að skipt er um þakið með ærnum tilkostnaði, Gæðasprautun og Gæðaréttingar hins vegar lagar slíkar skemmdir án þess að skipta um þakið eða lakka. Kostnaðurinn er því mun minni en ella.

„Stundum komum við á staðinn og réttum beyglur hjá bileigandanum, til dæmis hjá bílaumboðum og bílaleigum og þessa þjónustu kann fólk mjög vel að meta. Við höfum oft komið á staðinn eftir að viðskiptavinur bílaleigu hefur lent í tjóni og gert við beyglur á hálf tíma eða klukkutíma og allir eru alsælir, málið er leyst,“ segir Ricardas.

Einnig má bæta við að öll efni sem Gæðasprautun og Gæðaréttingar notar við viðgerðirnar eru umhverfisvæn.

Gæðasprautun og Gæðaréttingar er í Súðarvogi 38, Reykjavík. Símanúmer er 557-1515, einnig má senda skilaboð í gegnum Facebook: Gaedasprautun.





Jeppasmiðjan Ljónsstöðum: Þjónusta og vara- hlutir í miklu úrvali

Bræðurnir Ólafur og Tyrfingur Leóssynir stofnuðu Jeppasmiðjuna árið 1990. Upphaflega snerist starfsemin um hvort tveggja varahluti og viðgerðir. Viðgerðir á sjálfskiptingum og almennar jeppaviðgerðir voru þá helstu sérsvið Jeppasmiðjunnar. „Einnig hefur fyrirtækið komið mikið að bílabreytingum í gegnum árin og þessir breyttu bílar hjá ferðaþjónustufyrirtækjunum eru til dæmis flestir með einhverja hluti sem við höfum smíðað,“ segir Tyrfingur.

Sérhæfa sig nú í varahlutum
Í fyrria, þegar Ólafur féll frá, var starfsemi fyrirtækisins skipt upp þannig að varahlutainnflutningur og varahlutasala er nú undir merkjum Jeppasmiðjunnar. Tyrfingur og Unnur, ekkja Ólafs, reka fyrirtækið saman. „Verkstæðið Ljónsstaðir er hins vegar í eigu fimm af okkar fyrri-verandi starfsmönnum og er rekið af þeim. Við erum í miklu og góðu samstarfi við þá en viðgerðarþjónustan er staðsett í sama húsnæði. Við sjáum um varahlutina og þeir um viðgerðir og breytingar.“

Alltaf nóg af varahlutum á lager
Í varahlutainnflutningnum er mikil áhersla lögð á varahluti í bíla sem eru á Bandaríkjamarkaði. „Þar

má nefna Ford, Dodge, Chevrolet, Jeep og svo bandarískar gerðir af Toyota, Mazda, Hyundai, Kia, Subaru o.fl.“ segir Tyrfingur.

Ávallt er mikið til af varahlutum á lager en Jeppasmiðjan pantar aðra varahluti sem vantar hverju sinni jafnóðum og fær tvær sendingar í viku frá Bandaríkjunum. Einnig er Jeppasmiðjan með olíur, frostlög, rúðuvökva og rafgeyma í margar gerðir bíla.

Heimilisfang fyrirtækisins er Ljónsstaðir, sem eru rétt fyrir utan Selfoss, en í vissum skilningi þjónar fyrirtækið öllu landinu. „Við seljum varahluti til verkstæða og almennings um allt land og héðan fara daglega margir pakkar með póstinum og flutningabílum hvert á land sem er. Auk þess fara sendibílar með vörur frá okkur þrjár ferðir á dag til Reykjavíkur,“ segir Tyrfingur.

Jeppasmiðjan er til húsa að Ljónsstöðum, skammt fyrir utan Selfoss.

Símanúmer er 480-0120 en nánari upplýsingar eru á vefsíðunni jepp.is.

Facebook: Jeppasmiðjan ehf



Bræðurnir Ólafur og Tyrfingur Leóssynir.



Vörur

Eigum á lager úrval varahluta frá eftirfarandi fyrirtækjum og pöntum aðrar sérvörur eftir þörfum. Við sérhæfum okkur í Amerískum bílum

FORD, GM, DODGE, NISSAN, TOYOTA, VOLVO,
MERCEDES BENZ, JAGUAR





Bílageirinn: Alhliða þjónustuverkstæði fyrir bíla

Bílageirinn er alhliða þjónustufyrirtæki fyrir bíla, en það er meðal annars vottaður þjónustuaðili fyrir Toyota og Öskju.

Cabas vottað verkstæði

Bílageirinn þjónustar öll tryggingafélög, fyrirtæki, bílaumboð og einstaklinga, en fyrirtækið notar Cabas tjónamatskerfið til að meta viðgerðarkostnað vegna skemmda á ökutæki. Með tilkomu CABAS þurfa ökutækjæigendur ekki að fara í skoðunarstöð tryggingafélaganna til að láta meta tjónið heldur geta þeir farið til verkstæðis með CABAS. Þess má geta að Bílageirinn er í samstarfi við öll tryggingafélög landsins.

Starfsmenn Bílageirans tjónskoða bíla fyrir einstaklinga og gera föst verðtilboð í viðgerðir sem eigendur þurfa sjálfir að bera kostnað af, veita ráðgjöf ásamt því að gera kostnaðaráætlun um viðgerð og verkferla.

Veita viðtæka þjónustu

Bílageirinn veitir viðskiptavinum sínum margs konar þjónustu. Auk þess að vera með tjónaviðgerðir sjá þau líka um hjólastillingar, bremsuprófanir og fleira ásamt öllum almennum bílaviðgerðum og þjónustuskodunum.

Bílageirinn er staðsettur í Grófinni 14 í Reykjanesbæ og eru starfsmenn þekktir fyrir að veita hágæða þjónustu og vinnu.

Starfsmenn Bílageirans eru með áratuga reynslu og eru þjálfaðir hver í sínu fagi.


Starfs-

mennirnir sækja meðal annars námskeið erlendis einu sinni á ári til að fylgja eftir þróun á efnunum sem birgjar þeirra bjóða upp á. Þess má einnig geta að þeir sækja auk þess öll þau námskeið sem eru í boði erlendis svo að þeir geti skilað af sér góðri og ábyggilegri vinnu til viðskiptavina sinna.

Hægt er að hafa samband við Bílageirinn í síma er 421-6901 eða með tölvupósti á mottaka@bilageirinn.is www.bilageirinn@bilageirinn.is



TOYOTA




Bílageirinn

BÍLAFJÓNUSTA

Viðurkennt CABAS-verkstæði • BGS - gæðavottun • 5 stjörnu verkstæði

ALLT Á EINUM STAÐ FYRIR BÍLINN ÞINN

- BÍLASPRAUTUN
- RÉTTINGAR
- BIFREIÐAVERKSTÆÐI
- SMURSTÖÐ
- HJÓLASTILLING
- BREMSUPRÓFUN



Grófin 14a, 230 Reykjanesbæ
Sími 421 6901
www.bilageirinn.is
bilageirinn@bilageirinn.is



TOYOTA



KIA MOTORS

Viðurkennt þjónustuverkstæði



Betra Grip: Frábær dekk fyrir íslenskar aðstæður

Betra Grip er öflugt fyrirtæki sem starfrækir smurþjónustu og sinnir viðgerðum og dekkjaþjónustu ásamt heilidsölu.

Betra Grip er umboðs- og sölu-aðili fyrir Bridgestone á Íslandi, en undir Bridgestone eru dekkjaframleiðendurnir Bridgestone, Firestone, Siberling, Dayton og Bandak. Bridgestone og Firestone framleiða dekk undir allar tegundir farartækja meðan vörulína Siberling og Dayton afmarkast við algengustu fólksbíla- og vörubíladekk. Bandak sér um að sóla dekk.

Frábær valkostur fyrir íslenskar aðstæður

Betra Grip hefur til sölu hin vinsælu loftbóludekk frá Bridgestone. Loftbóludekkinn eru framleidd undir merkjunum Blizzak, DM-V2 og WS80. Blizzak er í raun vetrarlína frá Bridgestone og þar undir eru fjölmargar mynsturtegundir og gúmmíblöndur. DM-V2 og WS80 eru línur sem ætlaðar eru fyrir aðstæður sem svipar til aðstæðna á Íslandi. Dekkin eru góð í snjó og hálfu, bæði þurri og blautri. Mjúkt mikróskorið gúmmíð gerir það að verkum að það gripur vel í snjóinn og þurru hálkuna. Loftbólúhrifin draga til sín raka og hjálpa mjúka gúmmíinu að ná gripi á blautum ís. Þau eru rásföst og þægileg keyrsludekk og henta einstaklega vel sem heilsársdekk þar sem hitamunur á vetri

og sumri er ekki svo mikill á Íslandi.

Blizzak loftbóludekkinn skora vanalega mjög hátt í alþjóðlegum könnunum þar sem að þau eru mjúk, lágvær og endingargóð dekk fyrir erfiðustu vetraraðstæður.

Ráð í dekkjakaupum

Þegar kaupa skal ný dekk þarf að huga að því að þau henti þeim aðstæðum sem á að nota þau í. Dekkin eru eini snertiflöturinn við veginn og því er mikilvægt að þau séu góð. Það er til dæmis ekki sniðugt að eyða milljónum í nýjan bíl og setja hann síðan á ódýr dekk sem henta ekki íslenskum aðstæðum.

Einnig er gott að huga að umhverfispættinum, en mikil vitundarvakning hefur orðið í þeim efnum upp á síðkastið. Svifryksmengun er að verða mikið vandamál sem er að stórum hluta nagladekkjum að kenna. Það er ekki lausn að fara yfir á rafmagnsbíl og keyra áfram á nöglum. Rafmagnsbíll á nagladekkjum veldur í raun meiri svifryksmengun en sambærilegur bíll þar sem hann er þyngri. Lausnin er því að færa sig yfir á góð vetrardekk til að minnka svifryksmengun.

Starfsfólkið hjá Betra Grip veitir heildarlega þjónustu, en það er með mikla reynslu og þekkingu á þessu sviði. Þó svo að mesta áherslan sé lögð á loftbóludekkinn þá framleiðir Bridgestone mörg önnur frábær



dekk sem í sumum tilvikum gætu hentað betur en loftbóludekkinn. Einnig geta undirmerkin Firestone, Siberling og Dayton komið sterk inn þar sem þau eru mun ódýrari en Bridgestone.

Hægt er að hafa samband við Betra Grip í síma 533-3999 eða senda fyrirspurn á betragrip@betragrip.is Einnig er hægt að koma í Guðrúnartún 4 og fá ráðgjöf. www.betragrip.is



Myndir: Eyþór Árnason

Toppur: Hámarks þjónusta frá toppi til táar

Bifreiðaverkstæðið Toppur hefur verið þjónustuverkstæði fyrir BL í háa herrans tíð en verkstæðið sjálft hefur verið starfandi frá árinu 1980.

Allar almennar bílaviðgerðir
Starfsmenn Topps eru sex talsins og sinna öllum almennum bílaviðgerðum og viðhaldi svo sem bremsuklossaskiptum og bremsuviðgerðum, tímareimaskiptum, hjólastillingu og kúplingaskiptum. „Við erum þó ekki að sinna málningu og bílaréttingum þó svo við gerum næstum því allt annað.“ Í gegnum tíðina hefur bílaviðgerðarbransinn breyst töluvert með tilkomu aukinnar notkunar á tölvustýringu í nýrri bílum. „Tímarnir breytast og mennirnir með og því höfum við fylgt þróuninni eftir með námskeiðum, verkfærum og fleiru til þess að geta sinnt öllum bifreiðaviðgerðum. Þá búum við að fullkomnustu bilanagreiningartölvum sem völ er á sem geta lesið og bilanagreint allar helstu bifreiðar.“

Taka vel á móti öllum

Eins og áður sagði er Toppur meðal annars þjónustuverkstæði BL. „Við erum mikið til í þjónustueftirliti og ábyrgðarvinnu fyrir BL á Renault, Subaru og Nissan og uppfyllum allar þær kröfur sem þeir gera sem og alla staðla Bilgreinasambandsins. En að sjálfsgöðu sjáum við um viðgerðir á öllum gerðum bíla og tökum vel á móti öllum viðskiptavinum.“

**Nánari upplýsingar má nálgast á www.toppur.is
Skemmuvegur 34,
Kópavogi
Sími: 557-9711
toppur@toppur.is**





Ert þú búin/nn að verja bílinn fyrir veturinn?

Saltið á götunum, sífelldar frosthörkur og þíða sem og grjótkast eru hvítleiðir fylgifyskur íslenska vetrarins og eiga það allir sameiginlegt að fara illa með bílalakkið. Sérstaklega er saltið alger erkióvinur lakksins. Það er því gullin þumalputtaregla að setja varnarhúð á lakkið áður en veturinn skellur á í öllu sínu veldi. Það er hægt með því að bóna bílinn vel og vandlega eða skella á hann keramikhúð.

Massabón flutti nýlega í glæsilegt húsnæði að Auðbrekku í Kópavogi. Massabón er alhliða bónverkstæði sem býður upp á fjölbreytta þjónustu í bílþrifum og viðhaldi á bílalakki. „Hægt er að velja á milli þrif- og bónpakka hjá okkur sem gefa góða vörn gegn saltinu og skitnum sem fylgir íslenskum vetri. Fyrir vikið verður einnig töluvert auðveldara að skola af bílnum. Óhreinindin hreinlega renna af honum. Með reglulegu viðhaldi og bóni á lakki viðheldur þú einnig verðgildi nýs bíls. Þú kemur með bílinn til okkar og við ráðleggjum um það sem þarf að gera. Í sumum tilfellum er nóg að þrifa og bóna, í öðrum mælum við með mössun ef lakkið er illa farið. Keramikhúðin er svo toppurinn þegar kemur að því að verja lakkið, en sú meðferð dugir í allt að tvö ár,“ segir Hallur Sigurðsson.

Pakki 1. Alþrif. Dugir í um 3 mánuði. Hefðbundinn þrif- og bónpakki þar sem bílinn er tjöru- og sápuþveginn með ullarsvampi. Hægt er að bæta við leirun gegn vægu gjaldi. Við leirun losnarðu 100% við öll óhreinindi sem hafa sest fyrir í litlum rispum í lakkinu. Eftir þurrkun er borðið efni á allt plast til ná fram dýpri lit. Þá eru rúður þvegnar. Næst er

billinn bónaður með CarPro bóni og dekkgljái borinn á öll dekk. Að lokum er innrétting ryksuguð, þurrkað af öllu og mottur þrifnar. Bónið veitir góða lakkvörn í allt að þrjú mánuði.

Pakki 2. Keramikhúðun. Dugir í allt að 2 ár.

Fyrir þá sem vilja aukavörn og lengri endingu mælum við með keramikhúðun. Í þessum pakka fylgir allt það sama og í pakka 1. Bílinn er einnig leiraður. Svo er keramikhúð borin á sem dugir í allt að tvö ár. Þessi pakki er nokkuð dýrari en hefðbundni pakkin en dugir líka þeim mun lengur.

Hér er búið að massa hálfu hurðina. Það sést ótrúlegur munur.

„Einnig tek ég að mér að massa bíla. Með mössun er hægt að fjarlægja grunnar rispur og jafnvel nokkuð stórar, en auðvitað ekki þær sem ná niður fyrir málningarlagið. Bílinn verður í kjölfarið rennisléttur og alveg eins og nýr.“

„Við erum með úrval af fyrsta flokks bóni og hreinsiefnum fyrir bílinn og getum ráðlagt viðskiptavinum okkar um notkun þeirra.“

Hægt er að kaupa Cquartz keramikhúð hjá Massabóni. Cquartz UK 3.0 er hardasta keramikhúðin sem fæst á markaðnum í dag. Cquartz UK er hardara en hefðbundin glæra á bíl og eykur því þol bílsins gegn rispum og hrindir hann betur frá sér óhreinindum t.d. tjöru og salti. Efnið er unnið úr kísildíoxíði (SiO₂) (70% af innihaldi Cquartz) og er þetta fyrsta varan á markaðnum sem inniheldur svona mikið magn af hreinu SiO₂. Efnið er auðvelt í notkun og í raun ekkert erfiðara að bera það á heldur



en að bóna bíl með hefðbundnu bóni, en nauðsynlegt er að vera með aðgang að bílakjallara eða þurrurými þegar efnið er borðið á.

Hydro2 Lite er stórsniðugt bón sem myndar vatnshrindandi húð á lakk og aðra fleti og gefur fallegan gljáa. Efnið er afar einfalt í notkun og þarf ekki að gera meira en að úða bónum yfir bílinn og skola af. Þá ertu búinn að bóna bílinn. Efnið er öruggt til notkunar á alla fleti bílsins. Lakk, gler, plast og felgur.

IronX frá CarPro er öflugt hreinsiefni til notkunar á öll farartæki, bæði felgur og lakk, og var þróað sem lausn til að fjarlægja óhreinindi af bílum umfram það sem hefðbundinn þvottur eða leir getur gert. Lausnin skiptir um lit þegar hún kemst í snertingu við járneindir á lakkinu og verður þá rauð/fjólublá á litinn. Öruggt að nota á ál, króm, plast og lakk.



Massabón er umboðsaðili fyrir CarPro bilavörurnar og selur vörur sínar í vefversluninni massabon.is sem og á verkstæði sínu í Auðbrekku 25–27, Kópavogi. Fylgstu með á Facebook: Massabón Instagram: Massabon2 Snapchat: Massabón

JÁKÓ
- efni sem virka

Fagmennska

Okkar starfsfólk eru sérfræðingar á sínu sviði og veitir þér ráðgjöf við val á réttum efnum fyrir þig.



Komdu til okkar og fáðu allt fyrir bílinn þinn

EFNI SEM VIRKA!

Hreinsiefni

- Fyrir bíla
- Matvælaiðnað
- Landbúnað
- Sjávarútveginn

Rekstrarvörur

- Háprýstidælur
- Sandblásturstæki
- Verkfæri
- Þvottavélar

Áratuga reynsla

Við höfum áratuga reynslu í framleiðslu hágæða heinsiefna sem henta einstaklega vel fyrir bílinn, verkstæðið, matvælaiðnaðinn, landbúnaðinn og sjávarútveginn.



SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA

Auðbrekka 23 - Kópavogur - 564 1819 - jako@jako.is - jako.is

Opnunartími

Mán - Fim: **08 - 17**
Föstudaga: **08 - 16**

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.

Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is



Bílaleiga með jákvæðasta orðsperið auglýsir eftir arftaka

Snaill.is bílaleiga er fyrsta bílaleigan á Íslandi sem bauð upp á breytta bíla til ferðalaga með svefnplássi. „Við hjónin byrjuðum með tvo bíla fyrir tíu árum og eftir það byrjuðu hjólin að snúast hratt. Áður einskorðuðust valkostir ferðamanna við dýra húsbíla eða bíl með tjaldi og voru ferðamennirnir snöggir að koma auga á þennan hagkvæma og þægilega ferðakost sem Snail býður upp á. Á síðustu tíu árum hefur markaðurinn breyst töluvert hér á landi og upp hafa sprottið tugir bílaleiga sem bjóða upp á svipaða bíla og við. Nú er komið að því að við Árni erum að fara á eftirlaun. Okkur langar til þess að fyrirtækið hljóti framhaldslíf og leitum því að góðum eftirmanni eða konu til að taka við rekstrinum,“ segir Sigrún E. Unnsteinsdóttir.

Sniglast um landið

„Nafnið Snail er hugarústur húsbóndans og kemur til af því að við erum að bjóða upp á breytta bíla sem eru ekki endilega þeir allra nýjustu, en þó vel útbúnir og hentugir til ferðalaga. Að auki fara sniglar ferða sinna með heimilið á bakinu, líkt og þeir sem keyra Snail-bílana. Þeir sniglast áfram um fjöll og firnindi.“

Góður og heimilislegur andi

Það er ótrúlega þægilegur andi yfir Snail-fyrirtækinu enda reyna hjónin að hafa allt eins persónulegt og heimilislegt og hægt er. „Allir bílarnir okkar er fullbúnir og þeim fylgir allt til ferðalagsins. Svefnpokar, sængur, koddar, gaseldavélar, eldhúsgræjur. Við höfum alltaf stefnt að því að útbúa bílana eins og við værum sjálf að fara í ferðalag. Einnig tökum við á móti öllum viðskiptavinum okkar eins og um gesti væri að ræða. Fólk hefur verið svo yfirmáta ánæggt með þjónustu okkar að það kemur aftur og aftur. Það var til dæmis einn viðskiptavinur, læknir frá Brehmen, sem leigði hjá okkur bíl fyrsta árið

sem Snail starfaði. Síðan þá hefur hann komið fimm sinnum í viðbót og alltaf fengið að leigja sama bílinn. Þegar hann frétti að við værum að hætta að vinna þá keypti hann sér sams konar bíl, kom hingað með Norrænu og heimsótti okkur í sumar. Við fórum út að borða saman og á tónleika. Annar viðskiptavinur, þýskur dýralæknir, hefur komið til okkar þrisvar. Við hjálpuðum henni að kaupa sér sumarhús í Stykkishólmi. Við fáum ótal póstkort frá viðskiptavinum okkar úti í heimi og eigum heimboð til langflestna. Nú er tíminn til að nýta sér það. Ætli við eigum ekki eftir að ferðast á milli landa með fría gistingu í fimm ár?“ segir Sigrún og hlær.

Reka menn ekki út í gaddinn

Snail.is starfar sex mánuði á ári, frá maí til október. „Við höfum valið það að bjóða ekki upp á Snail-bílana yfir vetrarmánuðina enda búum við á Íslandi og við vitum öll hvernig það er á veturna. Það er illfært fyrir þessa bíla og svo er eiginlega ekki mönnum bjóðandi að sofa úti í bíl í snjó og gaddi. Starfsfólk okkar kemur víða að úr heiminum til þess að vinna með okkur yfir sumarmánuðina.“

Við höfum haft fólk frá Tékklandi, Þýskalandi, Finnlandi og Póllandi sem við höfum bundist vinaböndum. Við vorum boðin í brúðkaup í Tékklandi fyrir tveimur árum og auðvitað skelltum við okkur. Sú sem var að gifta sig hafði unnið hjá okkur þrjú sumur í röð. Við höfum líka haft pólskan bifvélavirkja síðustu þrjú sumur sem er virkilega klár og heldur bílunum okkar í toppformi. Það er virkilega gaman að starfa á vinnustað þar sem allt er á persónulegu nótunum og kunnarnir finna það þegar þeir koma til okkar.“

Núll neikvæðar umsagnir á TripAdvisor

Snail.is er eina bílaleigan á landinu sem er ekki með eina einustu nei-



kvæða umfjöllun á TripAdvisor. „Við höfum aldrei þurft að auglýsa okkur enda sér fólk á ummælunum hvers konar rekstur þetta er. Við höfum auðvitað verið heppin með viðskiptavinum, en ég held að viðhorf okkar til rekstrarins hafi ennþá meira að segja þegar kemur að ánægðum viðskiptavinum. Ef það kemur eitthvað upp á og viðskiptavinur þarf hjálp, þá brunum við af stað, hvar sem hann er staddur á landinu. Ef það er ekki hægt að komast á staðinn tímanlega þá björgum við flutningi á næsta hótél og borgum nóttina undir ferðalanginn/-langana. Einnig höfum við fengið gott klapp á bakið frá Sjóvá. Þegar við vorum að byrja voru tryggingafélög in treg að veita okkur tryggingu. En eftir tíu ár í þessum bransa höfum við bara misst einn bíl og erum við og Sjóvá afar ánægð með þann árangur. Auk þess erum við mjög dugleg í forvarnardeildinni. Við höldum ítarlegan fyrirlestur fyrir alla okkar viðskiptavinum um það að ferðast um Ísland á mismunandi árstíma. Fólk er því vel undirbúið þegar það fer af stað í ferðalagið.“

Leita að arftaka

Eftir að Sigrún og Árni byrjuðu fyrst að leigja út bílana fjölgaði hratt í kunnahópnum. „Þetta byrjaði á tveimur bílum og fyrir tveimur árum vorum við komin með 60 bíla. Í dag höfum við dregið þetta aðeins saman enda erum við bæði komin á aldur og orðin þreytt. Í dag erum við með 35 bíla. Karlinn er kominn á eftirlaun og ég á ekki langt í þau. Því erum við í raun að auglýsa eftir arftaka að fyrirtækinu. Þetta hefur verið góður og heiðarlegur rekstur í tíu ár og okkur langar til þess að fyrirtækið fái framhaldslíf. Það er margt hægt að gera með fyrirtæki sem hefur jafn gott orðspor og Snail,“ segir Sigrún.

Nánari upplýsingar má nálgast á
www.snail.is

Tangarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 533-1919

Vefpóstur: snail@snail.is

Fylgstu með á Facebook:

Snail.is – Motorhome Rental



Ávinningur fyrir umhverfið og bankareikninginn að kaupa notaða bílaparta

Bílapartasalan Japanskar Vélar hefur verið starfrækt í tæp 30 ár. „Við erum þrjú sem störfum hjá Japönskum Véllum, það er ég, dóttir mín Dagrún og svo Damian sem er mikill þúsundþjalasmiður. Við erum aðallega í því að kaupa tjónabíla af tryggingafélögunum, einstaklingum og á bílauppboðum eins og hjá Króki og rífa niður í bílaparta. Aðallega kaupum við bíltegundir frá Asíu og Evrópu,“ segir Hlöðver Hjálmarsson.

Stór og góður lager

Alla jafna eru um 150–200 bílar í umferð hjá Japönskum Véllum og því góður möguleiki á að partasalan eigi nákvæmlega varahlutinn sem þig vantar. „Ferlið er einfalt og virkar þannig að viðskiptavinur hefur samband við okkur í síma 565-3400, tölvupósti: japvel@carparts.is eða gegnum Facebook messenger og telur fram hvaða varahlutur vantar. Þá förum við í gegnum lagerinn okkar og leitum að viðeigandi bílapart. Við reynum að svara eins fljótt og auðið er hvort við eigum það sem vantar eður ei.“

Sparaðu tíma, flutning og endsneyti

Það felst gríðarlegur ávinningur fyrir bæði budduna og umhverfið í að endurnýta varahluti frekar en að flytja þá inn glænýja úr verksmiðjunni. „Í langflestum tilfellum gerir notaður bílapartur nákvæmlega það sama og nýr varahlutur. Það er ótrúleg soun að henda bara gömlum bílum og kaupa allt glænýtt og ónotað. Svo ég tali nú ekki um sparnað í tíma, flutningi og eldsneyti. Nýjan varahlutur þarf að smíða og flytja, oftar en ekki á milli landa sem getur tekið langan tíma. Það jarðeldsneyti sem fer í bæði framleiðslu og flutning sparast við það að nota einfaldlega notaðan bílapart. Hvers vegna ekki að athuga fyrst hvort við eigum varahlutinn?“ segir Hlöðver.



Japanskar Vélar ehf.
 Dalshraun 26,
 220 Hafnarfjörður,
 Sími: 565-3400
 japvel@carparts.is
 Fylgstu með
 á Facebook:
 Japanskar vélar ehf



STÖÐVIÐ BLÆÐINGU



Hægt að treysta búnaðinum frá Donna á ögurstundu

Donna ehf. er leiðandi verslun með mikið úrval af búnaði sem ætlaður er til aðhlyningar og flutnings á slösuðum. „Viðskiptavinir okkar eru meðal annars sjúkrahús, sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, lögregla, almannavarnir, björgunarsveitir og fleiri aðilar. Donna ehf. er með nánast allt til þess að meðhöndla sjúkling frá þeim tímapunkti sem hann er sóttur á slysstað, uns hann kemur á sjúkrahúsið. Við erum til dæmis einn stærsti seljandinn á landinu á hjartastuðtækjum,” segir Ólafur Magnússon, stofnandi og eigandi fyrirtækisins.

Eingöngu viðurkenndar gæðavörur
Vörurnar má panta í vefversluninni donna.is. „Við leitumst við að bjóða aðeins viðurkenndar gæðavörur þar sem viðskiptavinir okkar verða að geta treyst þeim á ögurstundu við erfiðustu aðstæður.“

Sett til þess að stöðva slagæða-blæðingar

Donna selur sett frá SamMedical sem nefnist Bleeding Control Kit og er ætlað til stöðvunar á slagæða-blæðingum. Settið er sérlega hentugt þegar um alvarleg umferðarslys eða önnur óhöpp er að ræða. „Við höfum orðið vitni að mjög stórum og skæðum bilslysum undanfarid og miklar blæðingar geta leitt

fljótt til dauða. Svona búnaður, til það stöðva blæðingu, getur komið sér afar vel þegar langt er í næstu hjálp.“

Stöðvið blæðingu settið inniheldur:

- SAM XT Tourniquet (snarvöndul),
- einnota hanska,
- slyskæri,
- lofttæmda og sæfða pressaða grisju,
- tússpenna (varanlegt blek),
- þrýstiböggul og leiðbeiningar.

Bleeding Control Kit pokinn er í lofttæmdum umbúðum og innsiglaður. Einfalt er að opna pokann og nota búnaðinn með því að rífa hann upp og renna aftur með plastlásnum.

Gul blikkljós ljós fyrir atvinnubifreiðar
Einnig selur Donna ljós fyrir atvinnubifreiðar. „Við erum með fjölbreytt úrval af gulum og bláum viðvörunarljósum og ljósabogum af öllum stærðum og gerðum fyrir allar gerðir atvinnubíla. Öll ljósin frá okkur eru afar vönduð og með evrópskar viðurkenningar og vottanir.“

Nánari upplýsingar og fleiri vörur má nálgast á donna.is
Donna ehf. er staðsett að Móhelli 2, 221 Hafnarfirði
Sími: 555-3100
Vefpóstur: donna@donna.is



VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

Veldu umhverfisvæn og öruggari

dekk



Green Diamond harðkornadekk

eru einu umhverfisvænu
dekkinn á markaðnum!



**Öruggasti valkosturinn
í stað nagladekkja***

[Björgunarfélagið Eyvindur á Flúðum notar
Green Diamond undir forgangsbifreið sína]



Við höfum nú notað Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreið okkar í sjö ár. Dekkin standa allar okkar kröfur s.s. um öryggi, mýkt og endingu. Þau eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo hagstæðu verði. Auk þess eru þau umhverfisvæn.

Borgþór Vignisson, formaður
Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.

UMHVERFISMÁLIN OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Aukin sjálfbærni og betri loftgæði eru stærstu mál samtímans og varða okkur öll! Þar þurfum við öll að leggja okkar af mörkum. Þegar þú velur Green Diamond harðkornadekk stuðlar þú að bættum loftgæðum, endurvinnslu og sjálfbærni – Íslenskt hugvit og þróun.

Í Green Diamond
heilsársdekkjum eru
iðnaðardemantar sem:

*www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- endast allan líftíma dekkisins

Ath. iðnaðardemanta
er ekki að finna í
neinum öðrum „korna“
dekkjum á Íslandi.

PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is



Harðkornadekk er ekki það sama og harðkornadekk þegar kemur að því að skipta út hjólbörðum. „Það eru aðilar að auglýsa harðkornadekk til sölu sem komast hvergi nálægt því að standast samanburð við Green Diamond harðkornadekkinn. Ég er ekkert hræddur við að fullyrða að dekkinn frá okkur eru bestu demantsdekkinn á markaðnum, ef ekki bara bestu dekkinn yfirleitt,“ segir Kristinn Sigurðsson. „Mestu skiptir að iðnaðardemanturinn nær inn úr öllu slitlagi dekkisins. Þetta er mjög mikilvægt þar sem það eru tvisvar til þrisvar sinnum meiri líkur á því að ökumaður á slitnum hjólbörðum valdi umferðaróhappi en ökumaður á nýlegum dekkjum.“

Iðnaðardemanturinn í Green Diamond harðkornadekkinu sést vel, en hann er í öllu slitlagi dekkisins, sem eykur öryggi bifreiðarinnar mjög mikið.

Íslenskt hugvit slær í gegn

Green Diamond hafa verið framleidd í Evrópu í meira en í 15 ár samkvæmt einkaleyfi íslenskra frumkvöðla sem fengið var upp úr síðustu aldamótum. „Markmiðið var að leysa nagladekkinn af hólmi á suðvesturhorni Íslands. Eins og menn vita spæna nagladekkinn upp malbikið sem eykur mikið á svifryksmengun sem veldur einu af erfiðustu heilsufarsvandamálum í Evrópu. Þess má geta að allt að 25% af svifryksmyndun á höfuðborgarsvæðinu er talin vera af völdum nagladekkjanotkunar. Svo má bæta við að rannsóknir dr. Haraldar Sigþórssonar umferðaverkfræðings hafa sýnt fram á hversu ofmetið öryggi nagladekkja er í umferðinni samanborið við aðrar gerðir vetrardekkja.“ Haraldur dregur niðurstöður sínar fram með eftirfarandi hætti:

Ávinningur umferðaröryggis af völdum nagladekkja er mjög lítill.

Nagladekk veita falska öryggiskennd. (Ökumenn á negldum hjólbörðum aka að jafnaði allt að 10–15% hraðar því þeir „trúa“ því að þeir búi við meira öryggi.)

Slitnir negldir hjólbardar eru lélegir rétt eins og allir eyddir hjólbardar (Innsk. Á þó miklu síður við harðkornadekkinn frá Green Diamond þar sem demanturinn er í öllu slitlagi dekkisins).

Hugarfar ökumanna hefur meira að segja en naglar í hjólbörðum.

Ónegldir hjólbardar eru alltaf að batna og verða fýsilegur kostur.

Svifryk frá negldum hjólbörðum er mjög heilsuspillandi.

Notkun negldra hjólbarda veldur hávaðamengun.

Hemlunarvegalengd á auðu malbiki eykst aðeins ef ekið er á negldum hjólbörðum.

Harðkornadekk frá Green Diamond virka fullkomlega allan ársins hring í nánast öllum aðstæðum.

Á veturna veita 2 mm iðnaðardemantarnir gott grip í ísingu, og í rigningu nær demanturinn í gegnum vatnsfilmuna, gripur í malbikið og eykur því rásfestu bifreiðarinnar til muna. Dekkin fást í 14–18 tommu stærðum sem henta bilum frá fólksbilum til minni langferðabíla.

Jaðrar við vörusvik

„Þegar kom að því að sækja um einkaleyfið láðist mönnum að skrá nafnið „harðkornadekk“ og skilgreina hvað mætti teljast sem slíkt. Í Green Diamond fólksbíladekki eru 300–400 grömm af 2 mm iðnaðardemöntum í hverju dekki fyrir sig, sem dreifast í allt slitlag dekkisins. Þegar dekkinn slitna þá varir virkinn allan líftíma dekkjanna. Hjá samkeppnisaðilum er algengt að kornin sé einungis að finna í ysta slitlagi dekkjanna og þegar þau slitna, þá eru þau einfaldlega ekki harðkornadekk lengur. Það er ekkert eftir af demantinum í þeim. Green Diamond dekkinn innihalda jafnvel yfir tíu sinnum meira af iðnaðardemöntum en dekk frá samkeppnisaðilum sem auglýsa harðkornadekk. Þegar lítið er á þessar tölur sést að hér er alls ekki um samanburðarhæfa vöru að ræða og jaðrar það, að tala um harðkornadekk í flestum tilfellum, við fátt annað en vörusvik,“ segir Kristinn og bætir við að Green Diamond harð-

kornadekkinn séu einu dekkinn sem standa undir þeim fullyrðingum sem haft er um harðkornadekk.



Fjöldi prófana hefur verið gerður af óháðum aðilum á eiginleikum Green Diamond harðkornadekkjanna.

- Í slitprófun á demantsdekkjum kom fram, að jafnaði slíta harðkornadekk malbikinu fjórtán sinnum minna en negld dekk.
- Í prófun á móti negldum dekkjum á blautum ís við 0°C kom fram að demantsdekk tóku negldum dekkjum fram þegar dekkinn rúlla á yfirborðinu líkt og við ABS-hemlun eða í keyrslu.
- Hljóðmengunarpróf sýndi fram á að við 60 km hraða framkölluðu demantsdekkinn sama hávaða og venjuleg dekk á meðan nagladekk gáfu frá sér 2–3 sinnum meiri hávaða.
- Prófun á blautum ís við frostmark (þegar glæran læðist að okkur) sýndi fram á að í beygjuprófi voru Green Diamond harðkornadekk 32% betri en næstbesta dekkið og í bremsu-prófi voru þau 36% betri en næstbesta dekkið.

Einu umhverfisvænu dekkinn á Íslandi

Það er leitun að vöru sem stuðlar að jafnmikilli sjálfbærni og umhverfisvernd og Green Diamond harðkornadekkinn. „Þetta getum við fullýrt þar sem við framleiðslu þeirra er notast við eldri belgi sem upphaflega voru framleiddir fyrir fleiri en eitt slitlag. Framleiðslutækninni við endursólningu hefur fleygt mikið fram og notumst við við sambærilega tækni og þekkest við endursólningu hjá Formúlu 1 og í flugvélabransanum, s.k. „strip winding“ aðferð. Þetta þýðir að nýja dekkið er nálægt 70% eldri belgur sem er endurnýttur og við það sparast á

bilinu 50–100 lítrar af jarðefnaeldsneyti við framleiðslu á einum dekkjagangi. Okkur, sem hjólbardaframleiðendum, ber siðferðisleg skylda til þess að endursóla dekk og stuðla þannig að aukinni sjálfbærni og umhverfisvernd. Með því einu að leysa nagladekk af hólmi, kemur notkun harðkornadekkja í veg fyrir þá miklu svifryksmengun sem annars hefði orðið. Green Diamond harðkornadekkinn hafa mjög góða endingu, en dæmi eru um þau endist allt að 75.000 km. Með betri endingu og löngum líftíma er enn fremur hægt að minnka framleiðslu og flutning á dekkjum.“

Þessir aðilar standa við stóru orðin í umhverfisvernd!

„Það er komin góð reynsla á notkun á Green Diamond dekkjum frá traustum og ábyrgum aðilum en við erum m.a. í traustu sambandi við Hafnarfjarðarbæ, Ísavia, Ístak, Öryggismiðstöðina og fjölda aðra stóra aðila. Ístak kaupir af okkur nálægt 150 dekk á hverju einasta ári. Þessi viðskipti eru eðlilega komin til vegna almennrar ánægju með dekkinn, en einnig sannarlega vegna stefnu fyrirtækjanna og stofnananna um að stuðla að aukinni sjálfbærni og umhverfisvernd. Í ljósi stöðugt aukinnar umræðu um mikilvægi umhverfisverndar og aukinna loftgæða þá trúum við því að mörg fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög hjóti að skoða til hlítar þann möguleika að setja bifreiðar sínar á umhverfisvænu Green Diamond harðkornadekk.“

Hægt er að panta Green Diamond harðkornadekk með því að senda tölvupóst á panta@hardkornadekk.is eða í síma 694-7720.

Hægt er að sækja pöntuð dekk í Dekkjaþjónustuna að Auðbrekku 2 í Kópavogi eða fá fría heimsendingu innan höfuðborgarsvæðisins.

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





Ljósboginn er rótgróið fyrirtæki sem starfað hefur í rúmlega 60 ár

Ljósboginn er verslun sem sérhæfir sig í sölu alternatora og startara í allar tegundir bíla, vinnuvéla og báta. Við leggjum mikla áherslu á að eiga fjölbreyttan lager af original og eftirmarkaðs vörum frá birgjum í Hollandi, Þýskalandi og víðar. Einnig flytjum við inn rafstöðvar í öllum stærðum og eigum til á lager rafstöðvar frá 1-6kW. Síðan erum við með mikið úrval af ljósabúnaði á kerrur og vagna, vinnuljós og viðvörunarljós. Aðalljós og afturljós á vörubíla og hjólkoppar frá 15" upp í 22,5" fyrir vöru- og sendibíla.

Saga fyrirtækisins

Ljósboginn var stofnaður árið 1957 af Sveini B. Ólafsyni rafvélaeistara. Var fyrirtækið þá staðsett að Hverfisgötu. „Þar unnu menn aðallega við að vinna rafmótora og við viðgerðir á dínamóum og störturum. Einnig var unnið við húsarafagnir og rafvéla viðgerðir ásamt fleiri tilfallandi verkefnum svo sem viðgerðir á jólaseríum og einnig öðrum heimilisrafmagnshöldum. Á þessum tíma var náttúrulega engu hent sem einhver not voru í. Það var reynt eftir fremsta megni að lægfaera alla hluti,“ segir Sveinn.

Reksturinn breytist

Árið 1980 festi Ljósboginn kaup á húsnæði að Mjólnisholti. Þar var mun rýmra um reksturinn og var innflutningur á efni til endurnýjunar á rafmóturum, dínamóum og störturum orðinn mun umsvifameiri. Árið 1986 flutti Ljósboginn í Rauðagerði, en þá hætti Sveinn viðgerðum á rafmóturum, alternatorum og störturum. Hann sneri sér þá aðallega að innflutningi á alternatorum og störturum og tengdum varahlutum. Næstu árin þjónaði fyrirtækið aðallega rafvéla verkstæðum og einstaklingum.

Reksturinn í dag

Árið 2006 seldi Sveinn Ljósbogann til Ársæls Friðrikssonar og Þórarins Ásgeirssonar. Fljótlega eftir sölu flutti Ljósboginn að Bildshöfða 14 í stærra húsnæði. Nýju eigendurnir hafa unnið í því að fjölga vöruflokkum til að geta sinnt þörfum viðskiptavinnanna sem allra best og bjóða góðar vörur á hagkvæmu verði.

Nánari upplýsingar má nálgast á
www.ljosboginn.is
Bildshöfða 14, 110 Reykjavík
Sími: 553-1244
Netpóstur: ljusbogin@ljusboginn.is


ALTERNATORAR & STARTARAR

Í FÖLKSBILA, JEPPA, VÖRUBILA OG VINNUVÉLAR



- ✓ Bildshöfði 14, 110 Reykjavík
- ✓ Sími: 553 1244
- ✓ ljusboginn@ljusboginn.is
- ✓ www.ljosboginn.is

RAFSTÖÐVAR



- KIPOR RAFSTÖÐVAR**
- 1-6 KVA
 - Mjög hljóðlátar (54-75 dB)
 - Fyrir bændur og iðnaðarmenn
 - Í húsbílinn, sumarbústaðinn o.fl.



KitchenAid – Ástríða og nýjungar í 100 ár

Síðan hin heimspekkta hræivél var fyrst kynnt til sögunnar árið 1919 og fyrsta uppvottavélin 1949, hefur KitchenAid byggt á grunni þessara goðsagnakenndu tækja til þess að þróa heilu vörulínurnar, sérstaklega gerðar fyrir fólk með ástríðu fyrir matargerð.

Ástríðurauður

Fyrir á þessu ári kom út sérstök 100 ára afmælislína, Queen of Hearts, þar sem rauður einkennislitur KitchenAid var heiðraður. Þessi nýi, rauði litur hlaut nafnið „passion red“, eða ástríðurauður. Það sem einkennir þessa einstöku 100 ára afmælislínu er rauður borði skreyttur með hundruðum örsmárra hjartna, fyrir allar þær minningar sem fjöldi ástríðufullra heimakokka hefur skapað síðustu 100 ár.

Ekki bara hræivélur

Flestir þekkja hræivélina, sem er stolt og prýði í eldhúsum margra landsmanna. En stóru heimilistækini frá KitchenAid eru einnig hönnuð með þægindi í huga og til að auðvelda handtökin í eldhúsinu. Við hönnun tækjanna er tekið tillit til athugasemda fagfólks. Fylgst er með kokkum við störf og þannig má greina þarfir þeirra sem elda mikið. Með þessu



móti er hægt að hanna tæki sem bæta eldhúsið og matargerðina fyrir alla. Heimilistækini frá KitchenAid eru hönnuð til að endast, bæði hvað varðar útlit og gæði.

Í dag býður KitchenAid upp á nærri því öll möguleg tæki sem þarf í vel útbúið nútímældhús. Vörulína KitchenAid inniheldur allt frá hræivélum, búsáhöldum og vinskápum til eldunartækja og kælikápa.

KitchenAid í þvottahúsið

Vörulínan nær meira að segja alla leið í þvottahúsið! Núna er þessi glæsilega og öfluga, 10 kílóa stálþvottavél frá KitchenAid fáanleg í Raflandi. Hún er með ZEN hljóðlátum beindrífnum mótör, íslensku skjáborði og Wave Motion tækni sem tryggir betri þvottagæði á öllum kerfum. Tímastýrð ræsing, fimmtán mismunandi

þvottakerfi og sérstakt 30 mínútna hraðkerfi auðveldar húsverkin fyrir annasamt heimilislífið.

Rafland er stærsti söluaðili KitchenAid á Íslandi – í heimilistækjadeild Raflands, Síðumúla 4, má skoða úrvalið af KitchenAid hræivélum og heimilistækjum og starfsfólk þar getur svarað öllum spurningum varðandi meðhöndlun og notkun KitchenAid. Einnig má skoða úrvalið á rafland.is



8 skjáþör með ótrúlegan aldursmun

Í Hollywood, eða réttar sagt heimi fallega og fræga fólksins, skiptir aldursmunur skjáþars minna máli en fegurð og neisti á milli leikaranna sem skjáinn prýða. Í gegnum árin hefur það viðgengist furðu lengi að karlpeningurinn eigi að deila hvíta tjaldinu með konu sem er töluvert yngri og hefur þetta lengi þótt vera

sjálfsagt mál. Kvikmyndagerðin vestanhafs hefur aðeins tekið á þessu upp á síðkastið en kvikmyndasagan er engu að síður stútfull af undarlegum dæmum þar sem eldri karlmaðurinn gæti gegnt hlutverki föður frekar en elskanda.

Kíkjum á átta dæmi.




Frank Langella og Lauren Ambrose – 40 ár

Það hefur lengi verið gömul hefð í kvikmyndum vestanhafs að rithöfundar leiti að elskhuga sem er töluvert yngri. Í kvikmyndinni *Starting Out in the Evening* fer Frank Langella með hlutverk eins slíks og hefur hann samband við útskriftarnema sem er heilum fjórum áratugum yngri en hann í sögunni. Þetta er líka munurinn á milli aldurs þeirra Langella og leikkonunnar Lauren Ambrose. Verkið dæmir sig sjálf.



Denzel Washington og Eva Mendes – 19 ár

Í spennmyndinni *Training Day* sjást leikararnir Denzel Washington og Eva Mendes stinga saman nefjum. Washington leikur alræmda og gjörspillta lögreglu, þannig að gefið er að ýmislegt í hans fari sé vafasamt. Aftur á móti er það víða þekkt regla – sem meira að segja Baltasar Kormákur sjálfur hefur staðfest – að Denzel fer ekki í rúmið með hvaða leikkonu sem er og segja margar sögur að hann velji mótleikkonur sínar sérstaklega. Það á ekki síst við þegar þær fækka fötum fyrir framan hann, en kannski er 19 ára aldursmunur minna mál þegar Denzel lítur yfirleitt út fyrir að vera tíu árum yngri en hann er í raun.



Sean Connery og Catherine Zeta-Jones – 39 ár

Fyrirverandi Bond-leikarinn Sean Connery var 69 ára þegar hann lék meistarabjóf sem mætir jafningja sínum, sem reynist vera Catherine Zeta-Jones. Kvikmyndin sem um ræðir heitir *Entrapment* en við tökum hennar var Zeta-Jones nýorðin þrítug. Sennilega skrifast þetta á ómældan sjarma Connery, eða í það minnsta er áhorfendum talin trú um að það sé málið. Aldursmunurinn virðist þó ekki koma í veg fyrir þá stöðugu, kynferðislegu spennu sem ríkir á milli persónanna. Hver segir svo að aldur sé ekki afstæður?



Harrison Ford og Anne Heche – 27 ár

Það muna sjálfsagt ekki allir eftir rómantísku ævintýramyndinni *Six Days, Seven Nights*, þar sem þau Harrison Ford og Anne Heche sneru saman bókum. Uppskriftin er sígild (eða dæmigerð); þau hata hvort annað í fyrstu en hægt og rólega fer rómantíkin að skína á milli þeirra. Aldursmunurinn stöðvar ekkert í þessu. Þetta er þó ekki langt frá tölunni hjá Ford og eiginkonu hans, leikkonunni Calistu Flockheart.



Woody Allen og Mariel Hemingway – 31 ár

Ef eitthvað hefur verið gegnumgangandi í kvikmyndum leikstjórans Woodys Allen, þá er það hefð kvikmyndagerðarmannsins og leikarans að sækja í yngri konur. Í raunheimi hefur sambærileg fantasía oft átt sér stað, en trúlega er versta bíóbrotið framið með kvikmyndinni *Manhattan*, sem er af mörgum talin ein besta mynd Allen. Í þessari mynd leikur Allen rithöfund á fimmtugsaldri sem byrjar að slá sér upp með sautján ára gömlum nema, sem leikinn er af Mariel Hemingway. Ekki bætti úr skák þegar leikstjórinn fór að daðra á hvíta tjaldinu við leikkonuna Miru Sorvino í *Mighty Aphrodite* frá árinu 1995, þegar hann var nýskriðinn á sjötugsaldurinn en hún aðeins 28 ára. Woody, þó!



Johnny Depp og Amber Heard – 23 ár

Straumarnir sem ríkja á milli þeirra Johnny Depp og Amber Heard í kvikmyndinni *The Rum Diary* eru eldfimur og óumdeilanlegir – þrátt fyrir að styttra sé á milli aldurs hennar og dóttur Depps en leikaranna beggja. Þessi mikli losti sem komst til skila á skjánum gæti verið ástæðan fyrir því að parið tók upp á því að stinga saman nefjum þegar tökuvélarnar voru hættaðar að rúlla og leiddi það síðar meir til hjónabands. Ekki fór þó ástarævintýrið alveg eftir væntingum þeirra en skilnaður þeirra var eitt stærsta fréttafóður slúðurmiðla síðustu árin. Leikkonan ásakaði Depp um að hafa beitt hana ofbeldi meðan á sambandinu stóð en þá stefndi leikarinn Heard fyrir ófrægingu og ærumeiðingar og krafðist 50 milljóna Bandaríkjadala í bætur. Mikið getur ástin verið ljúf.



Tom Cruise og Emily Blunt – 20 ár

Það er venjulega undantekning ef stórleikarinn Tom Cruise á sér elskhuga í kvikmyndum sem er á sama aldri og hann. Í vísindaskáldsögunni *Edge of Tomorrow* fljúga nokkrir neistar á milli hans og bresku leikkonunnar Emily Blunt, sem er talin ein sú hæfileikaríkasta í dag. Hins vegar er það eitthvað við aldursmuninn sem stöðvar umrætt neistaflug og úr verður samspil sem frændsystkin væru sátt við.



Colin Firth og Emma Stone – 28 ár

Enn og aftur er Woody Allen að verki, þótt hann sé ekki sjálfur í aðalhlutverki. Í myndinni *Magic in the Moonlight* frá 2014 eru ýmsir straumar á milli leikaranna Colins Firth og Emmu Stone. Þetta virkar blásaklaust við fyrstu sýn, þangað til áhorfandinn er minntur á þá litlu staðreynd að Firth var 53 ára meðan á tökum stóð en Emma 25 ára. Tunglsljósið hefur væntanlega þessi áhrif, ef eitthvað er að marka titil myndarinnar.

SAKAMÁL



Yosvanis Valle Fór fyrir glæpagengi í Texas.

„Ég vildi aldrei bana ættingjum ykkar. Ég neyddist til þess. Ég var í glæpagengi.“



HUGREKKISPRÓF Í HOUSTON

■ Eiturlyfjasalinn Junco var skotinn til bana ■ Um ránmorð var að ræða, en fleira bjó undir

Priðjudaginn 10. nóvember, 2009, Yosvanis Valle, 34 ára Bandaríkjamaður af kúbversku bergi brotinn, tekinn af lífi með banvænni sprautu í Texas.

Valle hafði verið leiðtogi suðurameríkskings og sennilega ekki mjög vandaður pappír. Valle var sakfelldur vegna aðildar sinnar að ránmorði árið 1999 í Houston. Fórnarlambið sem um ræddi var af sama sauhúsi og Valle. Sá hét Jose „Yogi“ Junco og var 28 ára og þekktur fíkniefnasali af þeim sem hræðust í þeim kreðsum.

Menn á myrku kvöldi

Að kvöldi 6. júní, 1999, fór Valle við fjórða mann að heimili Junco. Fjórmenningarnir höfðu hist áður og lagt á ráðin um að ræna Junco. Valle stjórnaði aðgerðum og úthlutaði verkefnum til félaga sinna.

Klukkan ellefu komu þeir að húsi Junco. Innan dyra voru Junco og kærasta hans. Það var einmitt kærasta Junco sem heyrði hunda gelta fyrir utan og þegar hún leit út um gluggan sá hún nokkra menn þar á stjáklí.

Hún gerði ráð fyrir að þeir vildu kaupa eiturlyf og Junco fór út til móts við mennina.

Slæm viðskipti

Junco var ekki lengi utandyra og óhætt að segja að slæm viðskipti væru í uppsiglingu. Þegar hann kom inn hélt hann höndunum fyrir ofan höfuð og sagði kærustu sinni að horfa ekki á fjórmenningana og einn þeirra setti dulu

yfir andlit hennar.

Kærastan gat ekkert séð, en hún heyrði mennina þratta við Junco um fé og fíkniefni. Síðan heyrði hún átta eða níu skambyssuskot. Valle og kumpánar hans létu greipar sópa um íbúðina og höfðu upp úr krasinu kökudós fulla af peningum og dópi auk einhverra ljósmynda sem voru í blautlegri kantinum. Einnig höfðu þeir á brott með sér tvo riffla.

Ánægður með sinn þátt

Að sögn var Valle í skýjunum með sinn þátt í „viðskiptunum“ og þegar félagarnir komu heim í íbúð hans gumaði hann af því að hafa tæmt skambbyssuna í Junco.

En kærustu Junco var ekki alls varnað og tókst að þekkja einn fjórmenninganna í gögnum lög-reglunnar og koma henni þannig á sporid.

Þegar Valle heyrði að einn félaga hans hefði verið handtekinn var honum skemmt og sagði það hverjum sem vildi heyrja að það hefði verið hann sjálfur „sem skaut Junco.“

Próf í hugrekki

Valle hefði sennilega betur sýnt samverkamönnum sínum meiri tryggð, því eitt helsta vitni ákærvaldsins síðar var sá sem ók bílnum áður nefnt kvöld, Jose Arenazaz. Réttáð var yfir Arenazaz sérstaklega og hann fékk lífstíðardóm.

Síðar kom í ljós að aðförin gegn Junco hafði verið hugsuð sem eins konar prófraun fyrir

einn fjórmenninganna, Kenneth Isaac Estrada. Estrada átti að sýna og sanna að hann hefði hugrekki til að skjóta Junco. Rannsókn leiddi í ljós að Estrada hafði skotið Junco einu sinni.

Viðbót á syndareglistur

Áður en Valle var handtekinn fyrir morðið á Junco hafði honum tekist að bæta á syndareglistur sitt. Tveimur mánuðum eftir að hann skaut Junco til bana sendi hann, í félagi við aðra, þrjá menn inn í eilífðina í gengjatengdum skotbardaga.

Fingraför Valle fundust í bíl sem tengst hafði þeirri skothríð og var hann handtekinn í kjölfarið.

Síðar harðneitaði Valle að hafa banað Junco en talaði fyrir daufum eyrum. Eftir að hafa tapað áfrýjun var ljóst að dauðadómur var staðreynd.

Iðrun á efsta degi

Þar sem Valle beið örlaga sinna í dauðaklefanum talaði hann til þeirra sem myndu verða vitni að síðustu andartökum hans. Þeirra á meðal voru ættingjar eins þeirra sem Valle hafði skotið í gengjaskothríðinni áður nefndu, Gregory Garcia.

„Ég kenni sjálfum mér um. Ég skelli skuldinni ekki á nokkurn annan. Ég veit af hverju ég greiði þetta gjald. Ég iðrast af öllu mínu hjarta,“ sagði Valle.

Hann bætti síðan við: „Ég vildi aldrei bana ættingjum ykkar. Ég neyddist til þess. Ég var í glæpagengi.“ ■



Fékk dauðadóm Valle mætti örlögum sínum án láta.



Vaxmynd af Mary Madame Tussauds-safnið fékk mikinn áhuga á málinu.



Mary Eleanor Pearcey Náði ekki háum aldri.



„Pá sönglaði Mary „Drepa mýs, drepa mýs, drepa mýs!““

MÆÐGURNAR OG MARY

■ Undarlegur ástarþríhyrningur ■ Mary hvatti ástmann sinn til að kvænast annarri konu

Árið 1866 fæddist á Englandi stúlkubarn sem síðar var skírt Mary Eleanor, ættarnafnið var Wheeler. Lítið er vitað um bernsku hennar en leiddar hafa verið að því líkur að faðir hennar hafi verið Thomas nokkur Wheeler sem var sakfelldur fyrir morð á manni að nafni Edward Anstee og síðar hengdur. Einhver áhöld virðast vera um sannleiksgildi þeirra vangaveltna.

Ástarþríhyrningur

Að sögn tók Mary Eleanor upp eftirnafnið Pearcey eftir að hún og trésmiður að nafni John Charles Pearcey rugluðu saman reytum. Fjölyndi Mary fór ekki vel í trésmiðinn og þau slitu samvistir að hans frumkvæði.

Síðar tók Mary saman við

húsgagnaflutningamann, Frank Hogg. Þá var annað uppi á teningnum því Hogg var ekki við eina fjölinna felldur og átti þegar þar var komið sögu í það minnsta eina ástkonu, Phoebe Styles.

Þessi þríhyrningur hefur verið hálfundarlegur. Phoebe varð barnshafandi og Hogg kvæntist henni að áeggjan Mary og hjónin settust að í Kentish Town í London. Phoebe Styles fæddi síðan stúlkubarn sem skírt var í Phoebe í höfuð móður sinnar.

Leið nú tíminn og segir fátt af hjónabandi eða heimilislífi í ranni Hogg-fjölskyldunnar eða þætti Mary Eleanor í því.

Öskur og óhljóð

Þann 24. október, árið 1890, dró til tíðinda. Mary Eleanor bauð

Phoebe í heimsókn. Phoebe þáði boðið og kom heim til Mary og hafði Phoebe yngri með sér. Hvað þeim fór á milli er ekki vitað, en hitt er vitað að nágrennar Mary heyrðu öskur og hljóð sem bentu til átaka um klukkan fjögur síðdegis þennan dag.

Ekkert var aðhafst vegna þessa, fólk sinnti sínu og kvöld tók við af degi.

Að kvöldi þessa dags fannst kvenmannslík á ruslahaugum í Hampstead norður af Kentish Town. Höfuðkúpan var mölbrotin og höfuðið hafði nánast verið skilið frá líkamanum. Í um 1,6 kílómetra fjarlægð fannst yfirgefinn, svartur barnavagn og voru vöðirnar í honum alblóðugar.

Lík eins og hálfis árs barns fannst í Finchley, norður af

Hampstead, og ljóst að það hafði verið kæft til bana.

Blóðug híbýli

Kennsl voru borin á líkin og ljóst að um Phoebe eldri og yngri var að ræða. Eftirgrennslan lögreglu leiddi í ljós að sést hafði til Mary Eleanor á götum í þessum hluta London, eftir að húma tók að kvöldi. Hafði Mary ýtt á undan sér barnavagni Phoebe.

Framkvæmd var húsleit í híbýlum Mary og þar var blóð uppi um vegg og blóðslettur í lofti. Fann lögreglan blóðugt pils og svuntu og ýmsa aðra hluti blóðuga, þar á meðal skörung og kjötskurðarhníf.

Aðspurð hvað hefði gengið á sagði Mary að hún „ætti í vandræðum með mýs og væri að reyna

að drepa þær.“ Að sögn eins sem kom að rannsókninni þá sönglaði Mary „Drepa mýs, drepa mýs, drepa mýs!“ þegar hún var spurð sömu spurningar á seinni stigum málsins.

Hvað sem því líður þá var Mary Eleanor kærð fyrir morð. Hún hélt ávallt fram sakleysi sínu, en var sakfelld og síðan hengd þann 23. desember árið 1890.

Vaxmynd af Mary

Þess má geta að málið vakti heilmikla athygli fjölmiðla þess tíma.

Vaxmyndasafn Madame Tussauds lét gera vaxmynd af Mary Eleanor sem var til sýnis í hryllingsdeild safnsins. Vaxmyndasafnið keypti barnavagn Phoebe og ýmsa muni úr eldhúsi Mary. ■



BIKARINN Í KRIKANN






BIKARINN Í FOSSVOGINN



Krambúðin



TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIDLUN



BRANDSON

Mastersgráða í marengs

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Marengstertur eru nánast skylda á veisluborði Íslendinga. Marengsinn hefur hins vegar reynst mörgum þynnrir í augum því það þarf allt að ganga upp svo hann klikki ekki. Oft heyrir maður um marengstertur sem falla, bakast ekki eða brenna, en af hverju verður marengs ekki alltaf yndislega brakandi og gómsætur? Fyrir því eru nokkrar ástæður.

Eggin eru óþæg

Þegar kemur að eggjum er langvænlegast til árangurs að hafa þau við stofuhita. Það er hægt að aðskilja þau á meðan þau eru köld en leyfðu svo eggjahvítunum að hvíla á eldhúsbörðinu í hálf tíma þangað til þær ná stofuhita.

Ekkert plast, takk

Lykillinn að yndislegum marengs er að þeyta hann í tandurhreinni skál. Og þá meina ég TANDURHREINNI. Enginn raki, engin olía, ekki neitt nema eggjahvítur og sykur. Til þess að vera viss um að skálin sé hrein er best að nota skál úr málm eða gleri. Fita og feiti geta nefnilega sest að í plastskálum, svo vel að maður sér það stundum ekki.

Eggjarauðan vill vera memm

Einn lítill dropi af eggjarauðu eyðileggur marengsinn. Það er best að aðskilja eggjahvítur ofan í minni skál og hella þeim síðan ofan í stóru skálina sem þú þeytir marengsinn í. Ef dropi af eggjarauðu leynist með hvítunum er best að ná honum upp úr með eyrnápinna eða smá brauðbita. Sama hvað þú gerir, ekki nota puttana til að veiða hann upp úr – fita og feiti, þið munið! Best er að nota ekki hvítuna ef smá eggjarauða læðist með. Þá komum við aftur að litlu skálinni. Ef þið aðskiljið bara eitt egg í einu þurfið þið ekki að byrja upp á nýtt ef eitt egg er óþægt.

Slakið á sykrinum

Bætið sykrinum hægt saman við eggjahvítur, en samt í einni bunu. Ekki dömpa öllum sykrinum saman við – það getur eyðilagt marengsinn.

Þeyta, þeyta, þeyta

Þeytið eggjahvítur og sykur í 15 til 20 mínútur og ekki svindla! Blandan á að vera það stíf að þið getið sett skálina á hvolf án þess að dropi leki niður.

Gefið marengsinum smá búst

Hendið 1 til 2 teskeiðum af lyftidufti í

Tekur á taugarnar Mörgum finnst taugatrekkjandi að baka marengs.



blönduna til að hjálpa marengsinum að lyfta sér. Hann á eftir að þakka ykkur fyrir þetta seinna. Einnig er hægt að setja ögn af Cream of Tartar saman við til flýta fyrir stífingunni.

Brenndur marengs fordást eldinn

Það þarf að baka marengs á lágum hita svo rakinn í blöndunni gufi smátt og smátt

upp. Ef hitinn er of hár brennur marengsinn að utan en er eins og tyggjó að innan.

Polinmæði er dyggð

Ekki rífa marengsinn strax úr ofninum heldur opnið ofnhurðina aðeins og leyfið marengsinum að kólna inni í ofninum. Þá gufar rakinn enn betur upp og marengsinn verður stökkur og góður.



Fullt af lakkrís
Þessi marengs er fyrir lakkrísunnendur.

Kornflexmarengs með lakkrísrjóma og lakkríspoppi

Marengs – Hráefni:

- 4 eggjahvítur
- 1 bolli sykur
- 100–150 g kornflex (eftir smekk)
- 3 tsk. lyftiduft

Lakkrísrjómi – Hráefni:

- 400 ml rjómi
- 3–4 msk. lakkrísduft

Lakkríspopp – Hráefni:

- 3 bollar poppað popp (engar baunir)
- 2–3 msk. sætt lakkrísiróp
- 1/2 tsk. sjávarsalt

Aðferð:

Þeytið eggjahvítur þar til þær freyða.

Hellið síðan sykri saman við í einni bunu og þeytið í 15–20 mínútur. Setjið kornflex í aðra skál og kremjið létt með fingrunum. Blandið lyftidufti saman við kornflexið. Blandið þá kornflexinu varlega saman við marengsinn með sleikju. Búið til 2 hringi úr blöndunni á smjörpappírsklædda ofnplötu og bakið við 150°C í 50 mínútur. Slökkvið á ofninum, opnið hann aðeins og leyfið botnunum að kólna inni í ofni. Þeytið rjómann aðeins, blandið duftinu saman við og stífþeytið svo rjómann. Smyrjið rjómanum á annan marengsbotninn og setjið hinn ofan á. Blandið poppi, sírópi og sjávarsalti vel saman og setjið ofan á kökuna.

Snickers og súkkulaðirjómi

Þessi er dásamleg.



Lítill marengs með Snickers og súkkulaðirjóma

Hráefni:

- 4 eggjahvítur
- 1 bolli sykur
- 2 tsk. lyftiduft
- 500 ml rjómi
- 2 msk. kakó
- 3 msk. flórsykur
- 4 Snickers
- 60 g dökkt súkkulaði
- 2 msk. hnetusmjör

Aðferð:

Hitið ofninn í 150°C og klæðið ofnplötu með bökunarpappír. Þeytið eggjahvítur í 1 til 2 mínútur eða þangað til þær freyða vel. Bætið sykrinum út í eggjahvítur á meðan þið hrærið, um einni matskeið í einu. Þeytið þessa blöndu í 15

til 20 mínútur eða þar til þið getið haldið skálinni á hvolfi og ekki dropi lekur niður. Bætið lyftiduftinu við og hrærið aðeins. Setjið um það bil eina matskeið af blöndunni á ofnplötunni með góðu millibili. Þið ættuð að fá 12 til 14 kökur. Bakið í 30 mínútur og leyfið kökunum að kólna í ofninum í um það bil tvo klukkutíma. Þeytið rjómann og bætið kakói og flórsykri saman við þegar þið eruð alveg að verða búin að þeyta rjómann.

Skellið góðri slummu af rjómanum á marengskökurnar. Skerið Snickers-stykkinn í litla bita og dreifið þeim ofan á rjómann. Bræðið súkkulaðið og drissið því yfir marengsinn. Bræðið hnetusmjörið í um það bil 30 sekúndur í örbylgjuofni og drissið því yfir marengsinn.



Ný og glæsileg uppskera af íslensku grænmeti!

Matvörubúðirnar eru heldur betur orðnar litríkar enda er íslenska haustuppskeran komin í rekkana og biður þess að fá að leika stjörnuhlutverk í girnilegri matargerð frá öllum heimshornum. „Bændurnir okkar standa vaktina nótt sem nýtan dag við að taka upp kynstrin öll af blómkáli, spergilkáli, rófum, gulrótum og fleiru og skortir eflaust einhverja svefn.

Garðyrkjubændurnir hafa margir hverjir verið að gera tilraunir með ný yrki fyrir sprotaspergilkál, blómkál í bæði gulum og fjólubláum lit sem og fjólublátt kínakál. Sumt af þessu hefur fengist áður í búðunum en sumt er algerlega nýtt af nálinni. Þetta virðist koma ágætlega undan íslensku sumri og eru bændur bjartsýnir á að geta boðið upp á fleiri nýjungar á næsta ári. Tíðin hefur líka verið góð í sumar, mikil sól og veður mild. En það hefur rignt heldur lítið sem hefur valdið örlitilli seinkun á útiræktinni,” segir Kristín Linda Sveinsdóttir markaðsstjóri.

Það gerist varla ferskara

Íslenskt grænmeti er eins ferskt og hægt er að ímynda sér. Bragðgæði þess koma til vegna þess að það fær að þroskast á viðeigandi hraða uns

það er tilbúið til átu. Og ástæðan fyrir því hvað íslensku tómatararnir eru ótrúlega bragðgóðir og sætir er sú að tómatararnir fá að fullþroskast á plöntunni. Kalda íslenska loftslagið gerir það svo að verkum að úti-grænmetið vex hægar en á heitari svæðum og því græðum við á því að það tekur í sig meira bragð og næringargildi.

Flutningsleið frá garðyrkjubónda til kaupanda er alla jafna stutt og því líður oft ekki nema einn dagur frá því varan er tind og þar til hún er komin í búðirnar. Því er íslenskt grænmeti með því ferskasta sem hægt er að fá.

Íslenskt grænmeti: Kolefnisjafnað frá bónda til þin!

Það eru ótal ástæður fyrir því að Íslendingar ættu að velja íslenskt grænmeti. Fyrir utan það hvað það er ótrúlega ferskt, hollt og bragðgott þá er það einnig gott fyrir umhverfið. Nú er allur flutningur á grænmeti, frá grænmetisbændum í Sölufélagi garðyrkjumanna í verslanir, kolefnisjafnaður að fullu, sem þýðir að íslenskur grænmetisíðnaður er orðinn enn umhverfisvænni en áður.

Þú færð ferskt íslenskt grænmeti úti í næstu matvörubúð.



Ný uppskera á ferskum íslenskum gulrótum

„Stór og góð uppskera af nýjum og ferskum gulrótum hefur ratað í búðirnar og því ekki til setunnar boðið að benda á vef Íslenskra garðyrkjubænda, island.is þar sem finna má ógrynnin öll af girnilegum uppskriftum þar sem íslenskt grænmeti er í hávegum haft.

Ef ýtt er á flipann „eftir tegund“ má velja uppskriftir út frá ákveðinni grænmetis-tegund. Þá eru t.d. 23 girnilegar uppskriftir að finna á síðunni þar sem gulrótin er í forgrunni og því tilvalið að skella sér í næstu búð og næla sér í poka af nýjum og ferskum íslenskum gulrótum.“

Milljónamæringurinn og

■ Ótrúlegt morðmál sem minnti á lélega sápuóperu ■ Efnuð og valdamikil fjö-

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



I tæpan áratug var morðmál, tengt hinnu ríku Oland-fjölskyldu, í New Brunswick í Kanada, eitt heitasta málið þar í landi. Sumir hafa líkt því við söguþráð í sápuóperu, svo ótrúlegt er málið. Það hófst að morgni 7. júlí 2011 þegar Richard Oland, 69 ára, fannst látinn. Hann lá á grúfu með andlitið ofan í blóðpolli, hans eigin blóði. Niðurstaða rannsóknar réttarmeinafræðinga var að hann hefði verið drepinn kvöldið áður með 45 höggum í höfuð, háls og útlími. Rolex-úrið hans var enn á honum en farsími hans var horfinn og morðvopnið einnig.

Tveimur árum síðar var sonur hans, Dennis Oland, sem er nú 51 árs, handtekinn og ákærður fyrir að hafa myrt föður sinn. Hann var fundinn sekur um morð af tólf manna kviðdómi 2015. En það var aðeins upphaf málsins því eftir það varð það uppspretta margra fréttu og umræðu meðal almennings.

Dennis áfrýjaði dómsniðurstöðunni og hafði betur, mál hans var tekið fyrir af hæstarétti og réttarhöldin voru úrskurðugild.

Eins og léleg sápuópera

Íbúar í New Brunswick hafa fylgst vel með málinu allt frá upphafi og hafa margir hverjir skoðun á því, en hver sem skoðun þeirra er þá eru flestir sammála um að það líkist einna helst lélegri sápuóperu. Svo lélegri að sápuóperur, sem sýndar eru í sjónvarpinu, séu eiginlega betri þrátt fyrir að vera ansi lélegar.

Það var hjákona Richards, Diana Sedlacek, sem tók fyrst manna eftir því að eitthvað var að. Í átta ár hafði Diana átt í ástarsambandi við auðjofurinn. Svo virðist sem samband þeirra hafi verið leyndarmál sem allir vissu um. Þegar Richard svaraði ekki hringingu hennar um kvöldið, en þau voru vön að ræða saman á hverju kvöldi, hringdi hún í eiginkonu hans, Connie, til að spyrja hvar hann væri. Connie varð síðan lykilmanneskja í málinu því hún stóð staðföst við hlið sonar síns og sagði hann „nærgætinn“ og „umhyggjusaman“ en Richard hafi hins vegar haft tilhneigingu til að efna til átaka við aðra fjölskyldumeðlimi.

Richard Oland var áberandi í samfélaginu en það þýðir ekki að öllum hafi líkað við hann. Almennitur skiptist því í hópa hvað varðar skoðanir á málinu. Richard á samúð sumra en Dennis á samúð annarra. Oland-fjölskyldan varekka aðeins efnuð heldur einnig valdamikil. Hún var ein fárra fjölskyldna í Norður-Ameríku sem hafði áratugum saman, í um eina öld,



Skelfilegt mál
Richard var mikill viðskiptajöfur. Mynd: Getty Images



Mikið veldi Oland-fjölskyldan stendur til að mynda á bak við Moosehead-bjórframleiðsluna.

stjórnað efnahag héraðsins eins og Rockefeller- og Vanderbilt-fjölskyldurnar gerðu í New York á sínum tíma. Oland-fjölskyldan var þó ekki ein um hituna í héraðinu því fyrir ofan hana hvað varðar völd og auð var Irving-fjölskyldan, sem er umsvifamikil í rekstri bensínstöðva, olíuhreinsistöðva, skipasmíðastöðva og timburvinnu. Sú fjölskylda var í umræðunni hér á landi fyrir margt löngu í tengslum við opnun bensínstöðva. Á eftir Irving-fjölskyldunni kemur síðan McCain-fjölskyldan sem

stýrir samnefndu matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í frosnum matvælum.

Því næst kemur Oland-fjölskyldan, en grunnurinn að auði hennar var lagður í Saint John 1867 þegar Susannah Oland stofnaði Moosehead-bruggverksmiðjuna sem framleiðir samnefndan bjór. Verksmiðjan er í dag stærsta bjórverksmiðjan sem er í eigu Kanadanna. Oland-fjölskyldan er sögð hafa hafnað mörgum kauptilboðum í verksmiðjuna. Sú staðfesta hefur aflað fjölskyldunni ákveðinn-

ar virðingar í Saint John sem hefur glímt við mikla fólksfækkun samhliða samdrætti í stórum iðngreinum á borð við skipasmíðar. Nú búa tæplega 70.000 manns í borginni en voru um 90.000 á áttunda áratugnum. En auður fjölskyldunnar og áhrif hafa einnig orðið til þess að hún hefur verið á milli tannanna á fólki og ekki dró úr því eftir að Richard var myrtur. Innri mál-efni fjölskyldunnar, deilur og fjármál hennar hafi verið mikið til umræðu meðal almennings. Sumum stuðningsmönnum Dennis fannst sem hann hefði

verið dæmdur af kviðdómi sem vildi eingöngu hefna sín á honum. Að í kviðdóminum hafi setið fólk úr lægri stéttum þjóðfélagsins og hafi það viljað hefna sín á ríka mannum.

Leyndi ekki auð sínum

Þegar Richard lést átti hann eignir upp á sem svarar til mörg hundruð milljóna íslenskra króna og hann fór ekki leynt með auð sinn. Hann tók þátt í kappsiglingum, tók mikinn þátt í starfi mannvina á svæðinu og bjó í glæsilegu húsi ekki fjarri heimili sonar síns, Dennis. Þeir voru



Vellaúðug Oland-fjölskyldan er með puttana í alls kyns flutningastarfsemi. Mynd: Getty Images

g dularfulli morðinginn

lskylda sem stjórnaði viðskiptalífinu



Heldur fram sakleysi sínu
Dennis Oland gengur út úr
réttarsal. Mynd: Getty Images

nánir en tókust samt sem áður oft á.

Við yfirheyrslur hjá lögreglunni sagði Dennis að faðir hans hefði sífellt verið gjammandi og oft sagt og gert hluti sem særðu fólk. Til marks um skapsmuni föður síns nefndi hann að ein jólin hefði faðir hans óskrað á hann af því að eldurinn á rommkökunni sloknaði áður en búið var að bera eftirrættinn fram.

Það virðist sem deilur á milli fedga hafi eiginlega verið hefð í Oland-fjölskyldunni. Faðir Richards, Philip Oland, þótti mjög strangur og setti orðspor fjölskyldunnar ofar öllu, einnig innri sátt í fjölskyldunni. Þegar hann ákvað að eldri bróðir Richards, Derek, skyldi taka við sem stjórnarformaður bruggverksmiðjunnar 1981 myndaðist óbrúanleg gjá á milli bræðrana. Richard eyddi stórum

hluta tíunda áratugarins í réttarsölum við að berjast við bróður sinn um yfirráðin yfir bruggverksmiðjunni. Samband þeirra varð aldrei gott eftir þetta og var við frostmark þegar Richard var myrtur.

Þrátt fyrir auð sinn var Richard nískur við sína nánustu. Eiginkona hans fékk sem svarar til um 250.000 íslenskra króna á mánuði til ráðstöfunar og átti að láta hann fá kvittanir fyrir öllum innkaupum. Á sama tíma var hann að láta byggja nýja snekkju fyrir sig á Spáni, aðeins nokkrum árum eftir að hann keypti þá „gömlu“. Hann var þó reiðubúinn að opna veskið til að aðstoða fjölskylduna. Þegar Dennis skildi var hann við að tapa húsinu sínu en þá lánaði Richard honum 540.000 dollara. Þetta lán varð síðar eitt helsta sönnunar-

gagn saksóknara í málinu gegn Dennis. Hann hélt því fram að Dennis hefði myrt föður sinn út af þessu láni.

Það var rétt hjá saksóknaranum að Dennis, sem er fjármálaráðgjafi, var skuldum vafinn. Hann var með fullnýtta yfirdráttarheimild upp á 163.000 dollara og hafði nýtt alla 27.000 dollara heimildina á kreditkorti sínu. Daginn áður en Richard var myrtur hafnaði banki að innleysa ávísun frá Dennis sem átti að greiða vexti af lánum sínum. Dennis sagði fyrir dómi að fjármálin hafi ekki valdið honum áhyggjum, svona hafi þetta alltaf verið.

Sýknaður

Í sumar var málið tekið fyrir á nýjan leik eftir að því hafði verið vísað til nýrrar meðferðar vegna galla á fyrri málsmeð-

ferðum. Mikið var lagt í vörn Dennis og telja sérfræðingar að lögmanskostnaður hans sé sá mesti sem hefur verið greiddur í morðmáli í Kanada.

Dennis gekk laus á meðan málið var rekið fyrir dómi og vakti það athygli nokkrum dögum fyrir dómsuppkvaðninguna að hann sást sallarólegur að slá garðinn við heimili sitt. Sjónarvottum gat eflaust dottið í hug að hann hefði meiri áhyggjur af grassprettunni en yfirvofandi dómi.

Hann var síðan sýknaður af Terrence Morrison dómara sem sló þó ákveðna varnagla í dómsniðurstöðunni. Hann sagði að það væri margt sem tengdi Dennis við morðið en það þurfi meira en grunsemdir til að sakkfella fólk fyrir morð. Morðvopnið hefur aldrei fundist, dánarstund Richard er ekki

vituð með vissu og engin lífsýni, sem tengja Dennis við morðvettvanginn, fundust. Nokkrir blóðblettir úr Richard fundust á brúnum Hugo Boss-íþróttajakka Dennis en ekkert blóð fannst í bíl hans eða á skóm hans. Verjendur hans segja að lögreglan hafi strax í upphafi beint sjónum sínum að Dennis og aðeins honum og því hafi engir aðrir verið grunaðir í málinu. Hann er sá síðasti sem sá Richard á lífi, að því að vitað er. Vitað er að Dennis kom við á skrifstofu föður síns kvöldið sem hann var myrtur til að ræða fjölskyldumálefni. Því næst ók hann heim til sín. Á leiðinni þangað stoppaði hann í skipasmíðastöð. En þetta sannar ekki að hann hafi myrt föður sinn eða eins og Morrison dómari sagði:

„Það vantar alltof mörg púsl í þetta mál.“ ■



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1one[®] SYSTEMS
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is





Fjarvera foreldra hefur áhrif á hegðun barna

■ Hrönn vill breytingar í átt að barnvænna samfélagi ■ Köllum okkur foreldrafræðara ■ Feimnismál að sækja foreldranámskeið

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Hrönn Valgeirsdóttir lauk nýlega meistaranámi í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf en hún starfar sem leikskólakennari. Hún segir fjarveru foreldra hafa bein áhrif á hegðunarbarna og hún vill stytta vinnuvikuna og bæta þannig samfélagið. „Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á börnum og verið mikið í kringum börn,“ segir Hrönn, en sjálf á hún þrjú drengi á aldrinum þriggja til þrettán ára. „Fljótlega eftir útskrift úr framhaldsskóla ákvað ég að mennta mig sem leikskólakennari og útskrifaðist sem slíkur árið 2006. Ég hef unnið við það síðan með hléum vegna fæðingarorlofs og árs námsleyfis. Árið 2015 ákvað ég að mennta mig meira og skráði mig í meistaranám í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf við Háskóla Íslands og útskrifaðist nú í júní 2019. Nám í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf er kennt í samstarfi við Háskólann í Minnesota og ég sótti tvo áfanga þangað í fjarnámi. Í Minnesota eru starfandi foreldrafræðarar og allir foreldrar sækja fræðslu um foreldrahlutverkið og uppeldi.

Köllum okkur foreldrafræðara

„Hugmyndin að meistaranámsókn minni kviknaði bæði vegna umræðu við samnemendur mína og kennara í námi mínu um foreldra í íslensku samfélagi. En einnig vegna þess að leiðbeinandi minn, Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor á menntavísindasviði, sem leiðir og stýrir yfirgrípsmikilli rannsókn sem ber heitið „Foreldrafræðsla á Íslandi: hver er þörfin?“, bauð mér að taka þátt í henni. Rannsókn mín er hluti af þeirri rannsókn. Í minni rannsókn kannaði ég hvort deildarstjórar leikskóla, í flestum landshlutum, telji vera þörf fyrir fræðslu um uppeldi og stuðning fyrir foreldra leikskólabarna. Auk þess kannaði ég hvaða þætti þeir telja mikilvægt að fræða foreldra um og þeirra

reynslu af því að veita foreldrum fræðslu. Það var áhugavert að heyra sjónarhorn deildarstjóra um þetta viðfangsefni þar sem ég sjálf er deildarstjóri, foreldri og foreldrafræðari, eins og við köllum okkur sem höfum lokið þessu meistaranámi.“

Breytingar í átt að barnvænna samfélagi

Eðli málsins samkvæmt tengdi Hrönn því vel við reynslu deildarstjóranna sem hún ræddi við, en hún segist einnig hafa átt afar auðvelt með að setja sig í spor foreldra. „Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þær miklu samfélagslegu breytingar sem hafa orðið síðustu áratugi hafi töluvert áhrif á foreldra í þeirra hlutverki. Foreldrar vinna iðulega langa daga og því hefur dvalartími barna lengst umtalsvert síðustu tuttugu ár. Þátttakendur rannsóknarinnar töluðu allir um þann mikla tímaskort sem virðist hrjá marga foreldra og þann mikla hraða sem ríkir í samfélaginu. Þátttakendurnir vilja sjá breytingar í átt að barnvænna samfélagi þannig að vinnudagur foreldra og dvalartími barna í leikskólum yrði styttri, sem og að fæðingarorlof yrði lengra. Hegðunarbarni hefur aukist töluvert að mati þátttakenda og hafa þeir áhyggjur af þeirri þróun. Þeir töldu flestir að uppbygging vinnumarkaðarinnar hafi áhrif á samveru foreldra og barna og að sama skapi hafi lítil samvera áhrif á aukinn hegðunarbarna. Sumir töldu aukinn hegðunarbarna vera vegna skorts á öruggum geðtengslum milli foreldra og barna. Allir þátttakendurnir voru sammála um að það væri þörf á aukinni fræðslu um uppeldi almennt, en þó helst um aga, þroska barna, vænlegt uppeldi og samskipti. Einnig vildu margir sjá að það yrði skylda fyrir foreldra með fyrsta barn að fara á uppeldisnámskeið.“

Aðspurð hvað hafi komið mest á óvart við gerð rannsóknarinnar segir Hrönn það hafa verið þá staðreynd að

„Ég veit vel að það eru ekki allir foreldrar sem gætu hugsað sér að vera heima í tvö til þrjú ár með börnum sínum, en það ætti að minnsta kosti að vera val fyrir foreldra.“

allir þátttakendur virtust upplifa það sama, hvort sem þeir voru á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélögum þar í kring, á Norðurlandi eða Suðurlandi. Mikill hraði í samfélaginu, tímaskortur foreldra, mikil áhersla á vinnumarkaðinn og langur vistunartími barna. „Einnig var áberandi hversu margir töluðu um aukinn hegðunarbarna og hversu mikið börn stjórna foreldrum sínum í dag. Mér fannst merkilegt að þátttakandi í sveitaskóla upplifði það sama og þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu.“

Leikskólar koma ekki í stað foreldra

Ástæðu þess að Hrönn nefndi rannsókn sína „Það er erfitt að lasta foreldra fyrir að hafa ekki tíma fyrir börn sín“ segir hún hafa verið vísun í þá átt sem íslenskt samfélag er að stefna í. „Ef ég tala út frá mínu hjarta, þá tel ég að langflestir foreldrar vilji verja meiri tíma með börnum sínum en þeir gera og geta. Í íslensku samfélagi er svo mikil áhersla lögð á vinnumarkaðinn og meira hugsað um að bæta þjónustu við foreldra svo þeir geti unnið meira. Til dæmis með því að byggja ungbarnaleikskóla í stað þess að lengja fæðingarorlof. Að mínu mati ættum við frekar að horfa til Svíþjóðar þar sem fæðingarorlof er mun lengra eða 480 dagar. Auk þess sem foreldrar geta nýtt fæðingarorlof sitt fram að átta

ára aldri barna sinna. Það hafa margir íslenskir sérfræðingar stigið fram og talað gegn því að börn fari of snemma í daggæslu en það virðist lítið hlustað á þá. Auk þess er fjöldi rannsókna sem sýnir mikilvægi þess að börn séu lengst heima með foreldrum sínum. Íslenskir leikskólar eru, að ég tel, með þeim bestu í heimi en þeir koma ekki í stað foreldra fyrstu tvö til þrjú árin í ævi barns. Ég veit vel að það eru ekki allir foreldrar sem gætu hugsað sér að vera heima í tvö til þrjú ár með börnum sínum, en það ætti að minnsta kosti að vera val fyrir foreldra.“

Feimnismál að sækja foreldranámskeið

Ljóst er að geðheilsa barna er Hrönn mjög hugleikin og hún hefur lesið mikið og hugsað um það hvernig hægt sé að bæta geðheilsu barna. „Miðað við rannsóknir og fréttir þá þarf að fara að gera eitthvað í samfélaginu til þess að bæta hana. Ég tel að fyrsta skrefið væri að lengja fæðingarorlof, fræða foreldra um mikilvægi geðtengsla og styrkja foreldra í þeirra hlutverki. Það er nefnilega svo skrítið, að það er bara þannig í okkar samfélagi að allir eiga að vera fæddir foreldrar og vita allt um hlutverkið þegar þeir eignast barn. Bakgrunnur fólks er mismunandi, sumir hafa til að mynda ekki alist upp við ákjósanlegar aðstæður og þá er ekk-

ert skrítið að þeir einstaklingar standi kannski höllum fæti þegar kemur að uppeldi. Það er einnig ótrúlegt að það teljist eðlilegt fyrir hundaeigendur að sækja hundanámskeið, en þegar fólk eignast barn þá þarf það að leita sérstaklega eftir fræðslu um uppeldi. Það virðist jafnvel vera svolítið feimnismál að sækja foreldranámskeið og gjarnan ekki gert nema þegar upp koma erfðleikar í uppeldinu. Mér finnst því að það þurfi að gera fræðslu um uppeldi að eðlilegum þætti í því að eignast barn. Foreldrahlutverkið er krefjandi, en foreldrar í okkar samfélagi hafa kannski ekki allir stuðning frá fjölskyldu og vinum, því tel ég að það væri eitt skref í átt að barnvænna samfélagi að bjóða upp á almenna fræðslu um uppeldi sem byggir á gagnreyndum aðferðum. Þess vegna langar mig að geta boðið upp á fræðslu líkt og er í Minnesota þar sem foreldrar hittast og ræða ýmis málefni undir stjórn foreldrafræðara. Það styrkir foreldra að hlusta á aðra foreldra tala um þeirra reynslu en einnig að geta alltaf leitað til sérfræðings líkt og foreldrafræðara. Ég sé til að mynda að leikskólar gætu verið ágætis vettvangur til að byrja með, þar þekkjast foreldrar og yrðu því kannski ófeimnari við að ræða ýmis mál tengd uppeldi og foreldrahlutverkinu. Ég fagna umræðu um styttingu á vinnuvikunni sem ég tel vera annað skref í að bæta samfélagið. Það eru svo ótrúlega margir foreldrar með samvisku-bit vegna þess hve lengi þeir eru frá börnum sínum vegna vinnu. Margir þátttakendur rannsóknar minnar tengdu mikla fjarveru foreldra við hegðunarbarna, því lítil samvera foreldra og barna er einn af þeim þáttum sem hafa áhrif á hegðun barna. Að mínu mati þarf að gera breytingar í samræmi við það sem ég hef rætt um hér að framan í íslensku samfélagi, fyrst og fremst til þess að bæta líðan barna en einnig til að bæta líðan foreldra.“ ■

Helgarkrossgátan

				1001					klumpur
				reglubróður snósína					
				eydd					haf
Teikning: CM eftirprentun bannað	krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510	spilið		slælega	gelt			bón	
								ávana varðandi	
2 eins					frjáls aular				farvegur 7
				atyrða skap		brambolt		ískur tyggur	
ilmurinn								gjamm	tónar
	9		beyg		skel sáðlöndin			fuss	
subbur						matjurtinni		hás 10	
2 eins			mjög	8	froskurinn				4
ytra					aðför				gljálaut 5
dínamór			3			álasa		↑	
			storm 2 eins		líkamshluti			árfeður skraf	
skrimta					lestur 2000			↑	spendýr
kyrrð			4 eins	dýrahljóð ófalsað		egnda þus			
			merki svarar			röð síðaða			týna 1
ílát					samtök			matast 5 eins	
spurt					gjálfrar				
								↖	ber
	vind	6	plöntu	gutl	hnuplaði		spilið		
pára						vistarveru		dá	veislu
	2		kona farvegur			peyja			
garmana								ýti	
stétt						dugleysið			

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Sudoku

Auðveld

		9	2					3	
5	8				4		9		
			7	8		5			
3		2					7	8	
4	1	5							
7			9	1	2		4		
8							2	3	7
	2		4	6			8		
		3						1	

Erfið

3	6			2				1	
				8				6	7
4					1				
				1	6	3		7	8
						2		1	5
			9					3	
				2	5	6			
9						4			
1		5			3				

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


Bryndís Hauksdóttir

Ægisgötu

620 Dalvík

Lausnarorðið var **BÚKTALARI**

Bryndís hlýtur að launum bókina Konan sem hvarf



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin **Drekkingarhylur**

Síðustu dagana fyrir dauða sinn hringdi Nel Abbott margoft í Jules systur sína, en hún hundsæði hróp hennar á hjálp – og Nel drekkti sér.

Jules hafði heitið sjálfri sér því að snúa aldrei aftur til smábæjarins Beckford, en á nú engra kosta vól. Jules óttast minningarnar, húsið sem þær systur ólust upp í, öll andlitin úr fortíðinni. En mest af öllu óttast hún hylinn í ánni sem rennur í gegnum bæinn. Fyrr um sumarið drukknaði ung stúlka í honum.

Og Jules veit að Nel hefði aldrei stokkið sjálf út í hann.
Höfundur: Paula Hawkins

Spáð í stjörnunum

Afmælisbörn vikunnar

- **15. september** Eður Smári Guðjohnsen knattspyrnukappi, 41
- **16. september** Ómar Ragnarsson, sjónvarpsstjarna og aðgerðasinni, 79 ára
- **17. september** Aldís Pálsdóttir ljósmyndari, 39 ára
- **18. september** Annie Mist Þórisdóttir crossfit-stjarna, 30 ára
- **19. september** Ása Margrét Sigurjónsdóttir gleðigjafi, 37 ára
- **20. september** Björn Valur Gíslason þingmaður, 60 ára
- **21. september** Jón Arnór Stefánsson körfuboltaþakappi, 37 ára

Lesið í tarot Áslaugar Örnú:

Berst fyrir ljósi en verður að viðurkenna myrkrið

Ás laug Arna Sigurbjörnsdóttir tók nýverið við embætti dómsmálaráðherra og varð þá næstyngsti ráðherrann sem hefur nokkurn tímann setið í ríkisstjórn. DV fannst því tilvalið að leggja fyrir hana tarotspil, en lesendur DV geta sjálfir dregið sér spil á vefnum.

Erfiðleikar og missætti

Fyrsta spilið sem kemur upp hjá Ás laugu Örnú er 3 sverð. Það spil tákna þann gífurlega metnað sem Ás laug Arna hefur og einnig þau völd sem hún hefur nú fengið. Þessum völdum fylgir oft missætti og gæti ráðherrann verið að finna fyrir því núna. Þegar tekið er við nýju starfi koma upp alls kyns erfiðleikar sem Ás laug Arna kann illa að takast á við, en með röggsemi sinni lærir hún smátt og smátt að verða betri stjórnandi. Þessir erfiðleikar og missætti eru nauðsynlegur fylgifiskur þess að taka við nýju starfi en heyrir fljótt sögunni til. Þá tekur við nýr kaffi í ráðherratíð Ás laugar Örnú þar sem hún er í góðu jafnvægi og með eindæmum bjartsýn.

Hlustar með hjartanu

Næsta spil er Bikargosi, sem seg-

ir margt um hvaða mann Ás laug Arna hefur að geyma. Hún er rólyndismanneskja og góður námsmaður. Þótt hún sé oft inni í boxinu starfs síns vegna er hún einnig mjög listræn. Hún er vinur í raun og alltaf til staðar. Jafnframt er hún frekar hlédræg og hleypir ekki hverjum sem er að sér. Það er gott skref fram á við fyrir Ás laugu Örnú að gegna ráðherraembætti. Í embætti eflir hún eigin þroska og leyfir sköpunarhæfileikum sín-um

að njóta sín. Hún hlustar með hjartanu og tekur ákvarðanir með huga og hjarta í bland. Samhliða nýrri vinnu finnur hún sér nýtt áhugamál sem tengist mjög andlegri heilsu.

Ætlar alla leið á toppinn

Loks er það Hangandi maður. Þótt spilið sé ógnvænlegt þá er það gott fyrir ráðherrann. Ás laug Arna er reiðubúin til að leggja sig alla fram í þessu stóra verkefni. Hún þráir að setja sitt mark á ráðuneytið og telur að góð störf innan þess muni opna fyrir hana aðrar og stærri pólitískar dyr.

Hún ætlar sér alla leið á toppinn og telur að vera hennar í dómsmálaráðuneyti muni greiða leið hennar að forsætisráðherra stólnum. Hins vegar telja margir að Ás laug Arna sé bara í þessu starfi fyrir peningana, en það er alls ekki svo.

Hún er með ákvedinn málstað og hugsjónir sem hún heldur fyrir sig þar til réttur tímupunktur kemur. Ás laug Arna berst fyrir ljósi, en er ekki fær um það fyrr en hún viðurkennir myrkrið. Hún þarf að vera sátt í eigin skinni og muna að ef hún afneitar eðli sínu og innstu þráum verður hún háð þeirri afneitan. ■



Von á barni hjá Margréti og Tómasi – Svona eiga þau saman

Kærustuparið Margrét Erla Maack og Tómas Steindórsson eiga von á sínu fyrsta barni saman hvað úr hverju. Margrét og Tómas eru búin að vera saman í rúm tvö ár og hamingjan geislar af þeim. Því ákvað DV að lesa í stjörnuspekina og sjá hvernig tilvonandi foreldrarir eiga saman.

Það er gaman að segja frá því að Margrét og Tómas eiga afmæli með eins dags millibili og eru bæði í stjórnmerki nautsins. Þegar tvö naut koma saman í ástarsambandi er sambandið munúðarfullt og stóðl - eitthvað sem nautin dýrka. Naut leggja nefnilega mikið upp úr kynlífi og öryggi, sem og einkvæni, góðum mat og alls kyns öðrum nautnum lífsins. Þegar tvö naut fella hugi

Tómas
Fæddur 24. apríl 1991
Naut
■ tryggur
■ praktískur
■ flippaður
■ stöðugur
■ ekki til í málamiðlanir
■ þrjóskur



Margrét
Fædd 25. apríl 1984
Naut
■ þolinmóð
■ áreiðanleg
■ traust
■ ábyrg
■ þrjósk
■ þolir ekki breytingar án fyrirvara

saman getur það samband hæglega enst ævína á enda.

Naut virða langanir annarra nauta og reyna sitt besta til að uppfylla allar þeirrar þrár og drauma. Margrét og Tómas eru

bæði mjög heillandi, sjarmerandi og þokkafull að eðlisfari en geta hins vegar verið mjög þrjósk og liggja ekki á skoðunum sínum. Þá er einnig hætt á að afbrýðisemi sé mikil hjá nautum.

Stjörnuþá vikunnar

Gildir Gildir 15. – 21. september

♈ Hrútur - 21. mars – 19. apríl

Það er mikil togstreita innra með þér og þú stendur frammi fyrir mjög erfiðri ákvörðun sem þú þarft að taka. Hugsanlega þarft þú að brjóta odd af oflæti þínu og fylgja hjördinni, andstætt því sem þú myndir gera vanalega. Þetta er tækifæri fyrir þig til að prófa eitthvað nýtt og taka smá áhættu í lífinu.

♉ Naut - 20. apríl – 20. maí

Þú ert að velta fyrir þér skyndiákvörðun sem felst í ferðalagi. Þig langar að fara en óttast að þú sért að vanrækja skuldbindingar þínar heima fyrir. Ekki hafa áhyggjur af því – mundu að þú ert ekki ómissandi á öllum vígstöðvum. Farðu í ferðalag, hreinsaðu hugann og komdu tvífeld/ur til baka.

♊ Tvíburi - 21. maí – 21. júní

Einkalífið og vinnan keppast um athygli þína þessa dagana. Það er ofboðslega mikið að gera hjá þér í alls kyns pappírsvinnu en þú mátt ekki gleyma ástinni. Þú verður að ákveða hvað er mikilvægast núna. Er mikilvægt að þjósast áfram við skrifborðið endalaust eða skiptir meira máli að bjarga samböndunum í kringum þig?

♋ Krabbi - 22. júní – 22. júlí

Hjarta þitt er í yfirstærð um þessar mundir og þú þráir að gefa af þér eins mikið og þú getur. Hjálpssemi einkennir þig þessa vikuna og þú átt að fjálfála í kringum þig taki afar vel í þessa hlýju þá gætir þú orðið búin/n að því tilfinningalega í lok vikunnar. Hvíldu þig vel og horfðu stolt/ur yfir afrakstur þessarar góðsemi.

♌ Ljón - 23. júlí – 22. ágúst

Þér líður ekki vel, elsku ljón, og til að gera illt verra þá segir þú engum frá því! Tilfinningar þínar eru sem eldfjall innra með þér, sem þýður eftir því að gjósa. Svoleiðis tilfinningagos eru aldrei góð eða falleg og því þarftu að láta þína nánustu vita strax að deyfðu umlykur þig, án þess að þú vitir í raun af hverju.

♍ Meyja - 23. ágúst – 22. sept.

Það eru erfiðleikar í vinnunni hjá þér og þér líður eins og þú hafir sýnt ákvedinni manneskju of mikið traust og veitt henni of mikla ábyrgð. Mistök in eru til að læra af þeim en þessi manneskja sér ekki eigin galla og veldur þér miklu hugarangri. Persónulegar árásir bætast ofan á það og ég held að það sé kominn tími fyrir þig, kæra meyja, til að hugsa þig tvisvar um hvort þú vilt vinna áfram í þessu andrúmslofti.

♎ Vog - 23. sept. – 22. október

Þú kynnist nýrri hlið á þér í þessari viku. Þú hefur ávallt verið ágætur stjórnandi, en í þessari viku kemstu að listinni að hvetja fólk áfram, fremur en að stjórna því. Þú uppskerð eins og þú sáir og allt í einu gengur allt í vinnunni eins og í sögu, sem léttir talsvert andlega álagið.

♏ Sporðreki - 23. október – 21. nóvember

Það kemur eitthvað upp á í vinnu þínu, sem er afar sjaldgæft. Vinnuþróun skiptist í tvær fylkingar og þú stendur á milli – veist ekki í hvorn fótinn þú átt að stíga. Hugsaðu þig tvisvar um áður en þú gerir eitthvað bara til að ganga í augun á einhverjum öðrum.

♐ Bogmaður - 22. nóvember – 21. desember

Það er mikið að gera hjá þér í vinnunni en í þessari viku kemur smá dauður tími sem þú skalt njóta vel í það sem veitir þér ánægju. Hins vegar er einhver heima fyrir sem hefur mikla þörf fyrir þína aðstoð og öxl. Vissulega þarft þú að gefa af þér en þú skalt gæta þess að vera hreinskilin/n, hrein/n og bein/n svo að viðkomandi detti ekki í víthring volæðis.

♑ Steingit - 22. desember – 19. janúar

Þú skalt passa þig á hvers kyns slúðri þessa vikuna. Ekki kjafta einhverju sem þú veist að á eftir að koma í bakkið á þér og almennt er hyggilegt að sleppa slúðri alfarið. Þú ert yfirleitt mjög örugg/ur og stöðl/en í þessari viku kemur þú í þig og þú vilt sleppa úr endurnæringu sem þú hefur leitað að í svo langan tíma.

♒ Vatnsberi - 20. janúar – 18. febrúar

Ástalífið er í blóma hjá vatnsberum – hefur í raun aldrei verið betra. Þú lærir alls kyns ný trix í svefnherberginu og lendur þínar hafa sjaldan verið jafn sjóðandi heitar. Allt annað er í öðru sæti í þessari viku og þú finnur þá endurnæringu sem þú hefur leitað að í svo langan tíma.

♓ Fiskur - 19. febrúar – 20. mars

Dularfullt símtal í vinnunni kemur þér úr jafnvægi. Þú færð orðsendingu um að einhver vinnufélagi sé ekki allur þar sem hann er séður og þú veist ekki hvernig þú átt að takast á við það. Þú skalt samt varast að ásaka fólk um eitthvað áður en þú hefur kynnt þér allar staðreyndir.

Margrét og Tómas þurfa að læra að vera sammála um að vera ósammála og gera sér grein fyrir að þetta samband sé of gott til að kasta því fyrir róða út af smávægilegu rifrildi og skoðana-skriptum. Þegar tvö naut koma saman heimta þau einkvæni og

það kemur nautum ekkert meira í uppnám en framhjáhald. Hins vegar er það afar sjaldgæft þegar tvö naut koma saman þar sem þau eru svo áreiðanleg, staðföst og umfram allt, elska maka sinn alltof mikið til að rústa því öryggi og hlýju sem hann veitir. ■

Skorar á stjórnsvöld með nýju verkefni

Telma Huld stuðlar að grænni kvikmyndagerð – Segir gagnrýnina nauðsynlega

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Telma Huld Jóhannsdóttir útskrifaðist af leiklistarbraut í Fjölbraut í Garðabæ. Eftir það tók við leiklistarnám í París og síðar meir kvikmyndanám í Prag. Telma hefur gert það gott á undanföllum árum í kvikmyndunum Webcam og Eden, en ferill er hennar nánast nýhafinn. Hún er gestur í föstudagsþættinum Fókus og ræðir þar málefni sem eru henni hugleikin, meðal annars mikilvægi listsköpunar, heimsendaáhyggjur og græna kvikmyndagerð.

Þegar Telma er spurð hvort aðdragandi leiklistarinnar eigi sér tengingu við athyglissýki svarar hún því játandi, eða þannig hófst það þegar hún var tólf ára á leiklistarnámskeiðum, stödd á sviði og sá fólk klappa fyrir sér. Hún segir hugarfarið blessunarlega hafa breyst með árunum og hún hefur í dag lært hvernig hún hefur enst í þessu fagi. „Leiklistin er einfaldlega mín leið til að læra á heiminn í kringum mig, auka minn skilning og víkka út hugmyndir. Þetta er þannig í eðli sínu, að maður lærir að setja sig í spor annarra,“ segir Telma.

Telma segir að eitt besta dæmið um lærdómskraft fagsins hafi komið þegar hún lék blinda stúlku fyrir lokaverkefni í kvikmyndaskólanum. „Það var

geggjað verkefni, því ég hélt að ég hefði enga fordóma gagnvart blindu fólki. Svo komst ég að því að ég var með fullt af fordómum, ekkert illa meintum, en ég var með alls konar fyrirfram ákveðnar hugmyndir,“ segir Telma.

„Síðan í gegnum það að skoða þetta út frá því að reyna eftir fremsta megni að vera í þessum sporum, þá lærði ég hluti sem ég get ekki „aflært“. Nú er þetta eitt hvað sem ég veit og mér finnst það mjög gefandi. Rannsóknarvinnan við leiklist er stærsta ástæðan fyrir því sem ég geri.“

Ábyrgðin ekki alfarið í höndum neytandans

Síðastliðin tvö ár hefur blundað í Telmu saga sem hana langar að flytja sjálf í kvikmyndaformið. Hún stígur út fyrir þægindarammann og undirbýr stuttmynd sem hún hvort tveggja leikstýrir og skrifar. Áður hefur hún leikstýrt á sviði en þetta mun vera í fyrsta sinn sem hún leikstýrir á tókustað. Hjá Telmu stendur til að tileinka sér svokallaða græna kvikmyndagerð, en umhverfisvernd er henni afar hugleikið málefni.

„Kvikmyndagerð í eðli sínu er óumhverfisvæn, að mörgu leyti. Ég held að fólk sé meira að þæla í þessu en áður og ég held að núna sé rétti tíminn til þess. Það þarf samt sem áður að keyra alls konar trukka til að flytja ljós, ýmiss konar búnað og það er mikið rafmagn

og mikil eyðsla sem á sér stað. En það þarf ekki mikið til að laga ýmislegt,“ segir Telma og spyr:

„Hvað get ég gert í mínu til þess að bæði hvetja til hugarfarsbreytingar og líka, meðan á verkefninu stendur, að bæta engu við þetta ástand og gera það verra?“

Að sögn Telmu er stuttmynd hennar jafnframt ákveðin áskorun til stjórnvalda um að grípa til stærri aðgerða en þau hafa verið að gera, til dæmis með því að setja ekki alla ábyrgð á einstaklinginn, að hennar sögn. „Mér finnst of mikil áhersla lögð á að við – neytendur – eigum að breyta þessu, en það er ekki svo einfalt. Þetta þarf að byrja á stærri skala, að mínu mati, og ég vil leggja mitt af mörkum til þess að koma þeim skilaboðum á framfæri – að gera fólk reitt,“ segir hún.

„Með kvikmyndagerð ættum við að endurnýta meira. Það er endalaust til af notuðum fötum og það á ekki að þurfa að kaupa alltaf allt nýtt eða sauma. Ef við þurfum ekki á einhverju að halda, þá þurfum við ekki á því að halda. Það er allt svo tvístrað. Flestir einstaklingar eru í sínu horni og þá verður vandamálið svo óyfirstíganlegt. Þess vegna held ég að stærri reglugerðir séu frekar svarid frekar en að bíða eftir að allir ákveði að verða sjúklega umhverfisvænir og flottir. Eins mikið og mig langar að trúa því, þá sé ég það ekki alveg gerast.“

„Ég er vita gagnslaus í heimsenda“

Gagnslaus í heimsenda

Á vefsíðunni Green Filmmaking má finna ýmsar leiðir til að stuðla að umhverfisvænni kvikmyndagerð. Vefurinn sérhæfir sig í alls konar ábendingum og lausnum sem snúa að helstu sviðum verkefna, frá forvinnslu til listrænnar hönnunar, matar á tókustað og tæknivinnslu, svo dæmi séu nefnd.

„Eitt af því sem mér finnst vera sniðugt er að kvikmyndir og afþreyingarefni er mikill skóli. Það er mikið ábyrgðarstarf að bera eitthvað á borð fyrir fólk. Við þökkum upp alls konar hluti sem við sjáum í sjónvarpsþáttum og öðru og lærum af því. Og því oftast sem við sjáum það, því eðlilegra

verður það,“ segir Telma og nefnir Free the Nipple-baráttuna sem dæmi.

„Við þurfum bara að sjá brjóst og þá hættir þetta að vera svona mikið mál. Sama held ég að eigi við um fjölnota poka, plastleysi og eldsneyti sem sparar. Ef við þræðum það meira í sögurnar sem við erum að segja og sýnum hvað þetta er eðlilegur og auðveldur hlutur í rauninni, þá vakna einhverjir kannski og sjá hvað það er lítið mál að tileinka sér það.“

Telma segist vera haldin minniháttar heimsendaþráhyggju, sem á að hluta til rætur að rekja til fréttu jafnt sem loftslagsmála. „Ég er vita gagnslaus í heimsenda,“ segir hún. „Ég er

Telma við tókur á Eden.



Peningar eru aðeins uppfinning.



leikkona, ég get ekkert gert þegar allt springur. Þannig að auðvitað vil ég gera allt sem ég get til að fyrirbyggja að allt endi í hörmungum.“

Gagnrýnin nauðsynleg

Leikkonan segir það mikilvægt að almenningur gagnrýni stjórnvöld og hið opinbera. „Auðvitað eigum við að gagnrýna opinberar stofnanir og einstaklinga ef þeir koma fram hatri og skaða fólk,“ segir hún og vísar í heimsókn Mikes Pence, varaforseta Bandaríkjanna, til Íslands á dögnum, en Pence er á meðal þeirra sem vísar umhverfismálum á bug.

„Auðvitað eigum við að gagnrýna það, að það sé einhver uppbygging NATO á Keflavíkurflugvelli og hann að verða einhver vígstöð fyrir Bandaríkjaher. Auðvitað eigum við að gagnrýna það, þegar við státum okkur af því að vera herlaust land. Ef við gagnrýnum ekki svona hluti erum við búin. Fyrir nokkrum árum voru umhverfisverndarsinnar taldir vera hippar og lúðar. Síðan höfðu þeir bara rétt fyrir sér og þeir voru stöðugt að krítísera,“ segir hún.

„Ef ég lifði í fullkomnum heimi þá myndi ég vilja að allir legðu

Nú er það blátt Telma í hlutverki Agú í gamanmyndinni Eden.



niður öll vopn og berðust gegn þessum sameiginlega sjálfskapada fjanda. Ég ólst upp í heimi sem var ævintýri. Mér leið eins og ég gæti gert hvað sem er, ferðast og gert alls konar. En núna þæli ég stundum í því hvernig sé að vera barn í dag. Oft þegar talað er um framtíðina í dag er ekki horft lengra inn í framtíðina en til

ársins 2050.“

Telma nefnir þá Gretu Thunberg frá Svíþjóð, sem vakti heimsathygli fyrir baráttu sína fyrir umhverfismálum, fimmtán ára gömul. Bandaríska tímaritið Times setti hana á lista yfir tuttugu og fimm áhrifamestu ungmenni heims undir tuttugu ára aldri.

„Eins og Greta sagði: „Til hvers

að fara í skóla og læra fyrir framtíð sem ég veit ekki hvort að verði?“

Það er svo oft talað um að við séum að drepa plánetuna, en það er ekki rétt, við erum að drepa okkur sjálf. Plánetan verður hérna og hún var hérna löngu áður en við komum hingað. Hún hefur lifað af loftsteina,“ segir Telma.

„Við fundum upp á alls konar

frábærum hlutum og slæmum hlutum; plasti, peningum, hverju sem er. En við fundum ekki upp á vatninu, súrefninu og jörðinni – þessu þrennu sem við þurfum á að halda til að komast lífs af. Við erum svo upptekin í okkar ímyndada heimi, heimi peningana og veggjanna, að við gleymum því.“ ■



MoReq2



Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra



OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

Brýtur blað í íslenskri kvikmyndasögu

■ Steindi Jr. með „gay vampírumynd“ í pípunum ■ Frumsýnir „vonandi“ í október ■ Tökur ekki hafnar

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Skemmtikrafturinn Steinhólfur Hróar Steinhólfsson, Steindi Jr., vinnur hörðum höndum um þessar mundir að sjónvarpsseríunni Góðir landsmenn. Það sem grínarinn átti þó ekki von á var að annað verkefni bærist honum í hendur á sama tíma; kvikmynd í fullri lengd. Myndin ber heitið Þorsti og lýsir Steindi henni sem „gay vampíru sprautuklámmynd með trúarlegu ívafi“. Áætlað er að frumsýna þessa kvikmynd í næsta mánuði ef allt gengur vel. Kynningarefni fyrir myndina er allt komið í farveg og fór í vinnslu áður en stafur var skrifaður í handritið. En fyrst þarf að ýta á „REC“-takkann.

Verkefnið er unnið í samstarfi við áhugamannaleikhópin X og Hjört Sævar Steinason, sem hefur verið virkur í jáðarleikhússenunni í Reykjavík. Steindi auglýsti nýverið á samfélagsmiðlum eftir leikstjóra til að leikstýra myndinni og gekk leitinn vel að sögn grínarans.

„Ég er búinn að leita að leikstjóra og það er ein stelpa sem heitir Kristín sem vann hjá Fróni, hún hefur mikinn áhuga á þessu. Hún hefur ekki mikla reynslu en hefur allavega séð fjölda hryllingsmynda, þannig að ég held að hún setji svolítið ferskan blá á þetta.“

Steindi segist þó vera þrælvanur að vinna undir álagi og segir ferlið ekki vera neitt nýtt hjá sér, þó svo að yfirvofandi frumsýning sé á tæpasta vaði. „Við fórum til Sambíóanna og þeir gáfu okkur dagsetningu. Það var 25. október og ég veit að það er ógeðslega stutt í þetta. Við erum ekki með „trailer“ og við erum ekki með myndina, enda ekki búinir að ýta almennilega á „REC“ ennþá. Það er allt í gangi og allt á milljón. Þetta er mjög mikið stress. Ég á fyrst og fremst að vera að einbeita mér að sjónvarpsseríu,“ segir hann.



Varningurinn kominn. Næst þarf bara að hefja tökur.

Skuldadagar kvikmyndabransans

Kveikjan að Þorsta kom frá því að búa til verkefni fyrir áhugamannaleikhópinn X og ekki síst Hjört Sævar, sem að sögn Steinda á trúlega ekki langt eftir ólifað. Þorsti kynni að verða hans fyrsta og síðasta mynd.

„Þau í hópnum eru búinir að vera aukaleikarar í meira en tíu ár og örugglega búinir að leika í fleiri myndum samanlagt en allir leikarar á Íslandi. Þau fá

sjaldnast línur og eru hópur af aukaleikurum,“ segir Steindi.

„Þau eru búinir að gera ýmislegt saman og tóku meira að segja upp heila sjónvarpsseríu. Serían heitir Hótel hamingja. Þau fóru með þættina upp á Stöð 2, upp á RÚV, út um allt og fengu alltaf hart nei. Allar dyr eru alltaf lokaðar hjá þessu fólki. Ég ætlaði bara að gera minn viðtalsþátt og þá hitti ég þennan aukaleikara og hann sagði mér frá þessu. Ég fór og talaði við Þórhall Gunnarsson, forstjóra Sýnar og minn yfirmann, og ég spurði hann hvort hópurinn hefði sótt um hjá þeim og það stemmdi allt.

Ég spurði hvort ekki væri hægt að koma þeim fyrir á morgnana, eftir miðnætti eða eftir barna-



Hjörtur Sævar Steinason.

„Það er ein stelpa sem heitir Kristín og vann hjá Fróni, hún hefur mikinn áhuga á þessu.“

tímann. Það gæti hafa verið smá vitleysa í mér að hafa lofað Hirti að ég gæti reddað þessu. Ég ákvað þá að gera með honum og leikhópnum hans heila bíómynd. Mér finnst kvikmyndabransinn á Íslandi hreinlega skulda þessu fólki tækifæri, línur og aðalhlutverk.“

Þá segir Steindi að áhugamannaleikhópurinn sé í fullum undirbúningi núna að æfa textana sína. „Hjörtur á mjög erfitt með að læra texta og leggja hann á minnið. Svo var ég mjög þakklátur fyrir að fá Kristínu þarna inn,“ segir hann.

Lofar „ógeðslega“ miklu blóði

Steindi lýsir Hirti sem æðislegum manni með ótrúlega sögu. „Hann lenti í bílveltu fyrir þónokkuð mörgum árum og eftir það hefur hann átt erfitt með að muna texta. Hann er að glata vondum minningum og líka þessum góðu, enda almennt með slæmt minni,“ segir hann.

„Ég veit að ég á bara að einbeita mér að þessum sjónvarpsþætti, en það er eitthvað í mér sem segir að ég verði að klára þessa mynd fyrir félagi minn. Ég hefði verið til í að hafa hana mikið seinna, en við fengum þessa dagsetningu og þurfum að standa við hana.“

Steindi viðurkennir þó að Þorsti sé ekki kvikmynd sem sé ætluð hverjum sem er, enda „gay-vampírumynd“ og sú fyrsta sinnar

tegundar á Íslandi.

„Þetta er „splatter“-mynd og ég get lofað ógeðslega miklu af blóði. Ég myndi persónulega ekki vilja að amma mín horfði á þessa mynd. Hún verður alltaf bönnuð innan 16, alveg 100 prósent. Það kæmi mér í rauninni ekkert á óvart ef hún yrði bönnuð yfirhöfuð,“ segir Steindi.

Við erum ekki að elta kvikmyndahátíðir með þessari mynd. Þetta á að vera hreinræktað popp-og-kók bíó. Þetta er mynd fyrir fólk sem elskar að horfa á bíó og vera skíthrætt. Ég held að hvert einasta barn á Íslandi verði skíthrætt við Hjört eftir að hafa horft á þessa mynd. Hann er óhugnanlegur fyrir.“

Þá bætir grínarinn við að myndin sé alls ekki dýr, þvert á móti afar ódýr og krefst þá framleiðslan sniðugra lausna við hvert horn. „Ég veit ekki hvort ég eigi að þora að segja töluna en það er alveg pottþétt hægt að kaupa þónokkra bragðarefi í miðstærð fyrir þennan „budget“-pening,“ segir hann og krossleggur fingur fyrir að frumsýning náist í tæka tíð.

„Ég er þannig, að ef ég byrja á einhverju þá verð ég að klára það og ég ætla að klára þessa mynd! Hún kemur í bíó í næsta mánuði, sama hvað og hvernig hún verður, þótt ég þurfi að skjóta endinn á henni á Samsung-símann minn.“ ■



Yfirstígðu ótt- ann og komdu á námskeið hjá Stílvopninu

Stílvopnið er einnar konu fyrirtæki," segir Björg Árnadóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Stílvopnsins, lítills fræðslufyrirtækis sem býður ritlistarnámskeið og ráðgjöf um ritun og útgáfu. Vinsælustu námskeið Stílvopnsins eru í endurminningaskrifum, greinaskrifum og skapandi skrifum en þau síðastnefndu fjalla um að skrifa skáldskap. Björg kennir sjálf öll námskeiðin og veitir ráðgjöfina. Flest námskeiðanna eru opin almenningi en Stílvopnið sérsniður líka námskeið fyrir hópa og vinnustaði.

Stílvopnið veitir skrifandi fólki einstaklingsráðgjöf.

Óttinn við auða blaðið yfirstiginn
„Ég stofnaði Stílvopnið árið 2015 til að gefa út ferðabók sem ég hafði skrifað um Mývatnssveit. Námskeiðin hafa gengið vonum fram og ég er eiginlega komin í stóruþinggerð enda virðist fólk þyrsta í að skrifa. Ég legg

á það áherslu á öllum námskeiðum mínum að hjálpa fólki að yfirstíga þennan alþekktu ótta við að byrja að skrifa en bæti svo smám saman við æfingum sem fjalla um viðfangsefni hvers námskeiðs.“

Björg er enginn nýgræðingur í fræðslustörfum enda hefur hún kennt síðan hún útskrifaðist sem myndlistarkennari árið 1983. „Ég fór að kenna myndlist í Svíþjóð en kynntist þar fljótlega ritlistarkennslu sem höfðaði meira til mín. Ég tel þó myndlistarnámið afar góðan grunn fyrir ritlistarkennara, enda kennir myndlistin okkur að horfa og sjá, sem rithöfundar þurfa svo sannarlega að temja sér. Ég lauk námi í blaðamennsku í Svíþjóð og flutti svo heim árið 1989 og hef skrifað og kennt síðan og nú hefur mér tekist að flétta saman ævistörfin í Stílvopninu.“

Reynslan skiptir mestu máli
„Þegar þú skrifar er það reynsla



þín sem skiptir mestu máli, hvort sem þú ert að rifja upp minningar, færa skoðanir þínar í orð eða nota ímyndunaraflið til að skálda nýjan veruleika. Ég hjálpa fólki að sækja efniviðinn inn á við en legg einnig afar mikla áherslu á hlutverk hópsins sem spegil fyrir skrif einstaklinganna. Galdurinn felst að mínu

mati í því að fólk fær að vera það sjálft en gefst þó tækifæri til að spegla sig í öðrum.“

Nánari upplýsingar á stilvopnid.is og á Facebook-síðunni Stílvopnið ehf.
Þórunnartún 2, 105 Reykjavík
Sími: 899-6917
Netpóstur: bjorg@stilvopnid.is

STÍLVOPNIÐ
VALDEFLING OG SKÖPUN

RITLISTARNÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2019

Endurminningaskrif. Reykjavík 2. – 23. október

Skapandi skrif. Reykjavík 11. – 13. október

Greinaskrif. Reykjavík 18. – 20. október

Kvöldstund fyrir skúffuskáld. Reykjavík 30. október

Bataferð hetjunnar. Reykjavík 1. – 3. nóvember

Endurminningaskrif. Ísafirði 8. – 10. nóvember.

Skapandi skrif – ferð hetjunnar 15. – 17. nóvember

„Ævintýraleg, fróðleg og hvetjandi námskeið.“

Elín Eyfjörð



Björg Árnadóttir,
rithöfundur, blaðamaður
og ritlistarkennari

Hægt er að fá ritlistarnámskeið sérsniðin fyrir hópa og vinnustaði.

Ráðgjöf um ritun og útgáfu

www.stilvopnid.is

YFIRHEYRSLAN

Sigrún Ásta Jörgensen starfar sem stílisti, förðunarfræðingur og búningahönnuður sem hún segir bæði krefjandi og skemmtilega vinnu. Við fengum Sigrúnu Ástu í yfirheyrslu helgarinnar.

Hvar líður þér best?

Heima með fjölskyldu minni. Alltaf nóg af kósí stundum þar, þau eru líka allt mitt.

Hvað óttastu mest?

Að missa einhvern náinn mér.

Hvert er þitt mesta afrek?

Að vinna við það sem ég elska, starfið dregur mig stöðugt lengra út fyrir þægindarammann og fyrir það er ég þakklát. Líka það að ég er andlega og líkamlega hress manneskja, það er ekki sjálfgefið.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Það var með erlendum viðskiptavini og það má segja að ein gellan hafi verið með mikla skapgerðarbresti. Þetta er alveg skrautleg saga, en ég vil helst ekki tala opinberlega um verkefni mín því maður gerir það ekki í þessum bransa.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

Ekki sjá eftir neinu, lífðu lífinu til fulls.

Hvernig væri bjórinn Sigrún Ásta?

Unicornlove. Pale Ale

Besta ráð sem þú hefur fengið?

„Þú getur ekki haldið áfram ef þú ert alltaf með augun í baksýnispeglinum, þá endarðu bara með að klessa á.“
Amma mín gaf mér þetta góða ráð.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Tjaaaaa, líklega að skúra, góð hreyfing en sjúklega leiðinleg. Mér finnst mjög næs að taka til því ég vil alltaf hafa hreint í kringum mig, svo að flest er frekar skemmtilegt nema að skúra, það er það eina sem ég er alltaf að fresta.

Besta bíómynd allra tíma?

Pulp Fiction og Blow, ég dýrka þessar myndir.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Ég væri mikið til í að vera góður leikari, að horfa á góða leikara að gera sitt er magnað.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Ein af þeim stærstu var þegar ég fór ein til Balí og dvaldi þar í þrjár vikur, ég flutti líka ein til Bandaríkjanna þegar ég var sautján ára og bjó þar í tvö ár. Tuttugu og þriggja flutti ég líka ein til Noregs og bjó þar í nokkra mánuði. Þetta var allt áhætta en gaf mér mikinn þroska til baka.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

„Þetta reddast“. Mér finnst þetta vera rosalega íslenskt eitthvað. Mjög pirrandi.

Hvaða geturðu sjaldnast staðist eða ert góð í að réttlæta að veita þér?

Klárlega smjördeigshorn, ég elska smjördeigshorn og gæti borðað smjördeigshorn með öllu!! Ég fékk meira að segja vatn í munninn núna bara við að hugsa um smjördeigshorn.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Það eru nokkur skemmtileg verkefni með flottum og skemmtilegum fyrirtækjum framundan, bæði hérlendis og erlendis. Ég elska vinnuna mína og er snarspennt fyrir næstu mánuðum.



Sigrún Ásta Jörgensen





HVATNINGARVERÐLAUN ÖBÍ

Hver á hrós skilið?

Veist þú um öflugt fyrirtæki, framsækna stofnun, félagasamtök, einstakling eða áhugavert verkefni sem hefur fangað athygli þína eða skarað fram úr í að stuðla að þátttöku, sjálfstæði, jafnrétti eða skapað jákvæða ímynd fyrir fatlað fólk í samfélagi okkar?

**Opið er fyrir tilnefningar
til Hvatningarverðlauna ÖBÍ
til 15. september nk. á www.obi.is**



**Hreppir þín tilnefning hnossið
þetta árið?**

Láttu á það reyna!





Innileg með Aquaman

Stikla úr sjónvarpsþáttaröðinni See var frumsýnd í vikunni, en okkar eigin Hera Hilmarsdóttir fer með eitt af aðalhlutverkunum í seríunni. Í stíklunni má sjá Heru í faðm-lögum við skjáeiginmann sinn, Baba Voss, sem leikinn er af Jason Momoa. Serían gerist í framtíðinni þar sem mannkynið er blint, en Maghra og Baba eignast börn sem sjá. Þau þurfa því að vernda þau fyrir illum öflum. Hera hefur gert það gott í Hollywood síðustu ár og meðal annars leikið í Mortal Engines og An Ordinary Man. Jason er af einhverjum talinn kynþokkafyllsti maður heims, en hann sló rækilega í gegn í Game of Thrones og hefur fest sig í sessi sem ofurhetjan Aquaman.



Áhrifavaldur fjölgar sér

Áhrifavaldurinn Jóhanna Helga Jensdóttir, sem er með tæplega tólf þúsund fylgjendur á Instagram, á von á sínu fyrsta barni með sínum heitelskaða, Geir Ulrich Skaftasyni. Þetta tilkynnir Jóhanna á Instagram, en hún er hvað þekktust fyrir að vera besta vinkona annars áhrifavalds, Sunnevu Einarsdóttur. Hamingjuóskum frá öðrum áhrifavöldum rignir yfir tilvonandi foreldra, til að mynda frá Binna Glee, Guðrúnu Sortveit, Tönju Ýri og Örmu Ýri.



Verður þetta nokkuð áhrifavaldur?

Loki

Hrísmjólk með kanil ei meir

Fyrr skömmu ætlaði blaðakona að gera sér dagamun og grípa sér eina dísæta hrísmjólk með kanil í búðinni. Hana var þó hvergi að finna, aðeins kollega hennar, hrísmjólk með sultu og hrísmjólk með karamellu.-Hlýtur að vera uppseld, hugsaði blaðakona með sér. Blautur hanski raunveruleikans sló blaðakonu í andlitið þegar henni barst svar frá MS um afdrif kanilhrísmjólkurinnar. „Hrísmjólk með kanil var tekin úr sölu vorið 2017 vegna dræmrar sölu.

Ekki eru uppi áform um að koma með hana aftur á þessari stundu.“ Í sárabætur frá MS fengust upplýsingar um mest seldu mjólkurvörur fyrirtækisins, sem blaðakona þáði fegins hendi, enda mætti heimurinn fyrr enda áður en hún legði sér hrísmjólk með sultu til munnis.

„Mjólkursamsalan pakkar 25 milljónum mjólkurferna á hverju ári og er nýmjólk vinsælust. Af ostunum okkar er Góðostur vinsælastur og auðvitað pizzaostur á föstudagspizzuna. Íslendingar eru líka hrifnir af smjöri og rjóma

í matinn sinn en allar þessar vörur eiga það sameiginlegt að raða sér í toppsætin í sölu hjá Mjólkursamsölunni. Af jógúrt og skyr sölu er það hrein AB mjólk sem Íslendingar hella helst í skál eða næstum ein milljón lítra á hverju ári, á eftir því kemur Ísey skyr sem er vinsælasta skyrið

okkar. Þegar horft er á vinsæluustu mjólkurvörurnar hjá Mjólkursamsölunni mætti því segja að hreinar fituríkar mjólkurvörur rati helst í innkaupakörfuna hjá landsmönnum.“ Þar höfum við það. Íslendingar eru hrifnastir af hreinum og fituríkum mjólkurvörum en ekki hrifnir af hrísmjólk með kanilsulli. ■



AVALLT FERSKIR

HLÖLLABÁTAR

SÍÐAN 1986

HÁDEGISTILBOÐ

ALLA DAGA FRÁ 10-14 MEÐ GOSI

KR. 1.690.-

NEMA HLÚNKUR OG BOMBA.

AVALLT FERSKIR